SVEINBJÖRG ZOPHONÍASDÓTTIR

*Nýkomin af ólympíuhátíð í Finnlandi*

• ferðir

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




VERSLUNARMANNAHELGIN

*Fjölbreytt dagskrá um gjörvallt landið*

Sérblað um verslunarmannahelgina

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. júlí 2009 — 178. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**MIÐVIKUDAGUR**

### Gerir loksins sólóplötu



Jóhann G. lætur drauminn loksins rætast og gefur út sólóplötu í haust.

FÓLK 20

### Heilbrigð skemmtun



Kotmót hvítasunnumanna er haldið í sextugasta skipti að Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð.

TÍMAMÓT 17

### Nr.1 - Sjávarútvegur

„Yfirráð yfir fiskinum snýst því með beinum hætti um yfirráð yfir eigin örlögum", skrifar Eiríkur Bergmann.

Í DAG 14

### Fer bara á HM í staðinn



Harpa fótbrotnaði og missir af EM í Finnlandi.

ÍÞRÓTTIR 22

**VEÐRIÐ Í DAG**




**RIGNING EYSTRA** Í dag verða yfirleitt norðaustan 3-10 m/s, stífastur austan Vatnajökuls. Rigning austan til einkum eftir hádegi, stöku skúrir suðvestan til og á Ströndum, annars yfirleitt þurrt. Hiti 10-16 stig.

VEÐUR 4

# Álfyrirtækin gera skuldastöðu þjóðarbúsins verri

**Móðurfélög álfyrirtækjanna hafa fært gríðarlegar skuldir á dótturfélög sín á Íslandi. Það skaðar mjög skuldastöðu landsins og veldur verra mati AGS. Dótturfélög skulda móðurfélögunum 284 milljarða króna.**

**EFNAHAGSMÁL** Móðurfélög álfyrirtækjanna hafa lánað dótturfélögum sínum hér á landi hundruð milljarða. Það hefur gert skuldastöðu þjóðarinnar mun lakari.

Í umsögn Seðlabankans vegna Icesave-samninganna kemur fram að í lok mars nemi eigið fé erlendra aðila í fyrirtækjum hér á landi, eða lán móðurfélaga til dótturfyrirtækja, tæplega 600 milljörðum. Álfyrirtækin eru langstærstu fyrirtækin og eiga stærstan hluta þessarar upphæðar.

Hrein lán frá móðurfélögum til dótturfyrirtækja nema um 284 milljörðum króna. Hinn helmingurinn, um 310 milljarðar, er eigið fé sem móðurfélögin eiga inni hjá dótturfélögunum.

Þessi lánastarfsemi eykur heildarskuldir þjóðarbúsins, en hvatinn að henni er skattalegt umhverfi áliðnaðarins hér, sem er óvenju hagstætt. Skuldir álfélaganna er það sem skilur á milli mats Seðlabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á skuldastöðu þjóðarbúsins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er mat AGS að heildarskuldir Íslands nemi um 240 prósentum af vergri landsframleiðslu (VLF) 2009, en samkvæmt mati sjóðsins frá því í nóvember væri slík skuldastaða ósjálfbær. Seðlabankinn metur þær um 205 prósent. Það sem skilur á milli eru þessar skuldir dótturfélaganna, en þær eru um 40 prósent af VLF. Svein Øygard seðlabankastjóri hefur sagt að bankinn líti svo á að móðurfélögin stæðu á bak við skuldir dótturfélaga álfyrirtækjanna.

Lánin til dótturfélaganna geta borið 8 til 17 prósent vexti. Þar með fer ákveðinn hluti hagnaðar álfyrirtækjanna í vaxtagreiðslur af lánum, sem þýðir að skattstofninn minnkar, þar sem vaxtakostnaður er ekki skattskyldur.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir það vekja athygli hve skuldsett dótturfélögin séu gagnvart móðurfélögunum. „Þetta þarf að skoða nánar, enda er þetta stórt dæmi ef á að teljast með heildarskuldunum. Það hefur bæði áhrif á afkomu fyrirtækjanna og skattgreiðslur." **- kóp**

**NÝ SKOÐANAKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS UM STUÐNING VIÐ RÍKISSTJÓRNINA**




# Minnihluti styður ríkisstjórn

**KÖNNUN** Um 43 prósent þeirra sem afstöðu tóku í skoðanakönnun Fréttablaðsins, sem gerð var í gærkvöldi, sögðust styðja sitjandi ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna. Alls sögðust 57 prósent ekki styðja stjórnina.

Yfirgnæfandi meirihluti stuðningsmanna stjórnarandstöðuflokkanna styður ekki ríkisstjórnina. Aðeins sex prósent kjósenda Sjálfstæðisflokksins styðja ríkisstjórnina, tíundi hver kjósandi Framsóknarflokksins, og tæplega fjórðungur þeirra sem styðja Borgarahreyfinguna.

Stuðningur við ríkisstjórnina var hins vegar afgerandi hjá stuðningsmönnum Samfylkingar og Vinstri grænna. Aðeins fimm prósent stuðningsmanna Vinstri grænna sögðust ekki styðja ríkisstjórnina og átta prósent þeirra sem styðja Samfylkinguna.

Lítill munur var á afstöðu kynjanna, en konur virðast heldur sáttari við stjórnina. Alls sögðust 45 prósent kvenna styðja ríkisstjórnina en 41 prósent karla.

Kjósendur á landsbyggðinni eru heldur neikvæðari í garð ríkisstjórnarinnar en borgarbúar. Tæplega 40 prósent landsbyggðarfólks sögðust styðja stjórnina, en tæp 46 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Hringt var í 800 manns í gærkvöldi. Spurt var; Styður þú núverandi ríkisstjórn? Alls tóku rúmlega 87 prósent afstöðu til spurningarinnar.

Stuðningur við Sjálfstæðisflokkinn fer vaxandi, samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Fylgi við Vinstri græn dalar heldur, en fylgi annarra flokka breytist lítið frá kosningum í lok apríl.

**- bj /** **sjá síðu 4**

Metfjöldi á landsmóti UMFÍ:

## Aldrei séð aðrar eins tölur áður

**FÓLK Skráðir keppendur á unglingalandsmótinu á Sauðárkróki sem haldið verður um helgina eru um 1.500 talsins. Það er langmesti fjöldi sem stefnir á slíkt mót frá upphafi að sögn Ómars Braga Stefánssonar, starfsmanns UMFÍ.**



ÓMAR BRAGI STEFÁNSSON

**„Ég hef ekki séð aðrar eins tölur áður. Í fyrra voru keppendur um eitt þúsund og það þótti gott," segir hann. Varlega áætlað verða um 10.000 manns á svæðinu en Ómar segir nóg pláss á tjaldstæðum. Þarna er leiktækjagarður fyrir börnin og skipulagðar gönguferðir fyrir foreldra, allt ókeypis nema þátttakan í mótinu sjálfu.**

**- gun /** **sjá Verslunarmannahelgin**










## SPURNING DAGSINS



*Sigurjón, eruði óttalegar Kanamellur?*

„Já, í þessu ástandi höfum við látið plata okkur í hórdóm af Einari Bárðarsyni.“

Tvíhöfði, skipaður Sigurjóni Kjartanssyni og Jóni Gnarr, verður á útvarpsstöðinni Kananum í vetur. Kaninn er í eigu Einars Bárðarsonar athafnamanns. „Ástandið“ var það kallað þegar ungar dömur létu ginnast af hermönnum.

Tveir bætast í hóp grunaðra í stórfelldu fjársvika- og blekkingarmáli:

# Tveir teknir við komuna frá Malaga

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn um tvítugt voru handteknir í Leifsstöð eftir hádegi í gær við komuna frá Malaga á Spáni. Þeir eru grunaðir um að tengjast stórfelldum fjársvikum og skjalafalsi gagnvart fyrirtækjaskrá og Íbúðalánasjóði.

Fyrir eru tveir menn, fæddir 1989 og 1990, í haldi vegna málsins. Þeir voru handteknir á miðvikudaginn fyrir viku og úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Þar hafa þeir setið í einangrun. Gæsluvarðhald yfir öðrum þeirra var framlengt um viku í gær, og hefur hann kært þann úrskurð. Varðhald yfir hinum rennur út á morgun.



**LEIFSSTÖÐ** Setið var fyrir mönnunum í Leifsstöð og þeir teknir höndum.

Svik mannanna voru afar úthugsuð og flókin. Þeir tóku yfir stjórn tveggja hlutafélaga með því að falsa tilkynningar um breytingar á stjórnum og breyta prókúruhafa til fyrirtækjaskrár. Upp komst um mennina þegar þeir reyndu að leika sama leik með þriðja félagið.

Í millitíðinni höfðu þeir falsað kaupsamninga að fasteignum félaganna, tekið lán fyrir kaupum á þeim hjá Íbúðalánasjóði og stungið fénu undan. Svikin nema minnst fimmtíu milljónum.

Einar Tryggvason, fulltrúi hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra, staðfestir að mennirnir tveir hafi verið handteknir í gær. Ákveðið verður í dag hvort krafist verði gæsluvarðhalds yfir þeim. Einar útilokar ekki frekari handtökur. **- sh**

Ökuferð endaði illa:

# 15 ára ók fullur á grindverk

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan tók fimmtán ára pilt fyrir ölvunarakstur um helgina. Hann hafði tekið bíl fjölskyldumeðlims í óleyfi og farið á rúntinn ásamt fjórum vinum sínum á svipuðu reki.

Ökuferðinni lauk þegar pilturinn missti stjórn á bílnum á fjölfarinni umferðargötu og ók á grindverk. Meiðsli ökumannsins og farþega hans eru talin minniháttar.

Þegar lögregla tók piltinn tali eftir óhappið kom í ljós að hann var ölvaður og of ungur til að hafa öðlast ökuréttindi. **- sh**

Veitingahúsið Caruso í útrás:

# Spænski staðurinn gengur vel

**FERÐIR** „Það gengur mjög vel,“ segir Þrúður Sjöfn Sigurðardóttir, annar eigenda veitingastaðarins Caruso, um nýtt útibú staðarins í Torrevieja á Spáni sem opnað var í vor.



**ÞRÚÐUR SJÖFN SIGURÐARDÓTTIR**

Þrúður og eiginmaður hennar, José Garcia, reka Caruso og höfðu hugsað um að opna stað á Spáni frá síðasta hausti en margir álitu þau djörf að hugsa um útrás rétt eftir að kreppan skall á hér á Íslandi. „Okkur langaði bara að prófa að opna stað þarna.“

Þrúður segir að ævintýraþráin ráði því að maður frá Hondúras, íslensk kona og veitingastaður á Spáni eigi saman. **- mmf / sjá Allt**

# Margt sérstakt gerðist dagana fyrir hrun

**Fjármálaráðherra segir styrkingu heimilda um frystingu eigna vera í skoðun. Segir hann færslu peninga dagana fyrir hrun jafnvel geta varðað við innherjaupplýsingar. Lögmaður segir lögfræðilegan ógerning að setja almennt ákvæði um frystingu.**

**FJÁRMÁL** Styrking heimilda um frystingu eigna er í skoðun og leita á eftir auknu samstarfi við erlend skattaskjól, segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra spurður um hvað standi til hjá ríkisstjórninni varðandi frystingu eigna.

En er þetta ekki fullseint í rassinn gripið? „Auðvitað má segja það enda vildum við í VG styrkja lagaheimildirnar fyrr í vetur. Hins vegar eru einhvers staðar krónur hvort sem þær eru í skattaskjólum eða geymdar á reikningi í nálægum löndum og að sjálfsögðu munum við reyna að endurheimta allt til þjóðarbúsins sem með réttu á að koma upp í það tjón sem varð,“ segir Steingrímur.

Nýverið var sérstökum saksóknurum fjölgað um þrjá og fjárveitingar auknar. Talið er að fjárveitingar verði á endanum um 500 milljónir til embættisins. Þetta er gert til að stórauka getuna til að rekja þær færslur sem fóru út úr landinu á síðustu dögunum fyrir hrunið, að sögn Steingríms.

„Það er margt sérstakt við þetta og það sem er að koma á daginn eru þessi eignatengsl og hvernig bankar lánuðu eigendum sínum. Einnig hvernig menn færðu peninga á milli í stórum stíl dagana og vikur fyrir hrunið. Það bendir til þess að þeir hafi kannski vitað að þetta var ekki á traustum fótum,“ segir Steingrímur og telur þetta jafnvel varða við lagaákvæðum um innherjaupplýsingar.

Brynjar Níelsson hæstaréttarlögmaður segir ákvæði um frystingu þegar vera inni. Hægt sé að kyrrsetja eigur sakborninga eftir að rökstuddur grunur hefur vaknað um saknæma háttsemi. Í vetur var lagt fram frumvarp þar sem lagt var til að sett yrði almennt ákvæði um frystingu.





**GLITNIR** Mikið hefur verið rætt á undanförnum dögum um endurskoðunarskýrslu þar sem kemur fram að stjórnendur Glitnis hafi flutt hundruð milljóna úr landi rétt fyrir yfirtöku ríkisins á bankanum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**BRYNJAR NÍELSSON**



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

„Það verður alltaf erfitt að skilgreina hvað sé auðmaður og svo var talað í frumvarpinu um að hægt væri að frysta eignir aðila sem væru tengdir þeim. Hvernig ætla menn að fara að því að skilgreina það? Eru það börn, vinir eða makar?“ spyr Brynjar. Segir hann hins vegar sjálfsagt að menn kanni hvort einhverjir hafi misnotað innherjaupplýsingar.

„Ef einhverjir þessara auðmanna fara í þrot þá mun þrotabúið elta allar eignir þeirra hvar sem þær eru. En lögfræðilega er þetta algjör ógerningur,“ segir Brynjar. **vidir@frettabladid.is**



**FYRIR UTAN LÆKNASTOFU MURRAYS** Lögreglan leitaði á læknastofu hans í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rannsókn á dauða Jacksons:

# Svæfingarlyf talið banamein

**BANDARÍKIN, AP** **Lögreglan í Bandaríkjunum segir að læknir Michaels Jackson hafi gefið honum í æð öflugt lyf, propofol, sem venjulega er notað til svæfinga á sjúkrahúsum. Þetta lyf hafi líklega orðið honum að bana.**

**Læknirinn, Conrad Murray, hafði verið einkalæknir Jacksons síðan í maí. Leitað var á læknastofu hans í gær.**

**Talið er að Jackson hafi notað þetta lyf í tvö ár. Verið er að kanna hvaða aðrir læknar hafa gefið honum það.**

**Svo virðist sem lyfið hafi verið gefið honum í æð gegnum slöngu á kvöldin, þegar hann lagðist til svefns, en svo hafi lyfjagjöfin verið stöðvuð á morgnana þegar Jackson hafi viljað vakna.** **- gb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Nokkur innbrot í borginni

Nokkur innbrot voru tilkynnt til höfuðborgarlögreglunnar eftir fyrrinótt. Brotist var inn í verslunina Ranimosk við Laugaveg en engu stolið, að sögn lögreglu. Þá var brotist inn í geymsluskúr hvalaskoðunarfyrirtækisins Eldingar og smáræði af peningum stolið.

### Vara við ólöglegum ferðum

Lögreglan á Hvolsvelli og í Vestmannaeyjum vill vara fólk við því að óprúttnir aðilar muni bjóða upp á ferðir, gegn gjaldi, á milli Landeyjarhafnar í Bakkafjöru og Vestmannaeyja um þjóðhátíðina, þar sem allar ferðir með Herjólfi og í flugi eru að verða uppseldar.

### Unglingsstúlkur stálu bíl

Tvær unglingsstúlkur stálu bíl á höfuðborgarsvæðinu á sunnudagskvöld. Þær náðu að aka nokkurn spöl áður en til þeirra náðist í austurborginni.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Sjö keyrðu fullir um helgina

Sjö ökumenn voru teknir fyrir ölvunarakstur um helgina af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu um síðastliðna helgi. Tveir voru stöðvaðir á laugardag og fimm á sunnudag. Fimm voru teknir í Reykjavík og einn í Kópavogi og Hafnarfirði.







Gunnlaugur Júlíusson hljóp frá Reykjavík til Akureyrar á sex dögum:

# Safnaði 1,3 milljónum í hlaupi

**FÓLK** Gunnlaugur Júlíusson hlaupari safnaði rúmlega 1,3 milljónum til styrktar Grensásdeild á hlaupi sínu frá Reykjavík til Akureyrar á dögunum. Hann afhenti féð í gær og voru það Hollvinasamtök Grensásdeildar og Edda Heiðrún Backman leikkona sem tóku á móti fénu.

Ungmennafélag Íslands skipulagði hlaupið ásamt Gunnlaugi, en með því vildu þau vekja athygli á fjársöfnun Eddu Heiðrúnar fyrir deildina. Verkefnið heitir „Á rás fyrir Grensás“ og var Gunnlaugur fyrstur manna til að hlaupa fyrir átakið. Fleiri munu bætast í hópinn þegar fram líða stundir. **- þeb**



**FÉÐ AFHENT** Gunnlaugur afhenti féð við athöfn í gær. Edda Heiðrún Backman leikkona, Hollvinir Grensásdeildar og Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, tóku á móti fénu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


SPORTBÚÐIN
ódýra veiðibúðin í leiðinni úr bænum
Frábært verð
Ron Thompson alklæðnaður í veiðina.
Góðar neoprenvöðlur og vatnsheldur jakki með útöndun.
Fullt verð 40.990. Sumartilboð aðeins 28.980.
Hefurðu séð betra verð ?
Við höfum ekki séð betra verð á spúnum.
aðeins 299 kr. stykkið.
Ódýru fluguhjólin
Okuma Airframe fluguhjól.
Sterk og létt "large arbour" fluguhjól með góðri diskabremsu. Fáanleg í tveim stærðum.
Fullt verð 7.995. Sumartilboð aðeins 4.895.
Flugulínur á fínu verði
Ron Thomson flotlínur
á ótrúlegu verði.
Aðeins 4.995.
Sportbúðin býður betur
Letingjar, beitubox, flotholt, sökkur, önglar, tökuvarar og allt sem þú þarft í veiðina á góðu verði
Ódýrir veiðijakkar
Ron Thompson vatnsheldur veiðijakki með fjölda vasa.
Líttu á verðið. Aðeins 12.980
Ótrúlegt verð
Flugustangir á frábæru verði.
Aðeins frá 5.995.
Góðar vöðlur á góðu verði
Þunnar Nylo-Stretch vöðlur
með áföstum stígvélum.
Frábært verð. Aðeins 14.995.
Hálfvirði
Okuma og DAM veiðihjól.
50% afsláttur af völdum hjólum.
Gott úrval og frábært verð.
Stál og hnífar
Hnífasettin komin aftur
Áfram sama góða verðið 4.995
SPORTBÚÐIN
Í leiðinni úr bænum
2.995kr
Góð veiðivesti á ótrúlegu verði.
Aðeins 2.995.
Krókháls 5 - 110 Reykjavík - 517 8050 - sportbudin.is

## GENGIÐ 28.07.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,42 | 126,02 |
| Sterlingspund | 207,17 | 208,17 |
| Evra | 178,97 | 179,97 |
| Dönsk króna | 24,036 | 24,176 |
| Norsk króna | 20,396 | 20,516 |
| Sænsk króna | 16,933 | 17,033 |
| Japanskt jen | 1,3235 | 1,3313 |
| SDR | 195,64 | 196,8 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
232,0329

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá borginni hefur aukist gríðarlega á milli ára:

# Helmingi fleiri njóta aðstoðar

**FÉLAGSMÁL** Fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá Reykjavíkurborg hefur aukist um rúmlega 50 prósent fyrstu sex mánuði ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Rúmlega 1.800 manns njóta nú aðstoðar borgarinnar.

„Við höfum tekið saman aukninguna og borið saman tímabilið frá janúar til júní í ár og í fyrra,“ segir Ellý Alda Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri hjá skrifstofu velferðarþjónustu hjá Reykjavíkurborg. „Notendum hefur fjölgað um 50 prósent en það er enn meiri aukning í upphæðum, um 80 prósent. Það er bæði vegna þess að upphæðin hækkaði um áramótin og svo fá fleiri hærra hlutfall í sinn hlut.“ Sveitarfélögum ber að veita einstaklingum og fjölskyldum, sem ekki geta séð sér farborða án aðstoðar, fjárhagsaðstoð til framfærslu. Fjárhagsaðstoð til einstaklings getur verið allt að 115.567 krónur á mánuði og til hjóna eða fólks í sambúð 184.907 krónur á mánuði. „Ef þú ert með einhverjar tekjur færðu svo það sem upp á vantar.“

Ellý segir að aukning hafi orðið jafnt og þétt á beiðnum eftir aðstoð frá því að atvinnuleysi fór að aukast. Hún segir aukninguna langmesta í aðstoð til framfærslu, en á heildina litið sé aukningin minni. Fjölgunin er mest hjá atvinnulausum. **- þeb**



**RÁÐHÚSIÐ** Beiðnum um fjárhagsaðstoð hefur fjölgað hjá borginni frá því að atvinnuleysi fór að aukast. Rúmlega 1.800 manns njóta nú aðstoðar. FRÉTTABLAÐIÐ/

Uppreisn í Norður-Nígeríu:

# Ríflega 200 látnir eftir átök

**NÍGERÍA Alls hafa um 200 látist í átökum milli öryggissveita og múslimskra uppreisnarmanna undanfarna tvo daga í norðurhluta Nígeríu.**

**Sky-fréttastofan hefur eftir nígerísku lögreglunni að um 90 af þeim sem hafa látist séu meðlimir í uppreisnarhópnum Boko Haram Islamic. Alls hafa átta lögreglumenn og fimm aðrir embættismenn látist í átökunum. Átökin áttu sér stað í borginni Maiduguri sem er höfuðborg Borno-héraðsins í norðurhluta Nígeríu þrátt fyrir að útgöngubann hafi ríkt í borginni að undanförnu. - bþa**

Svínaflensa í Englandi:

# Grímurnar uppseldar

**BRETLAND Apótek í Englandi hafa tilkynnt um mikla sölu á vörum eins og grímum, hitamælum og sótthreinsikremum, til viðskiptavina sem hræddir eru við svínaflensuna. Í sumum tilfellum hafa vörurnar selst upp og fást jafnvel ekki aftur fyrr en eftir vikur eða mánuði.**

**Haft er eftir starfsmanni í apóteki í London að fólk sé skelkað og kaupi þess vegna mikið af þessum ákveðnu vörum.**

**Margir hafa smitast af H1N1 vírusnum, eða svínaflensunni, í Bretlandi og einungis eru fleiri tilfelli skráð í Mexíkó og Bandaríkjunum. - mmf**

Fyrrverandi forstjóri Glitnis:

# Flutti háar fjárhæðir úr landi

**VIÐSKIPTI** Bjarni Ármannsson, fyrrverandi forstjóri Glitnis, hafnar því alfarið að hafa haft innherjaupplýsingar úr Glitni þegar hann millifærði háar upphæðir til og frá landinu skömmu fyrir bankahrunið síðasta haust.



**BJARNI ÁRMANNSSON**

Bjarni segir í yfirlýsingu að félag í hans eigu hafi flutt 231 milljón króna frá Íslandi til Noregs 5. september síðastliðinn. Á móti hafi hann flutt til landsins 85,1 milljón króna. Þessar færslur tengist bankahruninu ekki á nokkurn hátt, enda hafi hann hætt hjá Glitni tæplega einu og hálfu ári fyrir bankahrunið. **- bj**

# Naumur meirihluti stjórnarandstöðu

**Sjálfstæðisflokkurinn bætir við sig fylgi frá kosningum í lok apríl samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Litlar breytingar hafa orðið á fylgi annarra flokka. Fylgi við Vinstri græn dalar en Samfylkingin stendur því sem næst í stað.**

**KÖNNUN** Stjórnarandstaðan myndi fá nauman meirihluta yrðu niðurstöður kosninga í samræmi við skoðanakönnun Fréttablaðsins, sem gerð var í gærkvöldi. Stjórnarandstöðuflokkarnir þrír fengju samkvæmt henni 52,2 prósent atkvæða og 32 þingmenn af 63.

Fylgi við Sjálfstæðisflokkinn eykst talsvert frá því kosið var til þings 25. apríl síðastliðinn. Alls sögðust 30,4 prósent aðspurðra myndu kjósa flokkinn ef gengið yrði til kosninga nú. Það er vel yfir kjörfylgi flokksins, sem fékk 23,7 prósenta fylgi í þingkosningum. Miðað við þetta fylgi fengi flokkurinn nítján þingmenn, en er með sextán nú.

Fylgi Samfylkingarinnar er svipað og í kosningunum í vor. Nú segjast 29,0 prósent af þeim sem tóku afstöðu kjósa flokkinn, en hann hlaut 29,8 prósenta fylgi í kosningunum. Þingmönnum flokksins myndi miðað við þetta fækka um einn, verða nítján, en eru tuttugu nú.

Vinstri græn tapa tæplega þremur prósentustigum samkvæmt könnun Fréttablaðsins, og fengju 18,8 prósenta fylgi ef kosið væri nú. Flokkurinn fékk 21,7 prósenta fylgi í kosningunum í vor. Þingmönnum flokksins myndi samkvæmt þessu fækka um tvo, úr fjórtán þingmönnum í tólf.

Fylgi við Framsóknarflokkinn dalar lítillega miðað við niðurstöður kosninga. Alls sögðust 13,5 prósent myndu kjósa flokkinn nú, en hann naut stuðnings 14,8 prósenta kjósenda í þingkosningunum. Þingmönnum flokksins myndi miðað við þessa niðurstöðu fækka um einn, úr níu þingmönnum í átta.

Borgarahreyfingin sækir heldur í sig veðrið í könnun Fréttablaðsins samanborið við niðurstöður kosninga. Flokkurinn fengi um 8,2 prósenta fylgi yrði kosið nú, en fékk 7,2 prósent í þingkosningum í vor. Þingmenn flokksins eru nú fjórir, en yrðu fimm yrðu niðurstöður kosninga í samræmi við niðurstöður könnunarinnar.

Hringt var í 800 manns þriðjudaginn 28. júlí. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var; Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga nú? Alls tóku 63,8 prósent aðspurðra afstöðu til spurningarinnar.

brjann@frettabladid.is

**FYLGI STJÓRNMÁLAFLOKKANNA**




Samkvæmt könnunum Fréttablaðsins frá kosningum 2007 til 28. júlí 2009.

Áfram þrýst á Ísrael:

# Árangur sagður af viðræðunum

**ÍSRAEL, AP** Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, og George Mitchell, sendifulltrúi Bandaríkjaforseta, sögðu báðir viðræður þeirra í gær hafa skilað árangri, án þess þó að vilja útlista nánar í hverju sá árangur er fólginn.



**BENJAMÍN NETANJAHÚ**

Bandaríkjamenn hafa undanfarið lagt hart að ísraelskum stjórnvöldum að stöðva frekari framkvæmdir í byggðum ísraelskra landtökumanna á herteknu svæðunum.

Málið hefur valdið meiri spennu í samskiptum Ísraels og Bandaríkjamanna en sést hefur undanfarna áratugi. **- gb**

Svíþjóð bíður með lán:

# Endurskoðun á undan láni

**EFNAHAGSMÁL Svíar ætla ekki að lána Íslendingum fyrr en stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins samþykkir endurskoðun á efnahagsáætlun Íslands. Þetta kom fram í svari sænskra stjórnvalda við fyrirspurn fréttastofu Stöðvar 2.**

**Í svari frá sendiráði Svíþjóðar kemur einnig fram að gert sé ráð fyrir því að Íslendingar virði alþjóðlegar skuldbindingar sínar, meðal annars vegna innstæðutrygginga. - bþa**

**HEILBRIGÐISMÁL**

## Forstjóra veitt leyfi

Forstjóra Landspítalans, Huldu Gunnlaugsdóttur, hefur verið veitt leyfi frá störfum til eins árs frá 1. október 2009. Björn Zoëga mun gegna stöðu hennar á meðan.






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**SUÐURLANDIÐ BEST UM HELGINA**

Þegar horft er heildrænt yfir næstu helgi, sjálfa verslunarmannahelgina, fer ekki milli mála að veðurhorfurnar eru bestar fyrir Suður- og Suðvesturland. Horfur eru á hægviðri, björtu veðri með köflum og yfirleitt milt. Nyrðra verður skýjaðra en þó tveggja stafa hitatölur. Þar má búast við eindreginni rigningu á sunnudeginum, einkum norðaustan og austan til.




**Á MORGUN** 3-8 m/s

**FÖSTUDAGUR** 3-8 m/s en heldur stífari á annesjum vestan til

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Amsterdam | 23° |
| Basel | 24° |
| Berlín | 24° |
| Billund | 21° |
| Eindhoven | 23° |
| Frankfurt | 26° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 24° |
| Las Palmas | 30° |
| London | 22° |
| New York | 30° |
| Orlando | 33° |
| Osló | 23° |
| París | 26° |
| Róm | 34° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.




# ÁTTU VON Á GESTUM?

Í Rekkjunni er að finna eitt mesta úrval landsins af svefnsófum í einum stærsta og glæsilegasta svefnsófasýningarsal landsins. Allt frá einföldustu og ódýrustu svefnsófum upp í hágæða svefnsófa sem veita þér og þínum endurnærandi svefn.




**SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!**

ARGH! 080609-1

**rekkjan**

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú keyrt undir áhrifum áfengis?*

| | |
|---|---|
| Já | 53% |
| Nei | 47% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú í ferðalag um verslunarmannahelgina?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Vísir

Forseti Kína tjáir sig í fyrsta sinn opinberlega um átökin í Xinjang-héraði:

# Hvetur fólk til að vera til friðs

**KÍNA, AP** Hu Jintao, forseti Kína, tjáði sig í gær í fyrsta sinn opinberlega um átökin í Xinjang-héraði í Kína, þar sem Úígúrum lenti saman við Han-Kínverja.

„Fólk af öllu þjóðerni á að bera virðingu hvað fyrir öðru,“ sagði forsetinn á ferðalagi sínu um Yunnan-hérað í gær. „Leyfum blómi þjóðerniseiningar að blómstra skært og fagurlega.“

Ekki vék hann reyndar beint að átökunum í Xinjiang með þessum skáldlegu orðum, en ekki fór á milli mála hvað hann átti við.

Kínversk yfirvöld hafa viðurkennt að nærri 200 manns hafi látist og meira en 1.700 slasast í átökunum, sem eru þau verstu í Kína svo áratugum skiptir.



**Á JARÐSKJÁLFTASLÓÐUM** Hu Jintao, forseti Kína, leggur áherslu á að gefa þá ímynd af sér að hann láti sér annt um þjóð sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnvöld segja flesta hinna látnu vera Han-Kínverja, en Úígúrar segjast sannfærðir um að miklu fleiri úr þeirra hópi hafi látið lífið vegna harkalegra aðgerða hers og lögreglu í framhaldi af átökunum.

Síðan átökin hófust fyrir meira en þremur vikum hefur að mestu verið síma- og netsambandslaust, en takmarkað samband komst á sums staðar í héraðinu nú í vikunni.

Úígúrar, íslömsk þjóð af tyrkneskum uppruna, hafa öldum saman búið í héraðinu en síðan það var innlimað í Kína árið 1949 hafa Kínverjar streymt þangað og eru nú álíka margir og Úígúrar. - gb

Siðfræðingar tala við ritstjóra:

# Skoða hlutverk fjölmiðlanna

**EFNAHAGSMÁL Vinnuhópur á vegum rannsóknarnefndar sem fjallar um siðferðismál í aðdraganda hrunsins hefur boðað ritstjóra íslensku dagblaðanna á sinn fund til að ræða umfjöllun fjölmiðla í aðdraganda hrunsins.**

**„Við erum að skoða aðdraganda hrunsins í stærra samhengi og velta fyrir okkur hlutverki fjölmiðla í lýðræðissamfélagi,“ segir Vilhjálmur Árnason, formaður hópsins.**

**Þegar hefur verið rætt við einhverja ritstjóra, en aðrir eru enn eftir, segir Vilhjálmur. Að auki hefur hópurinn rætt við fréttastjóra Ríkissjónvarpsins. - bj**



**UPPVAKNINGUR Í EFTIRFÖR** Eflaust hefur gerð uppvakningsins á þessari mynd kostað meira en sú fjárhæð sem var notuð til gerðar á kvikmyndinni Colin sem nú er sýnd í breskum kvikmyndahúsum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Er á leið í kvikmyndahús:

# Kvikmyndin kostaði 70 dali í framleiðslu

**BRETLAND** Ný kvikmynd sem einungis kostaði 70 dali, eða um átta þúsund krónur, í framleiðslu er á leið í kvikmyndahús í Bretlandi. Kvikmyndin, sem ber heitið Colin, fjallar um uppvakninga.

Leikstjóri myndarinnar, hinn þrítugi Marc Price, segir að kostnaðurinn hafi verið fólginn í kaupum á kaffi, tei og nokkrum spólum. Price notfærði sér samskiptasíðuna Facebook til að auglýsa eftir leikurum í myndina sem voru tilbúnir að gefa vinnu sína. Alls tók gerð myndarinnar átján mánuði og starfaði Price á tímanum sem leigubílstjóri. - bþa

# Gæslan í loftrýmiseftirlitið

**Utanríkisráðherra segir að Varnarmálastofnun verði lögð niður í núverandi mynd á næsta ári. Hann vill sameina hluta hennar Landhelgisgæslunni. Ríkisendurskoðun rannsakar innkaup stofnunarinnar.**

**UTANRÍKISMÁL** „Það er ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja Varnarmálastofnun niður í núverandi mynd og gert er ráð fyrir því að sú ákvörðun komi til fullnustu á næsta ári,“ segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar, sagði í Fréttablaðinu í gær að stofnunin ætti að hætta um áramót og hann vildi leggja loftrýmisgæsluna niður.

Össur segist engar athugasemdir gera við skoðanir Árna Þórs og hann hafi fullt frelsi til að viðra þær. „Varðandi skoðanir hans á loftrýmisgæslu þá hefur engin ákvörðun verið tekin um það í ríkisstjórn að hætta við hana. Menn hafa einkum haft horn í síðu hennar vegna kostnaðar, en okkur hefur tekist að ná honum niður.“



**ELLISIF TINNA VÍÐISDÓTTIR**

Ráðherra vísar í Stoltenberg-skýrsluna, þar sem lagðar eru fram hugmyndir um að Norðurlöndin sjái í sameiningu um loftrýmisgæsluna. Hann sjái fyrir sér að gerð verði tilraun með það. Þangað til það verði að veruleika hafi hann verið fylgjandi því að verulegir þættir í starfsemi Varnarmálastofnunar verði sameinaðir Landhelgisgæslunni. Össur segir að ekki sé komin dagsetning á það hvenær stofnunin verður lögð niður, en það verði á næsta ári.

Ellisif Tinna Víðisdóttir, forstjóri Varnarmálastofnunar, sagði í viðtali við RÚV í gærmorgun að ekki teldi ekki koma til greina að hætta loftrýmisgæslunni, hún tilheyrði því að vera í Nató. Þá furðaði hún sig á ummælum Árna Þórs um að leggja ætti stofnunina niður. Þegar Fréttablaðið náði tali af Ellisif síðdegis sagði hún að hún tjáði sig ekki um málið. Varnarmálastofnun heyrir undir utanríkisráðuneytið.

Þegar ummæli Ellisifjar voru borin undir Össur sagði hann: „Mér finnst það óviðeigandi að embættismenn lýsi furðu sinni á skoðunum stjórnmálamanna, hvar í flokki sem þeir standa.“



**FRANSKIR HERMENN Í KEFLAVÍK** Utanríkisráðherra segir að stefna ríkisstjórnarinnar sé að Varnarmálastofnun verði lögð niður í núverandi mynd á næsta ári. Hvort loftrýmisgæslu verði sinnt áfram sé ekki búið að ákveða. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

> Mér finnst það óviðeigandi að embættismenn lýsi furðu sinni á skoðunum stjórnmálamanna, hvar í flokki sem þeir standa.
>
> **ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** UTANRÍKISRÁÐHERRA



Spurður hvort hann hefði komið þeirri skoðun sinni á framfæri við Ellisif sagði hann: „No comment.“

Ríkisendurskoðun hefur tekið til rannsóknar kaup Varnarmálastofnunar á tæki og búnaði fyrir um 40 milljónir, án útboðs. Ellisif segist fagna því að málið sé til rannsóknar. Samkvæmt lögum séu þessi kaup undanþegin útboðsskyldu. „Við erum mjög ánægð með þessa úttekt og höfum unnið allt eftir bókinni.“

Össur vildi ekki tjá sig um rannsóknina.

kolbeinn@frettabladid.is

FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

GLÆNÝ LÚÐA

VILLTUR LAX

STÓR HUMAR

opið mán-fös 10-18:15 og lau 11-14:00

Auglýsingasími

512 50 50

– Mest lesið

Forstjóri HS Orku ætlar að vinna með leyfisveitendum:

# Framkvæmdir enn á dagskrá í haust

**UMHVERFISMÁL** „Við áttum ekki von á öðru en að þessi skýrsla yrði neikvæð,“ segir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Orku, um skýrslu Skipulagsstofnunar vegna fyrirhugaðrar stækkunar Reykjanesvirkjunar, sem er í eigu HS Orku, sem Fréttablaðið greindi frá á mánudag.

Í skýrslunni er sagt að samlegðaráhrif þeirrar virkjunar sem er fyrir og fyrirhugaðrar stækkunar gætu haft neikvæð áhrif á gróður, landslag og hraun. Júlíus segir HS Orku ætla að vinna úr þessu. Enn sé á áætlun að hefja framkvæmdir í haust.

Skipulagsstofnun leggur til í skýrslunni, að ef leyfi fáist frá Orkustofnun um stækkun virkjunarinnar, þurfi að setja skilyrði um að séð verði um vöktun á áhrifum á kríu, gróður og lífríki sjávar.

„Við komum til með að vinna með leyfisveitendum og við munum hefja viðræður við Orkustofnun á næstunni,“ segir Júlíus spurður um hvort fylgt verði fyrirmælum um vöktun.



**JÚLÍUS JÓNSSON**

Reykjanesvirkjun hefur haft neikvæð áhrif á ferðaþjónustuna á Suðurnesjum, samkvæmt skýrslunni, til dæmis vegna lokunar hverasvæða. Hægt væri að laga þetta með því að opna hverasvæðin aftur. En kemur til greina að HS Orka geri það?

„Það þarf að gera þetta nýjan veg til að hægt sé að opna en það má ekkert gera nema fá leyfi frá skipulagsyfirvöldum,“ segir Júlíus. - vsp

Steingrímur J. Sigfússon:

# Orð Jóns koma ekki á óvart

**STJÓRNMÁL „Það kemur mér ekkert á óvart að það sé sjónarmið hans að það sé ekki brýnt mál að fara í þessar viðræður,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra og formaður VG eftir ríkisstjórnarfund í gær, um ummæli Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, um að fresta skuli aðildarviðræðum að ESB.**

**„Jón hefur sagt það skýrt að hann mun sem ráðherra vinna af fagmennsku og gæta hagsmuna sinna málaflokka,“ segir Steingrímur og segir þessi ummæli engu breyta, Jón muni rækja sínar embættisskyldur af samviskusemi. - vsp**

**BANDARÍKIN**

### Grunaðir um hryðjuverk

Sjö Bandaríkjamenn hafa verið handteknir í Norður-Karólínuríki grunaðir um undirbúning að hryðjuverkum. Þeir hafa verið ákærðir fyrir samsæri um ýmiss konar árásir erlendis og stuðning við hryðjuverkamenn.


Brostu í svefni
IQ-CARE
HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi
Gerið samanburð
Stillanleg rúm
Nýjar heilsudýnur
Heilsukoddar
Hlífðardýnur og lök
Sængurverasett
Teppasett
Höfuðgaflar
Náttborð
Svefnsófar
20-50% afsláttur af völdum vörum
S-CAPE
WALLHUGGER
Sá nýjasti og besti frá Leggett
PROFLEX
Mest selda stillanlega rúmið hjá Svefn & heilsu
Óseyri 2
AKUREYRI
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal
REYKJAVÍK
6 mán. vaxtalausar greiðslur
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvaða tveir góðkunnir útvarps- og sjónvarpsmenn hafa ráðið sig til starfa hjá útvarpsstöðinni Kaninn?
2. Eftir hvern er bókin Aftur til kreppuhagfræði sem nýlega var gefin út á íslensku?
3. Í hvaða landi Evrópusambandsins er mest atvinnuleysi?

SVÖR ERU Á SÍÐU 26

Álagður fjármagnstekjuskattur dróst saman þrátt fyrir fjölgun greiðenda:

# Álagning tekjuskatts hækkar

**EFNAHAGSMÁL** Alls nemur álagning tekjuskatts og útsvars 221,3 milljörðum króna árið 2008 og hækkar um 3,6 prósent á milli ára. Heildarfjöldi framteljanda jókst um eitt prósent sem er mun minni fjölgun en undanfarin ár. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá fjármálaráðuneytinu.

Álagður fjármagnstekjuskattur dróst saman um tuttugu prósent á milli ára þrátt fyrir að þeir sem greiða fjármagnstekjuskatt séu nær tvöfalt fleiri. Samkvæmt tilkynningu ráðuneytisins segir að helsta ástæða fjölgunarinnar sé sú að fjármálastofnunum sé gert skylt að senda upplýsingar óumbeðið til skattyfirvalda.



**SKATTTEKJUR RÍKISINS AUKAST** Í ár er í fyrsta skipti innheimt útvarpsgjald að upphæð 17.200 krónum á hvern framteljanda. Gjaldið skilar um 3,2 milljörðum í ríkiskassann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mikill samdráttur hefur orðið í greiðslu fjármagnstekna vegna sölu á hlutabréfum. Tekjur námu 58 prósent af öllum fjármagnstekjum árið 2007 en eru nú tólf prósent. Mesta breytingin á framtöldum tekjum er af innstæðum í bönkum en þær eru nú 39 prósent af fjármagnstekjum en voru tíu prósent. Útsvar til sveitarfélaga nam alls 108,7 milljörðum króna og hækkar um 6,7 prósent frá fyrra ári.

Í ár verður innheimt í fyrsta skipti útvarpsgjald sem nemur 17.200 krónum á hvern einstakling. Tekjur ríkisins af gjaldinu nema 3,2 milljörðum króna og er gjaldið lagt á 187.000 einstaklinga á aldrinum 16 til 69 ára. - bþa

Gjalddagar nefskatts þrír:

## Um níu milljónum dýrara

**STJÓRNSÝSLA Gjalddagar nefskatts Ríkisútvarpsins, sem er 17.200 krónur, verða nú þrír í stað eins. Verða þeir 1. ágúst, 1. október og 1. nóvember. Gjalddagi lögaðila verður aðeins einn, 1. nóvember. Þetta var samþykkt sem lög frá Alþingi á föstudag.**

**Upphaflegi gjalddaginn átti að vera 1. ágúst næstkomandi. Fjölgun gjalddaga var gert „í ljósi breyttra efnahagsaðstæðna og í þágu greiðenda gjaldsins“, eins og segir í athugasemdum við frumvarpið. Áætlað er að útgjöld ríkissjóðs gætu aukist um níu milljónir króna vegna aukins kostnaðar við innheimtu.** - vsp

Ríkisskattstjóri:

## Álagningarseðlar birtir í dag

**STJÓRNSÝSLA Álagningarseðlar verða aðgengilegir á vefnum skattur.is frá klukkan fjögur í dag.**

**Álagningarseðlarnir verða svo bornir út á morgun til þeirra sem ekki afþökkuðu það. Með örfáum undantekningum verða inneignir lagðar inn á bankareikninga, eða greiddar út með ávísunum, á föstudag. Til að nálgast álagningarseðil þarf að hafa kennitölu og veflykil. Óska má eftir veflykli á skattur.is.** - þeb

Nefndin féllst á Sotomayor:

## Málið fer nú til öldungadeildar

**BANDARÍKIN, AP** Dómsmálanefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings samþykkti í gær tilnefningu Baracks Obama forseta á Soniu Sotomayor í Hæstarétt Bandaríkjanna.



LINDSEY GRAHAM

Þar með fer málið til afgreiðslu í öldungadeild þingsins, sem þarf að staðfesta tilnefninguna áður en Sotomayor getur tekið við embætti hæstaréttardómara.

Dómsmálanefndin var klofin í afstöðu sinni. Sex af sjö repúblikönum greiddu atkvæði gegn henni á móti þrettán demókrötum.

Sotomayor verður fyrsta konan af rómönskum uppruna sem tekur sæti í æðsta dómstól Bandaríkjanna. - gb

**SUÐURLAND**

### Mikil aðsókn í líkamsrækt

Yfir hundrað manns keyptu sér árskort í líkamsrækt daginn sem líkamsræktarstöð var opnuð á Hellu í síðustu viku. Enn fleiri hafa svo keypt kort síðan þá. Um 700 íbúar eru á Hellu.

# Lán frá AGS dregst líklega til loka ágúst

**Fjármálaráðherra segir Icesave aðalhindrunina fyrir því að fyrirgreiðsla fáist frá AGS á mánudag. Ef ekki tekst að afgreiða mál Íslands þá frestast afgreiðslan til loka ágúst. Þingmaður segir frestunina bagalega fyrir orðspor landsins.**

**PENINGAMÁL** Líklegast er að fyrirgreiðsla frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) frestist fram til loka ágúst. Taka á málefni Íslands fyrir hjá AGS næsta mánudag, 3. ágúst. Stjórnarliðar segja ástæðu frestunarinnar vera að ekki hafi náðst að klára Icesave-málið, sem ekki verður rætt fyrr en í fyrsta lagi 4. ágúst. Aðrar heimildir Fréttablaðsins herma að ástæðan sé líklega sú að ekki sé búið að ljúka endurfjármögnun bankanna, sem ljúka átti í febrúar. Eftir fund AGS 3. ágúst fer sjóðurinn í hlé til ágústloka.

En setur AGS það skilyrði að Icesave-málinu verði lokið? „Það liggur í loftinu að Icesave er aðalhindrunin í veginum og þá verða menn bara að horfast í augu við það,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

Samkomulag náðist milli Íslands og AGS í nóvember um 2,1 milljarðs dollara lán til Íslands, sem er um 265 milljarðar króna. Fyrsti hluti lánsins var greiddur út í nóvember og átti afgangurinn að greiðast í átta afborgunum á þriggja mánaða fresti. Engar greiðslur hafa borist frá því í nóvember en fyrirgreiðslur, sem og endurskoðun áætlunar AGS og Íslands, áttu að vera í febrúar og maí en hefur verið frestað tvisvar.

„Eins og stendur þá vonum við enn að fyrirgreiðslan geti átt sér stað. Eitt er hins vegar víst að allt er klárt af hálfu íslenskra stjórnvalda og það höfum við fengið staðfest hjá AGS. Það er þá eitthvað annað en það sem snertir íslensk stjórnvöld sem kæmi í veg fyrir málið,“ segir Steingrímur. Drátturinn sem yrði ef ekki væri hægt að ljúka þessu á mánudag er bagalegur, að mati Steingríms því AGS fari í frí til loka ágúst.



**SENDINEFND AGS** Heildarlánveiting AGS til Íslands nemur 2,1 milljarðs dollara. Í nóvember voru greiddar 827 milljónir dala og átti afgangurinn að greiðast í átta jöfnum greiðslum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON



TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON

Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar, segir nefndina vinna að Icesave-samningunum óháð samvinnu við AGS.

„Við gerðum okkur grein fyrir að 3. ágúst væri umsagnardagur en ákváðum að taka okkur þann tíma sem við þurfum í þetta,“ segir Guðbjartur.

Tryggvi Þór Herbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og fulltrúi í efnahags- og skattanefnd, segir það skipta litlu hvað peninga varðar ef áætluninni seinkar. Þeir peningar myndu ekki kippa öllu í liðinn. „Þetta er hins vegar bagalegt upp á orðspor og annað slíkt að þetta dragist í sífellu,“ segir Tryggvi.

Ekki náðist í Franek Rozwadowski, fulltrúa AGS á Íslandi, við vinnslu fréttarinnar í gær.

vidir@frettabladid.is

Forseti FIFA í Hvíta húsinu:

## Obama vill HM vestur um haf

**BANDARÍKIN** Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, fundaði í gær með Sepp Blatter, forseta Alþjóðaknattspyrnusambandsins (FIFA), í Hvíta húsinu í Washington. Á fundinum hvatti Obama Blatter til að beita sér fyrir því að heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu (HM) árið 2018 verði haldin í Bandaríkjunum.



BARACK OBAMA

Blatter færði Obama tvo fótbolta sem notaðir voru nýverið í Álfukeppninni svokölluðu. Að fundinum loknum sagði Obama að dætur hans yrðu eflaust ánægðar með boltana, en þær æfa báðar knattspyrnu. Blatter sagði að Obama hefði haldið öðrum boltanum þrisvar sinnum á lofti og svo skallað hann til sín.

Ellefu lönd hafa lýst yfir áhuga á að halda HM 2018. - kg

Ekki nafnlausar ábendingar:

## Fiskistofa fari aðrar leiðir

**PERSÓNUVERND Fiskistofa ætti ekki að hvetja til þess á heimasíðu stofnunarinnar að almenningur sendi nafnlausar ábendingar um meint brot á reglum. Þetta er niðurstaða Persónuverndar vegna fyrirspurnar Fiskistofu.**

**Á vefsíðum Fjármálaeftirlitsins, Samkeppnisstofnunar og skattrannsóknarstjóra ríkisins er almenningur hvattur til að senda ábendingar um meint lögbrot, undir nafni eða nafnlaust.**

**Fiskistofa íhugaði að fara sömu leið, en Persónuvernd segir að slíkt eigi að heyra til algerra undantekninga. Stofnunin ætti að notast við aðrar aðferðir.** - bj


**Travel John ferðaklósett leysa málið**

Fyrirferðalítil, létt, einföld og hreinleg í notkun. Engin kemísk efni, engin þrif, aðeins tvöfaldur poki með efni sem gerir vökva að geli og eyðir lykt. Pokanum er lokað eftir noktun, einfaldara verður það varla. Pokana má nota í venjuleg ferðaklósett til að losna við að þrífa þau.



Travel John pokar fyrir þvag eða uppköst gelgera vökvann og eyða lykt. Verð 3 stk. í pakka kr. 960,- Klósettpokar 3 stk. í pakka kr. 990,- Travel John pokarnir fást í **Lyfju, Lyf og heilsu** og **Fjarðakaupum**.

Klósettstóll kr. 4.900,-. Tilboð ásamt 4 pökkum af pokum kr. 7.500,- fæst hjá Donnu, Háahvammi 16, Hafnarfirði. Póstsendum. Donna sími **555 3100** donna@donna.is. Nánari upplýsingar www.donna.is

TravelJohn


Samkynhneigðir Íslendingar byrja vel á Outgames í Kaupmannahöfn:

# Fjögur gull fyrstu tvo dagana

**ÍÞRÓTTIR** „Ef ég á að segja alveg eins og er þá bjuggumst við allt eins við svona góðum árangri, því íslensku keppendurnir eru mjög sterkir,“ segir Jón Þór Þorleifsson, stjórnarmaður í Íþróttafélaginu Styrmi, sem þessa dagana tekur þátt í Outgames-leikunum í Kaupmannahöfn. Fyrstu tveir keppnisdagar mótsins hafa skilað félögum Styrmis fernum gullverðlaunum og einum silfurverðlaunum í sundi, auk þess sem knattspyrnulið félagsins er komið upp úr riðli sínum í mótinu. Outgames-leikarnir hafa verið nefndir Ólympíuleikar samkynhneigðs íþróttafólks. Í ár taka yfir 5.500 fulltrúar frá 95 löndum þátt í mótinu.

Að sögn Jóns Þórs ríkir góð stemning meðal íslensku keppendanna. „Opnunarhátíðin á laugardaginn, þar sem allir keppendurnir gengu eftir sýningarpalli, var rosaleg. Þá kom sér vel að hafa fylgst með sjónvarpsþáttunum „America's Next Top Model,“ þar sem slík list er kennd í þaula. Einnig kemur áhugi keppendanna á þáttunum „How to Look Good Naked“ sér vel, því við erum svo fáklædd hérna í lauginni,“ segir Jón Þór, sem keppir fyrir sundlið Styrmis.

Leikarnir standa fram á laugardag. „Þeim lýkur með því að haldið verður upp á Gay Pride-daginn í Danmörku. Þeir voru að monta sig af því að það kæmu líklega 15.000 manns á hátíðina. Við hlógum nú bara að því, enda von því að um 60.000 manns sæki hátíðina á Íslandi,“ segir Jón Þór Þorleifsson. - kg



**ÁRANGUR** Þau Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, sem hlaut gullverðlaun í 200 metra bringu-, skrið- og fjórsundi, og Jón Örvar Gestsson, sem vann til silfurverðlauna í 200 metra bringusundi, voru ánægð með árangurinn. MYND/JÓN ÞÓR ÞORLEIFSSON



# TAX FREE!

22. júlí - 8. ágúst

# AF ÚTILEGUVÖRUM

**LEIKFÖNG - TJÖLD - SVEFNPOKAR - VINDSÆNGUR**
**GRILLÁHÖLD - TJALDSTÓLAR**

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs



## GOTT VERÐ UM LAND ALLT!

Ísafjörður
Akureyri
Dalvík
Húsavík
Egilsstaðir
Reyðarfjörður
Höfn í Hornafirði
Vestmannaeyjar
Hvolsvöllur
Hafnarfjörður
Reykjanesbær
Selfoss
Akranes
Borgarnes
Skútuvogur
Grafarholt







Regnslá á tilboði
**999**

Flíspeysur á tilboði
**3.999**
Mikið úrval

Vindsett á tilboði
**3.999**
Nokkrir litir

Einnota grill
**299**



Farangursbox
**39.990**
350ltr



HÚSASMIÐJAN x blómaval

Frábær saman

**ATH!**
**Úrval getur verið mismunandi milli verslana**

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.



**HENDUR Í HÆTTU** Baráttufólk fyrir réttindum barna lýstu megnri óánægju sinni á því sem þarna fer fram, þótt skólayfirvöld og foreldrar í bænum Villupuram á Indlandi hafi skipulagt þessa „sýningu hugrekkis“, þar sem ekið er á mótorhjóli yfir hendur barna. NORDICPHOTOS/AFP

Á-listinn á Álftanesi er orðinn þrískiptur og erfitt er að mynda meirihluta:

# Bæjarstjórinn er umboðslaus

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Málin hafa orðið enn snúnari á Álftanesi eftir að Margrét Jónsdóttir, bæjarstjóri Á-lista, sagði sig úr Á-listanum í gær þar sem hún taldi forsendur fyrir áframhaldandi samstarfi brostnar. Hafi hún lengi deilt á vinnubrögð Sigurðar Magnússonar, bæjarstjóra fyrir Á-lista.

Fréttablaðið sagði frá því í gær að viðræður væru milli þriggja bæjarfulltrúa D-lista og jafnmargra frá Á-lista um myndun nýs meirihluta. Það myndi skilja einn mann, Kristján Sveinbjörnsson, sem var bæjarfulltrúi fyrir Á-lista, eftir í minnihluta. Nú er svo komið á daginn að Á-listinn er þrískiptur. D-listinn hefur því í hendi sér að mynda meirihlutasamstarf þar sem Á-listinn þver-



**GUÐMUNDUR G. GUNNARSSON** Bæjarstjórinn segir að staða mála sé óviðunandi.

tekur fyrir samstarf við Kristján og Margrét gerir slíkt hið sama.

„Við erum að reyna að þreifa fyrir okkur í þessum málum. Þessi staða er auðvitað óviðunandi þar sem bæjarstjórinn er umboðslaus. Íbúanna vegna má þetta ekki vera í einhverju limbói,“ segir Guðmundur G. Gunnarsson, oddviti D-lista í bæjarstjórn Álftaness.

Hann segir D-lista hafa rætt við Margréti um hugsanlegt samstarf en það muni allt ráðast á næstu dögum. Gunnar vill halda bæjarstjórnarfund í dag til að koma umboðslausum bæjarstjóranum frá. - vsp

Greiðslur til lífeyrisþega:

## Ofgreiddu 4,1 milljarð

**SAMFÉLAGSMÁL Alls var 4,1 milljarður greiddur til lífeyrisþega umfram rétt viðkomandi til greiðslna árið 2008. Þeir sem fengu ofgreitt verða krafðir um endurgreiðslu. Þetta kemur fram á vef Tryggingastofnunar.**

**Um 700 milljónir króna voru vangreiddar og eiga um 9.000 lífeyrisþegar inneign hjá Tryggingastofnun, sem greidd verður út á næstu dögum. Heildarfjöldi lífeyrisþega er tæplega 46 þúsund, þar af eru um 16 þúsund örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar og 30 þúsund ellilífeyrisþegar.** - bþa

Ölvaður ökumaður:

## Kenndi svínaflensunni um

**NÝJA-SJÁLAND, AP** Dómstóll á Nýja-Sjálandi taldi ekki ástæðu til að taka mark á málsvörn konu, sem var handtekin fyrir ölvun við akstur nýverið.

Hún sagðist hafa verið að ná sér af svínaflensu þegar lögreglan hafði afskipti af akstri hennar. Hún viðurkenndi að hafa drukkið þrjú glös af víni, en sagði þau hafa haft meiri áhrif á sig vegna svínaflensunnar en efni stæðu annars til.

Dómarinn tók ekki mark á þessu og dæmdi henni 360 dala sekt og hálfs árs sviptingu ökuleyfis. - gb

Hugsanlegur framleiðslugalli:

## Ora-kjötbollur innkallaðar

**MATVÆLI Ora ákvað í gær að innkalla kjötbollur í brúnni sósu í 850 gramma dósum í varúðarskyni vegna hugsanlegs framleiðslugalla. Þetta kemur fram í tilkynningu frá fyrirtækinu.**

**Í tilkynningunni eru þeir sem hafa í fórum sínum stærri dósina af Ora-kjötbollum í brúnni sósu beðnir um að skila henni til næstu verslunar við fyrsta tækifæri.** - kg

# Dregið úr frumkvæðisvinnu

**Sífellt færri brot sem krefjast frumkvæðis eru skráð í bækur lögreglu. Minni áhersla er lögð á umferðareftirlit og smærri fíkniefnamál í ljósi aðstæðna segir afbrotafræðingur. Má ekki verða viðvarandi ástand.**

**LÖGREGLUMÁL** Skortur á umferðareftirliti lögreglu getur haft slæm áhrif á íslenska umferðarmenningu, segir Helgi Gunnlaugsson afbrotafræðingur. Hann segir skiljanlegt að frumkvæðisvinna lögreglu verði útundan í erfiðu árferði, en sú breyting verði að ganga til baka sem fyrst.

Umtalsverð aukning hefur verið á afbrotum sem almenningur tilkynnir til lögreglu á síðustu árum, en á sama tíma fækkar brotum sem uppgötvast með frumkvæðisvinnu lögreglu, til dæmis með umferðareftirliti.

Þetta má lesa úr samantekt Fréttablaðsins á upplýsingum um afbrotatíðni frá Ríkislögreglustjóra. Miðað er við samanlagðan fjölda afbrota fyrstu sex mánuðum hvers árs til að tölurnar séu samanburðarhæfar við fyrstu sex mánuði ársins í ár.

„Það getur verið áhyggjuefni ef umferðarlagabrotin eru látin sitja á hakanum, það skilar sér út í samfélagið þegar ökumenn átta sig á að lögreglan er ekki jafn mikið á vaktinni og hún hefur verið,“ segir Helgi.

Slíkt tekur þó tíma, jafnvel nokkur ár, og því segir Helgi að vissu leyti skiljanlegt að lögreglan bregðist við þegar þröngt sé í búi með því að draga úr eftirliti með hraðakstri, ölvunarakstri og öðrum umferðarlagabrotum.

Helgi segir fækkun á skráðum ölvunarakstursbrotum ekki vísbendingu um að ökumenn aki síður undir áhrifum. Þetta sé þvert á móti skýrt dæmi um að lögregla hafi ekki tíma og mannskap til að sinna eftirlitinu jafn vel og áður.

„Þetta er dæmi um áherslubreytingu sem lögreglan verður að gera í ljósi aðstæðna,“ segir Helgi. Fækkun lögreglumanna og fjölgun verkefna hafi augljóslega áhrif.

Þjófnuðum, innbrotum og eignaspjöllum hefur fjölgað á undanförnum árum. Það getur haft nokkurs konar samlegðaráhrif við fjárskortinn, og valdið því að lögregla hefur enn minni tíma til að sinna frumkvæðisvinnu, enda áhersla á að forgangsraða málum eftir mikilvægi.

Fíkniefnabrotum hefur fækkað nokkuð og segir Helgi líklegt að ástæðan sé blanda af fjárskorti og því að stærri mál sem upp hafi komið taki tíma frá frumkvæðisvinnu.

Einnig geti verið um áherslubreytingu að ræða hjá lögreglu, þannig að meiri áhersla sé lögð á að stöðva innflutning og dreifingu á fíkniefnum, en minni áhersla á að handtaka fíkniefnaneytendur, segir Helgi. brjann@frettabladid.is











**FAGURT ÚTSÝNI** Engum sögum fer af fegurð iðnaðarhverfisins Carpi en ljóst er að fegurð eyjarinnar Capri er óumdeild.

Stafsetning skiptir máli:

## Enduðu í Carpi í stað Capri

**ÍTALÍA** Sænskt par sem hugðist verja rómantískum kvöldstundum á eynni Capri við strendur Ítalíu endaði í iðnaðarhverfinu Carpi vegna einfaldrar stafsetningarvillu.

Parið notaði GPS staðsetningartæki til að rata um Ítalíu og þegar til stóð að halda til eyjarinnar Capri sló parið fyrir mistök inn Carpi sem er iðnaðarhverfi í um 650 kílómetra fjarlægð frá eyjunni. Upp komst um stafsetningarvillu parsins þegar þau spurðu á upplýsingamiðstöð ferðamanna í Carpi hvar hinn fræga Blue Grotto-helli væri að finna sem er við eyjuna Capri.

Parið mun heldur ekki hafa áttað sig á því að þau þyrftu að taka bát eða fara yfir brú til að komast til eyjarinnar. - bþa


DRAUMA lið PEPSI
actavis
SJÓVÁ
30% afsláttur af öllum möppum undir myndir
TOPPS MATCH ATTAX EXTRA
COLLECTOR BINDER
BARCLAYS PREMIER LEAGUE 2008/2009
THE ULTIMATE GUIDE TO EXTRA!
TOPPS MATCH ATTAX EXTRA
EXTRA SIGNINGS
EXTRA STARS
PLUS!
EXTRA PLAYERS. EXTRA ACTION
TOPPS MATCH ATTAX
TRADING CARD GAME
BARCLAYS 2008/2009
Allar fótboltamyndir
199 kr/pk
GILDIR 29. JÚLÍ - 3. ÁGÚST
KASKO
Samkaup strax
Samkaup úrval
nettó
Ódýrt fyrir heimilið!
HYRNAN

Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

# Verslunarma



**299**

**FABULOUS FRUIT SJAMPÓ**

- 414 ml



**599**

**SANDKAKA**

- 700 gr



**599**

**MARMARAKAKA**

- 700 gr



**2990**

**KÆLIBOX, 24 LTR**

- 32 ltr, kr 5790
- Kælielement, 250 gr, kr 225 / 1000 gr, kr 349



**2990**

**GARÐBORÐ**

- Með glerplötu

**2790**

**GARÐSTÓLL**



VERÐ ÁÐUR KR 39.990

**26.990**

**TRAMPÓLÍN - 3,6 M**

- Öryggisnet, kr 16.990



3 ltr

**1990**

**VIÐAROLÍA**

- 3 ltr



**9990**

**SÓLSTÓLL - BADEN BADEN**



**7290**

**VEISLUTJALD - 3 X 3 M**

- Hliðarveggur, kr 1590
- Hvítt eða bláröndótt



**199** pr. par

**BARNAINNISKÓR**

- St 28 - 34
- 3 litir


Opið frá kl. 10 til 19 um virka daga og frá kl. 10 til 18 um verslunarmannahelgina. Lokað á mánudag.
69
COCA COLA - 33 CL
nnahelgin
499
BADMINTONSETT
6490
KASSAGÍTAR - 39''
2790
BAKPOKI
• 45 ltr
3990
KÚLUGRILL - 44 CM
GRILL KULL
399
GRILLKOL - 2 KG
79 pr. stk
FANTA / SPRITE - 33 CL
89 pr. stk
FAXE KONDI
• 33 cl
• 3 gerðir
4590
VINDSÆNG
• 75 x 190 x 21 cm
• Pumpa sem gengur fyrir rafhlöðum fylgir
4990
BORÐGRILL
ÚTIVISTARVÖRUR Í MIKLU ÚRVALI
8490
TJALD
• Mountain Explorer
6 pör
790
SOKKAR
• St 41-45
• 6 pör
6 pör
890
SOKKAR
• St 36-45
• 6 pör
2 í pk
499
COLGATE TANNKREM
• 2 í pk
199
REACH TANNBURSTI
• Fresh Breath
www.europris.is
Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hverjir fá að koma að endurreisninni?

## 99 hreinar meyjar

**MARGRÉT KRISTMANNSDÓTTIR SKRIFAR**

Við Íslendingar erum smám saman að átta okkur á því að þau lífskjör sem við vorum orðin vön munu ekki standa okkur til boða á komandi misserum. Lífskjör undanfarinna ára voru enda að stærstum hluta tekin að láni og nú er komið að skuldadögum. Nú þarf þjóðin að sýna úr hverju hún er gerð, rífa sig upp úr svartsýninni og vinna sem einn maður að endurreisn samfélagsins.

Án nokkurs vafa munu aðilar verða dregnir til ábyrgðar fyrir sinn þátt í þeirri stöðu sem íslenskt samfélag er í og vonandi fær réttlát reiði almennings þá útrás. Hins vegar er ljóst að því ferli mun ekki ljúka fyrr en eftir einhverja mánuði og jafnvel ár og á meðan þarf þjóðin að halda áfram – horfa fram á við – í þeirri fullvissu að hæfir einstaklingar sjái um rannsókn mála og að menn þurfi á endanum að standa henni reikningsskil gerða sinna.

En mun öllum gefast kostur á að taka þátt í endurreisninni? Mun þjóðin bera gæfu til að leyfa sem flestum að leggja sitt lóð á vogarskálarnar? Eða fá nornaveiðar að halda áfram að grafa um sig í samfélaginu?

*Mun þjóðin bera gæfu til að leyfa sem flestum að leggja sitt lóð á vogaskálarnar? Eða fá nornaveiðar að halda áfram að grafa um sig í samfélaginu?*

Það er á allra vitorði að fjármálafyrirtækin og útrásarfyrirtækin sópuðu til sín lunganum af best menntaða fólki landsins – þegar best lét unnu fleiri þúsund manns hjá þessum fyrirtækjum. Af mörgum er þetta fólk allt brennimerkt í dag og allir sem unnu hjá bönkunum, eða allir sem unnu hjá útrásarfyrirtækjum landsins eru taldir hluti af stórri svikamyllu. En þessar fullyrðingar eru hvorki raunhæfar né sanngjarnar. Langflestir þessara starfsmanna mættu í vinnu á hverjum degi, lögðu sig alla fram og sáu ekki frekar en aðrir fyrir það gríðarlega hrun sem varð síðastliðið haust. Í dag vildu án efa margir hafa gert hlutina öðruvísi – tekið aðrar ákvarðanir – gefið öðruvísi ráðleggingar og ekki að ástæðulausu að orðatiltækið „að vera vitur eftir á“ er svo mikið notað í íslenskri tungu og raun ber vitni.

Þessi fámenna þjóð hefur hins vegar ekki efni á því að krefjast þess að bókstaflega allir sem hafa komið nálægt einhverju verði að víkja enda yrði gríðarlegri þekkingu kastað á glæ með því. Og eitt er víst; það hafa ekki „99 hreinar meyjar“ legið í dvala undanfarna mánuði sem geta nú risið upp og leyst vanda íslensku þjóðarinnar.

Þjóðin þarf núna á öllu sínu besta fólki að halda til að vinna sig sem hraðast út úr núverandi ástandi. Þjóðin hefur ekki efni á fordómafullum nornaveiðum. Samfélag sem sættir sig við slíka hegðun er bæði óheilbrigt og illa á vegi statt. Það sem þjóðin þarf er kraftur, bjartsýni, þekking, reynsla og vinnufúsar hendur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### 170 milljóna hugmynd

Olíufélagið N1 hélt á dögunum ráðstefnuna Start 09, sem hugsuð var sem „skemmtilegur hugmyndafundur um nýjar leiðir og lausnir fyrir Ísland“ eftir bankahrunið. Ætli sú hugmynd hafi nokkuð kviknað á fundinum að Einar Sveinsson, stjórnarformaður N1 og fyrrverandi stjórnarmaður í Glitni, flytti heim milljónirnar 170 sem hann skaut til Noregs tveimur dögum fyrir yfirtöku Glitnis, að því er segir í skýrslu um bankann? Það hefði verið prýðileg hugmynd.



### Þeir eru þá á lífi

Íslensku auðmennirnir hafa, eins og gefur að skilja, verið meðal eftirsóttustu viðmælenda fjölmiðla frá bankahruni. Til algerra undantekninga heyrir þó að hægt sé að ná af þeim tali, enda hafa þeir flestir látið sig hverfa úr sviðsljósinu – þó því miður ekki sporlaust. Stöð 2 hefur nú fundið fullkomna leið fyrir fjölmiðla til að svæla jöfrana úr fylgsnum sínum; að birta frétt sem reitir þá nógu mikið til reiði að þeir rjúki fjólubláir í framan í alla miðla til að bera af sér sakir. Þeir eru þá á lífi eftir allt saman. Og hefðu kannski getað forðast þennan misskilning ef þeir hefðu vanið sig á að svara fyrirspurnum og gera hreint fyrir sínum dyrum.



### Íslenskt Ha Ha

Þorsteinn Joð vinnur nú að heimildarmynd um Icelandic Food Centre, veitingastað sem íslenska ríkið kom að því að stofna í London árið 1965 til þess að kynna íslenskan mat. Nú, 44 árum síðar, heldur ævintýri íslenska ríkisins í breskum veitingahúsarekstri áfram. Í gær var nefnilega tilkynnt að skilanefnd Kaupþings væri orðin stoltur eigandi tveggja veitingahúsakeðja sem áður voru í eigu athafnamannsins Roberts Tchenguiz. Kannski það komi til með að auka hróður landans að veitingastaðirnir Ha Ha Bar & Grill séu nú í íslenskri eigu.

**stigur@frettabladid.is**

## Nr.1 - Sjávarútvegur



**EIRÍKUR BERGMANN**

**Í DAG** | Samningsmarkmið Íslands í aðildarviðræðum

Í komandi aðildarsamningum við Evrópusambandið skiptir sköpum að vanda undirbúning svo unnt verði að ná fram sem allra bestum samningi. Til að svo megi verða þurfum við í það minnsta að vita tvennt; í fyrsta lagi hverjir meginhagsmunir okkar eru og í öðru lagi hvernig má koma þeim í höfn. Þrjú svið eru hér mikilvægari en önnur: fyrst sjávarútvegur, svo landbúnaður og byggðaþróun og loks að tryggja stöðugleika í peningamálum. Íslenska samninganefndin þarf að gjörþekkja alla afkima í regluverki sambandsins á þessum sviðum svo unnt verði að tryggja sem allra besta niðurstöðu. Í þessari fyrstu grein af þremur er fjallað um samningsmarkmið Íslands í sjávarútvegsmálum.

Fiskveiðar eru eitt helsta hagsmunamál Íslands og sjávarútvegsmál eru í takt við það sá málaflokkur sem hefur valdið mestum deilum í umræðunni um hugsanlega ESB-aðild. Augljóst er að mikilvægasta verkefni íslensku samninganefndarinnar verður að tryggja áframhaldandi yfirráð Íslendinga yfir auðlindum hafsins. Öll ríki sem samið hafa um aðild hafa fengið tilteknar aðlaganir eða sérlausnir á þeim sviðum sem teljast til þeirra meginhagsmuna. Danmörk og Bretland hafa gengið lengst í fyrirvörum og undanþágum og virðast jafnvel hafa kerfisbundna stefnu þess efnis að taka ekki þátt á öllum samstarfssviðum ESB, eru til að mynda undanþegin evrunni. Bretland og Írland standa fyrir utan Schengen og Danmörk viðurkennir ekki yfirþjóðlegan rétt Evrópusambandsins á sviði innanríkis- og dómsmála. Danir viðurkenna heldur ekki að ríkisborgararéttur ESB gangi framar þeim danska og eru að auki undanþegnir varnarstefnu ESB. Þvert á stefnu ESB mega Danir og Maltverjar viðhalda banni á kaupum útlendinga á sumarhúsum. Grikkland, Spánn og Portúgal fengu sérstaka undanþágu í bómullarframleiðslu og Svíþjóð fékk heimild til að selja varatóbakið snus á heimamarkaði. Þá má nefna stuðning við harðbýl svæði á Bretlandi og Írlandi og ákvæðið um heimskautalandbúnað í aðildarsamningum Svíþjóðar, Finnlands og Noregs. Malta fékk enn fremur sérsniðna lausn í fiskveiðimálum sem efnislega hefur þær afleiðingar að maltnesk stjórnvöld munu eftir sem áður stjórna veiðum innan efnahagslögsögu sinnar í Miðjarðarhafi. Lettland fékk álíka undanþágu í Eystrasalti. Svo mætti lengi telja.

Með vísan í sérstöðu Íslands og margvíslegar undanþágur annarra ríkja þurfa stjórnvöld að berja fram samning sem tryggir áframhaldandi yfirráð Íslendinga yfir auðlindum sjávar. Baráttan um yfirráð yfir auðlindum er nátengd sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og beintengd hugmyndum um fullveldi Íslands. Sjávarafurðir telja enn góðan meirihluta í vöruútflutningi Íslands. Yfirráð yfir fisknum snýst því með beinum hætti um yfirráð yfir eigin örlögum. Ekki síst með vísan í slíka þætti væri hugsanlega hægt að rökstyðja að sérstaða svæðisins umhverfis Íslands verði áréttuð með óyggjandi hætti. Þetta væri t.d. hægt að tryggja með því að gera fiskveiðilögsögu Íslands að sérstöku stjórnsýslusvæði innan sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu ESB. Ekki er um að ræða almenna undanþágu frá sjávarútvegsstefnunni heldur sértæka beitingu á ákveðnu svæði á grundvelli nálægðarreglu þannig að ákvarðanir um nýtingu á auðlind Íslands sem ekki er sameiginleg með öðrum aðildarríkjum ESB yrðu teknar á Íslandi.

Í rökstuðningi fyrir slíkri sérlausn má beina sjónum að ólíkum aðstæðum á Norðvestur-Atlantshafssvæðinu annars vegar og hafsvæðum innan ESB hins vegar. Við skoðun á landakorti sést vel að þörf er á sameiginlegri sjávarútvegsstefnu á meginlandi Evrópu þar sem um sameiginlega nýtingu er að ræða úr sameiginlegum auðlindum. Fiskistofnar við meginlandið virða ekki landamæri og eru veiddir af fjölda ríkja. Sameiginleg stjórn þarf að vera á slíkum veiðum. Þessu er hins vegar ólíkt farið á Íslandsmiðum og á öllu Norðvestur-Atlantshafi. Fiskistofnar Íslands eru að mestu staðbundnir og því er ekki um sameiginlega auðlind að ræða, ekki frekar en vindorka í Danmörku, skógar í Svíþjóð eða olía við strendur Bretlands.

Hér má hafa í huga að Evrópusambandið hefur ekkert tilkall til þeirra auðlinda sem finnast innan aðildarríkjanna. Hvert og eitt aðildarríki á sínar auðlindir sjálft og ráðstafar þeim eftir eigin óskum. Sjávarútvegsstefnu ESB var í raun heldur aldrei ætlað að ná yfir svæði þar sem ekki eru sameiginlegar auðlindir og því tekur stefnan ekki tillit til aðstæðna á Íslandi. Í aðildarviðræðum þarf því að skoða sérstaklega hvort og þá með hvaða hætti unnt er að laga sjávarútvegsstefnuna að aðstæðum á Íslandi. Í næstu grein verður fjallað um samningsmarkmið Íslands í landbúnaðar og byggðaþróun.

*Höfundur er dósent í stjórnmálafræði og forstöðumaður Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst.*

## Með lögum skal land byggja

**UMRÆÐAN**

Jón Gunnarsson skrifar um lögregluna.



**JÓN GUNNARSSON**

Ástand í löggæslumálum landsins er óþolandi. Við þessa þróun mála verður ekki unað. Öryggi borgaranna er grundvallaratriði í okkar samfélagi og við þær erfiðu og sársaukafullu aðstæður sem nú eru uppi verður að forgangsraða í þágu þeirra. Framlög til löggæslumála hækkaðu umfram launavísitölu á árunum 2004 til 2008. Um það má deila hvort nóg hafi verið að gert því ljóst er að verkefnum fjölgaði mikið á þessu tímabili. Ráðist hefur verið í mikilvægar og góðar skipulagsbreytingar á undanförnum árum og áfram verður að feta þá leið af skynsemi.

Atburðir vetrarins minna okkur á mikilvægi þess að hafa vel mannað lögreglulið. Það var aðdáunarvert að fylgjast með öryggisgæslu lögreglunnar við mjög krefjandi aðstæður á Austurvelli í vetur. Yfirvegun og skilningur einkenndu vinnubrögð og framkomu lögreglunnar á meðan almenningur lét reiði sína bitna á henni við skyldustörf. Á sama tíma lögðust einstaka þingmenn Vinstri grænna svo lágt að gagnrýna yfirveguð vinnubrögð þeirra og hreinlega hvöttu unga mótmælendur til að ganga lengra í mótmælum sínum. Nú situr þetta sama fólk við stjórnvölinn og við búum við aðgerðarleysi þeirra á þessum vettvangi sem öðrum.

Það verður ekki búið við að lögregla og Landhelgisgæsla, hornsteinar í öryggismálum, búi við það ástand að öryggi íbúanna sé ógnað og tilheyrandi atgervisflótti úr þessum stéttum verði staðreynd. Mikil hætta er á því ef ekki verður búið vel að því góða fólki sem sinnir þessum mikilvægu störfum. Við verðum að búa því mannsæmandi vinnuaðstöðu og tryggja öryggi þess sem best verður kosið.

Aðstæður í samfélagi okkar kalla á aukin verkefni lögreglu. Það sést best á þeirri aukningu afbrotamanna sem bíða afplánunar vegna yfirfullra fangelsa. Við þær aðstæður er óverjandi að fækka frekar í lögregluliði okkar. Á meðan endurskipulagning í málaflokknum fer fram verðum við að halda sjó. Það er algert ábyrgðarleysi af hálfu vinstri stjórnarinnar ef þess verður ekki gætt.

*Höfundur er alþingismaður og formaður stjórnar Samhæfingarstöðvarinnar Skógarhlíð.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**GB FERÐIR** bjóða upp á ótakmarkað golf á Celtic Manor Resort á Bretlandi, þar sem Ryder Cup-keppnin verður haldin á svæðinu á næsta ári. Nánari upplýsingar á www.gbferdir.is.



**Bílaleigubílar Sumarhús í Danmörku**

**Ódýrari bílaleigubílar fyrir Íslendinga.**

**Frá dkr. 2500,- vikan**

**Innifalið í verði;**
ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, engin sjálfsábyrgð.
(Afgr.gjöld á flugvöllum).
Ekkert aukagjald fyrir aukabílstjóra sé það gert við pöntun.
Höfum allar stærðir bíla, allt að 9 manna.

DanCenter

Sumarhús
Útvegum sumarhús í Danmörku af öllum stærðum

Danland
Fjölskylduvæn orlofshverfi

Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is

FYLKIR.IS
FERÐASKRIFSTOFA
— Bestir í Danmörku
Sími 456 3795 - 896 3745



Teg. 10253 - mjúkur og yndislegur, svaka flottur í BCD skálar á kr. 3.950,- buxur í stíl á kr. 1.950,-"



Teg. 42026 - vel fylltur og stækkar þig um númer í BC skálum á kr. 3.950,- buxur í stíl á kr. 1.950,-"

MISTY
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - **www.misty.is**
**Opið mán-fös kl. 10-18**
**Lokað á laugardögum í sumar**

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

vísir.is
"...ég sá það á vísi"



„Ég hef ferðast svolítið um Ítalíu áður en þetta er fallegasti staður sem ég hef komið á þar," segir Sveinbjörg um Brassanone á Ítalíu. MYND/GUÐRÚN INGÓLFSDÓTTIR

# Afhjúpaði ólympíuhring

**Sveinbjörg Zophoníasdóttir er engin kyrrsetukona. Hún æfir frjálsar íþróttir með góðum árangri og var ekki fyrr komin af heimsmeistaramóti á Ítalíu en hún hélt á ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Finnlandi.**

„Það heitir sjöþraut sem ég keppi yfirleitt í en í Finnlandi tók ég bara þátt í langstökki og kúluvarpi," segir hin 17 ára Sveinbjörg aðspurð. Hún er nýkomin heim til Hornafjarðar eftir góða ferð til Finnlands þar sem hún upplifði meðal annars að afhjúpa ólympíuhring. „Ég gerði það fyrir Íslands hönd," segir hún. „Það var mikill heiður fyrir mig en ég áttaði mig kannski ekki á því fyrr en eftir á. Þarna voru samt margir tignir gestir." Sveinbjörg segir hringinn hafa verið einn af mörgum í sérstökum ólympíugarði sem geymdur verður sem minnisvarði um ólympíuhátíð Evrópuæskunnar sem haldin var í þriðju stærstu borg Finnlands, Tampere. „Ég bjó reyndar í ólympíuþorpi og fór ekki mikið út fyrir það þannig að ég var eins og í litlum bæ en það sem ég sá af Finnlandi var flatlendi og mikill skógur, ólíkt Íslandi."

Sveinbjörg var nýkomin frá Ítalíu þegar hún hélt til Finnlands. „Ég rétt komst heim til að setja í þvottavél áður en ég fór af stað aftur," segir hún og lýsir tildrögum Ítalíuferðarinnar. „Ég lenti í þriðja sæti í sjöþraut á Norðurlandameistaramótinu sem var haldið í Kópavogi í sumar og ávann mér þar með rétt til að keppa á heimsmeistaramóti unglinga á Ítalíu. Var búin að ná lágmarki á hátíðina í Finnlandi áður og bjóst bara við að fara þangað en HM kom inn í myndina tveimur vikum fyrir mót.

Móðir Sveinbjargar, Guðrún Ingólfsdóttir, er jafnframt þjálfari hennar enda frækin frjálsíþróttakona. Hún fylgdi dótturinni til Ítalíu og faðirinn Zophonías Torfason líka sem fararstjóri. „Við vorum í Brassanone, það er álíka stór bær og Akureyri og er í Ölpunum, rétt við svissnesku landamærin. Ég hef ferðast svolítið um Ítalíu áður en þetta var fallegasti staður sem ég hef komið á þar, með miklum gróðri og þægilegu veðurfari," lýsir Sveinbjörg. „Hitinn fór í 25 gráður á daginn og niður í 15 á kvöldin. Mér fannst þægilegt að keppa í þessum hita. Hér heima er ég vön að þurfa að vera á hreyfingu til að stífna ekki upp en þarna þurfti þess ekki. En auðvitað varð ég að drekka meira því ég fann að ég gat orðið orkulaus annars."

Strax á öðrum degi eftir heimkomuna er Sveinbjörg komin til vinnu sinnar á gistiheimilinu Ásgarði og ekki sleppir hún heldur æfingu þó svo bæði heimsmeistaramót og ólympíuhátíð séu að baki.

*gun@frettabladid.is*



**NÝR CHEVROLET AVEO FIMM DYRA,** er kominn í sýningarsal Chervrolet á Tangarhöfða. Bíllinn er með nýju útliti og meiri staðalbúnaði en sá sem er fernra dyra. Nánar á www.bilabudbenna.is.

# Nýr staður með reynslu

**Eigendur veitingastaðarins Caruso í Þingholtsstræti opnuðu nýlega annan stað í Torrevieja á Spáni. Gengur reksturinn úti vel og hafa Íslendingar sem staddir eru á Spáni meðal annarra sótt staðinn heim.**


Margir koma á síestunni að borða á Caruso. MYND/ÚR EINKASAFNI


Hægt er að borða inni og úti. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Það gengur mjög vel,“ segir Þrúður Sjöfn Sigurðardóttir, annar eigenda Caruso, um starfsemi nýs útibús Caruso í Torrevieja á Spáni sem opnað var í vor. „Við vildum opna og láta þetta fara rólega af stað en höfum ekki farið í neina auglýsingaherferð,“ segir hún en bætir við að viðskiptin hafi farið ört vaxandi frá opnun.

„Maðurinn minn, José Garcia, er búinn að vera úti meira og minna frá því í vor að undirbúa opnun og koma staðnum í gang,“ segir Þrúður. „Við vorum búin að vera að spá í þetta í vetur, eiginlega síðan í fyrrahaust. Við fórum út í mars og skoðuðum húsnæði og þá fór allt á fullt,“ segir Þrúður en margir álitu þau hjónin djörf að hugsa um veitingarekstur á Spáni rétt eftir að kreppan skall á Íslandi.

Þrúður segir þau hjónin hafa séð möguleika í veitingarekstri á Spáni. „Við erum náttúrlega búin að vera með Caruso hérna heima í mörg ár. Við eigum hús úti í Torrevieja og langaði til þess að prófa að opna stað þarna,“ útskýrir Þrúður sem segir að ævintýraþörfin ráði því að kona frá Íslandi, maður frá Hondúras og veitingastaður á Spáni eigi vel saman.

Þrúður segir mikið um það að Íslendingar sæki staðinn heim. „Við fáum líka fullt af Bretum, Spánverjum og Norðurlandabúum en viðskiptavinum okkar fer fjölgandi,“ upplýsir Þrúður en Caruso er veitingastaður þar sem boðið er upp á suðræna rétti og er matseðillinn á Spáni líkur þeim sem er á Íslandi. „Matseðillinn er á spænsku, ensku og íslensku þannig að það er æðislegt fyrir Íslendinga að geta valið sér rétti á íslensku,“ segir Þrúður en á staðnum starfar nú íslenskur kokkur, Íslendingar hafa þjónað til borðs og íslenskir tónlistarmenn skemmt gestum en um helgar er spiluð lifandi tónlist.


Matsölustaðurinn á Spáni stendur við götuna Urbano Arregui, númer 78, í Torrevieja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Að sögn Þrúðar er munurinn á matarmenningu Íslands og Spánar sá að meira er að gera á Spáni á daginn heldur en á Íslandi. „Spánverjar eru með síestu á milli tvö og fimm og þá fara allir saman út að borða. Við sníðum veitingareksturinn að menningunni í landinu.“

*martaf@frettabladid.is*




# Athyglisverð hönnun

**Nýr C3 frá Citroën þykir athyglisverður í útliti ásamt því að skarta ýmsum spennandi nýjungum.**

Myndir af nýjum C3 frá franska bílaframleiðandanum Citroën hafa vakið töluverða athygli á netinu. Er það einkum vegna hönnunar bílsins sem skartar áberandi framrúðu. Hún teygir sig hátt upp eftir þakinu og veitir meira útsýni en hefur hingað til fengist úr smábílum í sama flokki.

Aðrar nýjungar í bílnum eru meðal annars margmiðlunarkví fyrir RD4 mp3, USB, iPod og Blátönn, enn þéttari hljóðeinangrun og innbyggður nemi sem heldur hita- og rakastigi stöðugu.

Þá þykir ný HDi 90-vél í bílnum umhverfisvæn en hún skilar aðeins 99 g/km af koltvísýring.

Bíllinn kemur í Frakklandi í nóvember, en á Evrópumarkað í byrjun næsta árs. *- hds*


Bíllinn er búinn margmiðlunarkví fyrir USB, iPod og fleira og ýmsum nýjungum. MYND/CITROËN









# verslunarmannahelgin

MIÐVIKUDAGUR 29. JÚLÍ 2009




NORDICPHOTOS/GETTY

## HVERJIR VERÐA HVAR?



**HRAFNA IDOL-STJARNA:** „Ég ætla að vera á Neistaflugi í Neskaupstað með hljómsveitinni sem heitir enn sem komið er bara Hrafna og hljómsveit. Í henni eru strákar frá Neskaupstað og það hefur verið nóg að gera hjá okkur að undanförnu við æfingar. Ég bý á Teigarhorni við Djúpavog og keyri á milli. Er svona tvo tíma hvora leið og syng í bílnum og æfi mig.“



**MAGNI ÁSGEIRSSON:** „Við í hljómsveitinni Á móti sól ætlum að vera á Flúðum á fimmtudags- og föstudagskvöld og skella okkur svo að Kirkjubæjarklaustri á laugardag þannig að við verðum eitthvað að rúnta um Suðurlandið. Síðustu átta ár höfum við verið í Eyjum um þessa helgi og nú ætlum við að kanna hvort þetta sé verslunarmannahelgi eða Þjóðhátíð.“



**BJÖRGVIN FRANS:** „Ég verð á þremur stöðum um helgina. Eyjum á laugardag, Sólheimum í Grímsnesi á sunnudag og á sunnudagskvöldið í Vatnaskógi. Við Jói G. úr Stundinni okkar verðum með atriði sem við prufukeyrðum í vor og gafst vel.“



**EYÞÓR INGI:** „Ég verð svolítið á flakki. Verð á Kaffi Akureyri á fimmtudeginum með trúbastemningu ásamt Andra Ívarssyni gítarleikara. Svo verð ég ásamt hljómsveitinni Appoló frá Ísafirði á Neistaflugi í Neskaupstað á föstudagskvöldið. Á laugardeginum verð ég á torginu á Akureyri og á sunnudeginum með Stuðmönnum í Fjölskyldu-og húsdýragarðinum og líka með Deep Purple coverbandi á Jack Live-hátíðinni við Dillon.“



**INGÓLFUR ÞÓRARINSSON:** „Ég verð með Veðurguðunum að spila í Eyjum á föstudagskvöldið. Svo fara nokkrir úr grúppunni í ferðalag en ég verð eftir í Eyjum og held áfram að vera hress þar og skemmta mér.“



Birgir Guðjónsson segir að fjölgað verði í gæslunni í Vestmannaeyjum svo fólki finnist það öruggara.

# Telja brosin á Akureyri

**Margir leggja land undir fót um helgina. Haft var samband við skipuleggjendur nokkurra hátíða og kannað hversu mörgum búist væri við, hvernig gæslu verður háttað og umferðareftirliti á landinu.**



Ekki er rukkað inn á svæðið hjá Neistaflugi í Neskaupstað. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Umferðareftirlitið verður með hefðbundnum hætti nema reynt verður að auka það frá embættinu okkar,“ segir Jónína Sigurðardóttir, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra. „Sérstök áhersla er lögð á Suðurlandsveginn og Vesturlandsveginn. Svo fer það eftir því hvert straumurinn liggur.“

Birgi Guðjónssyni, formanni Þjóðhátíðarnefndar, sýnist hátíðin ætla að stefna í eina stærstu Þjóðhátíð sem haldin hefur verið í Eyjum og ástæðuna rekur hann til þess að hátíðin er að festa sig í sessi í hugum fólks. „Margir koma ár eftir ár. Ég held við séum á réttri leið með hátíðina sjálfa og við Vestmannaeyingar erum tilbúnir til að taka á móti fullt af fólki.“

Aðspurður segir Birgir að gæslan verði betri en í fyrra. „Við fjölgum í gæslunni. Fólk verður öruggara og þá fer betur um það. Við erum alltaf að reyna að bæta hátíðina,“ útskýrir hann.

„Helsti kosturinn við hátíðina okkar er að við rukkum ekki inn á svæðið sjálft. Við höfum því ekki beina tölu á hátíðargestum,“ segir Höskuldur Sæmundsson, einn af skipuleggjendum Neistaflugs í Neskaupstað, spurður um fjölda áætlaðra gesta á hátíðinni.



Á síðasta ári var níunda áratugs stemning á Akureyri en nú verður það ABBA. MYND/ÞÓRHALLUR PEDROMYNDIR

Höskuldur segir að erfitt sé að segja til um það hvort fjöldi gesta aukist í ár. „Við höfum fundið fyrir því á Austfjörðum að meiri ferðamannastraumur er í ár en við höfum fengið fyrirspurnir alls staðar af landinu. Við erum bjartsýn og jákvæð.“ Spurður út í gæslu yfir hátíðardagana segir Höskuldur: „Björgunarsveit staðarins og íþróttafélögin koma að þessu að einhverju leyti. Hér verður líka sjúkragæsla og næturvöktun.“

Margrét Blöndal, verkefnastjóri Einnar með öllu á Akureyri, segir erfitt að áætla fjölda gesta á hátíðinni. „Við höfum eiginlega bara ekki hugmynd um það. Við ætlum að gera eins og í fyrra að telja bros en ekki fólk. Við leggjum upp með að allir sem hér eru og hingað koma njóti þess,“ segir Margrét sem á von á brottfluttum Akureyringum á Eina með öllu.

Margrét segir að gæsla hátíðarinnar sé mjög hefðbundin. „Margar helgar er alveg óskaplega margt fólk hér. Við erum orðin flink í að taka á móti tíu til tólf þúsund manns án þess að allt fari á hvolf. Við verðum með sjúkraflutningamenn sem fara um og eiga magnyl í vasanum og plástur á bágtið. Allir sem að þessu koma dansa í takt.“

*- mmf*




Ekki láta þér verða kalt um helgina

ICEFIN www.icefin.is

Nóatúni 17 • S: 534 3177


# Fríhelgin fer í fjölskyldusport

Ekki er nauðsynlegt að æða um langan veg til að gera sér dagamun um verslunarmannahelgina. Sveinn Sigurbergsson, kaupmaður í Fjarðarkaupum í Hafnarfirði, gerir sér grein fyrir því. „Hugmyndin er að vera heima við en fara í styttri ferðir,“ segir hann og upplýsir að mikill golfáhugi sé í fjölskyldunni. „Við erum fjögur sem spilum og stefnum að því að skreppa á Öndverðarnesvöllinn í Grímsnesi,“ segir hann.

Verslunin Fjarðarkaup er lokuð um verslunarmannahelgina, ein af fáum stórmörkuðum. „Við gefum starfsfólkinu að sjálfsögðu frí á löglegum frídegi verslunarmanna,“ segir Sveinn. „Undanfarin ár höfum við líka gefið frí á laugardeginum. Það hefur mælst vel fyrir og viðskiptavinir okkar skilja það vel.“

*- gun*



Sveinn ætlar að njóta verslunarfrísins með fjölskyldunni á golfvellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# 20% afsláttur+



**DR. FISCHER**

**Feminine Intimate**
Ofnæmisprófaðir blautklútar fyrir konur. Auka hreinlæti á blæðingum. Hreinsa, fríska og vernda ph-gildi húðarinnar.

**Make-up remover**
Ofnæmisprófaðir andlits- og augnhreinsiklútar. Innihalda jurtir sem róa húðina.

**Kids Hygienic Wipes**
Ofnæmisprófaðir blautklútar fyrir andlit og hendur. Frískandi ávaxtailmur.

+ Gildir til 4. ágúst 2009.

# brostu

## framan í sumarið



**789 kr.**

**Tannhreinsisett í ferðalagið**
Tannbursti, tannkrem, munnskol.
Ekki gleyma tannþræðinum!

# 20% afsláttur+



**TONI & GUY**
Sjampó, næring og hármótunarvörur, 25, 50 og 75ml.
Passlega stórar pakkningar í ferðalagið.

+ Gildir til 4. ágúst 2009.




**469 kr.**

**ÍBÚPRÓFEN** 400 mg.

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

**● AFTUR TIL FORTÍÐAR** „Venju samkvæmt verður mikið um að vera hérna, þar á meðal glæsilegir dansleikir, tívolí, sýningar og svo munu Þorgeir Ástvalds og Raggi Bjarna lesa kveðjur til sjómanna," segir Gísli Rúnar Gylfason, framkvæmdastjóri Síldarævintýrisins á Siglufirði, sem fer fram dagana 31. júlí til 2. ágúst. Að sögn Gísla er tilgangurinn meðal annars að fá gesti til að endurupplifa stemninguna sem ríkti þegar Siglufjörður var síldahöfuðstaður heimsins. „Við viljum að fólk upplifi þetta að okkar hætti og höfum fengið úrvalslið heimamanna til að troða upp, þótt einnig komi fram skemmtikraftar að sunnan á borð við hljómsveitirnar Buff og Papa," bendir hann á og bætir við að hægt sé að nálgast dagskrána á www.sildaraevintyri.fjallabyggd.is. *- rve*





**● ÖLLU TJALDAÐ TIL Í ÞRASTALUNDI** „Hér verður hoppkastali og ferðaleikhús fyrir börnin. Við vorum að stækka pallinn um 100 fermetra og verðum með garðskraut og fleira flott til sýnis. Svo verður veglegt steikarhlaðborð alla daga," segir Mark Brink, vert í Þrastalundi, þar sem haldin verður hátíð um verslunarmannahelgina í annað skipti.

„Við héldum þetta fyrst í fyrra og gekk svo vel. Þá var uppselt á dansleikinn með Milljarðamæringunum svo það lá beinast við að halda hátíðina aftur," segir Mark, en í ár munu Sigga Beinteins og Stjórnin halda uppi fjörinu ásamt Bjarna Ara.

„Við höldum hátíðina svo fólkið á svæðinu í kring komist á dansleik, það er nú ekki oft að ég held. Það var gífurlega gaman í fyrra og við erum með frábæra skemmtikrafta og við vonum að sem flestir mæti." *- hds*

# Opnari umræða

„Við höfum tekið eftir því að umræðan er meiri en áður. Karlmenn virðast heldur ekki lengur vera eins viðkvæmir fyrir því að ræða þetta," segir Haukur Valdimarsson, talsmaður karlahóps Femínistafélagsins, um árangurinn sem hlotist hefur af forvarnarstarfinu Karlmenn segja NEI við nauðgunum.




**Haukur segrir átakið Karlmenn segja NEI við nauðgunum hafa skilað góðum árangri.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Karlahópurinn hefur staðið fyrir átakinu síðan árið 2003. Ekki verður gerð undantekning þetta árið þar sem Reykjavík er fyrsti viðkomustaður. „Við verðum fyrir utan Ríkið, BSÍ og flugvöllinn, þar sem við ætlum að minna á þetta málefni og selja boli, barmmerki og límmiða. Tilgangurinn er að ná til sem flestra áður en þeir fara út úr bænum," segir Haukur og bætir við að stefnan sé svo sett á Akureyri og hugsanlega Vestmannaeyjar.

„Ég vil þó ítreka að við erum fyrst og fremst í forvarnarstarfi en erum ekki þjálfaðir í að taka á málum fórnarlamba nauðgana. Hins vegar getum við leiðbeint þolendum til réttra aðila." *- rve*






**Íslenski fáninn og hvítbláinn blakta við húna á hátíðlegri setningu unglingalandsmótsins.**

# Á fjölskylduvænan máta

**Víða er boðið upp á fjölskylduvæna dagskrá um verslunarmannahelgina í ár á skipulögðum útihátíðum. Á Sæludögum í Vatnaskógi og Unglingalandsmóti Íslands á Sauðárkróki er þó líklega ríkust áhersla lögð á vímuleysi hátíðargesta.**



**Sjarmörinn Jógvan er meðal þeirra færeysku listamanna sem taka Stokkseyri fram yfir Ólafsvökuna þessa helgi.**



**Góð stemning skapast jafnan á kvöldvökum sæludaga í Vatnaskógi. Hér fylgist fólk með hæfileikakeppni.**

„Tilefni Sæludaga er að halda eftirsóknarverða hátíð án allra vímuefna þar sem höfðað er til ólíkra aldurshópa," segir sr. Jón Ómar Gunnarsson, einn af skipuleggjendum Sæludaga í Vatnaskógi. Sú hátíð er haldin nú í 19. skipti og sr. Jón Ómar býst við 1.000 til 1.200 manns. „Margir skreppa hingað dagsferðir en dvelja ekki allan tímann, enda stutt úr bænum. Það horfir vel með veður á okkar horni sem gæti aukið aðsóknina en við tökum samt ekki endalaust við," segir hann.

Dagskráin verður fjölbreytt og aðstaðan í Vatnaskógi nýtt á skemmtilegan hátt, til dæmis standa bátar og kassabílar öllum opnir, ásamt fleiri leiktækjum og á íþróttavellinum verða leikar iðkaðir. Íþróttahúsið verður vettvangur margs konar dagskráatriða, svo sem tónleika og fjölskylduguðsþjónustu með léttu sniði. Þar verða einnig kvöldvökur með blönduðum atriðum. Auk þess verður margt í boði til að auðga andann. Verð á hátíðina er 3.500 krónur en hægt er að kaupa dagspassa á 2.000 og börn undir tólf ára frá frítt inn.

Á Unglingalandsmótinu á Sauðárkróki stefnir í mesta fjölda á slíku móti frá upphafi að sögn Ómars Braga Stefánssonar, starfsmanns UMFÍ. „Við vorum að loka skráningu og höfum aldrei séð aðrar eins tölur. Keppendur eru um 1.500 en í fyrra voru þeir um eitt þúsund. Þeim fylgir svo fjöldi fólks þannig að varlega áætlað verða hér um 10.000 manns." Ómar segir aðstöðuna á Sauðárkróki góða, nóg pláss á tjaldstæðum, leiktækjagarð fyrir börnin og skipulagðar gönguferðir fyrir foreldra. „Það er bara keppandinn sem borgar fyrir þátttökuna en aðrir í fjölskyldunni fá fría aðstöðu. Það fær mjög jákvæðar undirtektir." Bogfimi og strandblak verða tvær nýjar sýningargreinar á mótinu en annað er meira hefðbundið. Glímufólk verður áberandi á svæðinu því landsliðið í glímu verður með æfingar meðan á mótinu stendur. Forsetahjónin mæta á mótið og verða meðal annars viðstödd setningarathöfnina á föstudagskvöld.

Færeysk stórhátíð verður á Stokkseyri alla helgina frá fimmtudegi fram á mánudag. Um tuttugu listamenn frá Færeyjum munu þar skemmta gestum í bland við frumbyggja með færeyskri tónlist, dönsum og landsleik án landsliðsmanna. Meðal frænda okkar frá Færeyjum má nefna Jógvan Hansen og Simme sem gerði Rasmuslagið ódauðlegt. Söfn, sýningar, töfragarður og gallerí verða opin alla helgina og varðeldur í fjörunni, fjöldasöngur með Labba og flugeldasýning er meðal viðburða. Ekki má gleyma tónleikum sem nefnast Heygar og Dreygar og Álvastakkur með færeyskum listamönnum né heldur atriðinu Föroyskur dansur sem verður í hávegum. *- gun*

# Brýnt að fylgja settum reglum

Áður en lagt er af stað í útilegu yfir helgina er vert að athuga með aldurstakmörk inn á tjaldsvæðin en þau geta verið mismunandi. Hér til hliðar hafa verið tekin saman helstu aldurstakmörkin og því ætti engum að verða vísað frá sökum aldurs. Flest þessara tjaldsvæða vilja fjölskyldufólk með börn sem útskýrir hátt aldurstakmark, en þó er fjölskyldufólk undir settu aldurstakmarki velkomið.

Vert er að minna fólk á að fara eftir reglum tjaldsvæðanna, en tjaldverðir áskilja sér rétt til að vísa fólki frá gerist það uppvíst að broti á reglum. *- hds*

**Aldurstakmörk inn á tjaldsvæði**

| | |
|---|---|
| Akureyri | 18 ára |
| Áning | 20 ára |
| Ásgarður við Hvolsvöll | 25 ára |
| Fossatún | 20 ára |
| Grindavík | 18 ára |
| Hallormsstaðaskógur | 18 ára |
| Hellishólar | 25 ára |
| Hrafnagil, Eyjafjarðarsveit | 20 ára |
| Húsafell | 18 ára |
| Langbrók, Fljótshlíð | 20 ára |
| Laugarvatn | 18 ára |
| T-Bær, Selvogi | 25 ára |



| | |
|---|---|
| Reykholt | 25 ára |
| Snorrastaðir | 25 ára |
| Úthlíð | 20 ára |



# FØROYSKT LANDNÁM STOKKSEYRI

**Færeyskir fjölskyldudagar á Stokkseyri um verslunarmannahelgina**

Dagana 30. júlí, til 3. ágúst næstkomandi verður haldin færeysk stórhátíð á Stokkseyri. Þar verður boðið upp á skemmtun með fjölbreyttri færeyskri tónlist, færeyskum dönsum, landsleik án landsliðsmanna, Ísland-Færeyjar og fjölbreytta skemmtun fyrir alla fjölskylduna.
Um 20 listamenn frá Færeyjum skemmta gestum á Stokkseyri í bland við frumbyggja. M.a. má nefna Kristian Blank, fiðlusnillinginn Angeliku Nielsen, Jógvan Hansen og Simme sem gerði Rasmus lagið ódauðlegt heldur upp á að 50 ár eru frá fyrstu tónleikaferð hans til íslands ásamt fl. listamönnum. Margt verður uppi á teningnum frá fimmtudegi til mánudags, söfn, sýningar, þjónusta og afþreying verða opin alla helgina, ýmis tilboð verða í gangi auk þess að aðgangur er ókeypis á fjölda viðburða m.a. diskótek, varðeld í fjörunni, fjöldasöng með Labba, flugeldasýningu, heimsókn í vitann og margt fleira.

## Fimmtudagur 30. júlí

**09:00 – 21:00** Kajakaferðir. Róbinson Krúsó "kannið vatnasvæðið á eigin vegum".
**09:00** Shell-skálinn. Ljósmyndasýning á útisvæði. *Aðgangur ókeypis*
**11:00 - 18:00** Töfragarðurinn opinn "fjölskyldu og skemmtigarður"
**12:00** Veitingahúsið Við Fjöruborðið opnar. Humar, humarsúpa og lambakjöt
**13:00 - 18:00** Draugasetrið. *Tilboð ef farið er á bæði söfnin*
**13:00 - 18:00** Álfa-, trölla- og norðurljósasafnið. *Tilboð ef farið er á bæði söfnin*
**13:00 - 21:00** Sundlaug Stokkseyrar opin.

## Föstudagur 31. júlí

**09:00 – 21:00** Kajakaferðir. Róbinson Krúsó "kannið vatnasvæðið á eigin vegum".
09:00 Shell-skálinn. Ljósmyndasýning á útisvæði. *Aðgangur ókeypis*
**11:00 - 18:00** Töfragarðurinn opinn "fjölskyldu og skemmtigarður"
**12:00** Veitingahúsið Við Fjöruborðið opnar. Humar, humarsúpa og lambakjöt.
**13:00 - 18:00** Draugasetrið. *Tilboð ef farið er á bæði söfnin*
**13:00 - 18:00** Álfa-, trölla- og norðurljósasafnið. *Tilboð ef farið er á bæði söfnin*
**13:00 - 21:00** Sundlaug Stokkseyrar opin.
**14:00 - 18:00** Valgerður Þóra opnar Mósaík vinnustofuna *Aðgangur ókeypis*
**14:00 - 18:00** Elfar Guðni opnar vinnustofu sína Svartaklett *Aðgangur ókeypis*
**14:00** Myndlistakonan Vaddý opnar sýningu í Lista og menningarverstöðinni *Aðgangur ókeypis*
**18:00 – 20:00** Diskótek fyrir yngri kynslóðina í Lista og Menningarverstöðinni *Aðgangur ókeypis*

***Kvöldskemmtun fram á nótt verð 1900 kr.***
**21:00** Jógvan Hansen sigurvegari X-FACTOR opnar færeysku dagskrána með tónleikum
**22:00** DANSUR v/ JENS MARNI Dansleikur og styttri innsløg : FØROYSKUR DANSUR - SIMME- HARMONIKU DANSUR



## Laugardagur 1. ágúst

**09:00 – 21:00** Kajakaferðir. Róbinson Krúsó, *Sérstakt tilboð á kajak frá kl 9-12*
**09:00** Shell-skálinn. Ljósmyndasýning á útisvæði. *Aðgangur ókeypis*
**10:00 - 17:00** Sundlaug Stokkseyrar opin.
**11:00** Töfragarðurinn, boðhlaup á stultum, furðuhjólakeppni og Tommi bangsi, leiktæki og risa hoppupúði. **Vegleg verðlaun**
**11:00 - 18:00** Veiðisafnið opið.
**12:00** Veitingahúsið Við Fjöruborðið opnar. Humar, humarsúpa og lambakjöt.
**12.00 - 21.00** Sýningarsalur ER. Tombóla og tréútsala á stétt bryggjumegin.
**13:00 - 15:00** Knarrarósviti við Stokkseyri opinn fyrir alla *Aðgangur ókeypis*
**13:00 - 18:00** Draugasetrið. *Tilboð ef farið er á bæði söfnin*
**13:00 - 18:00** Álfa-, trölla- og norðurljósasafn. *Tilboð ef farið er á bæði söfnin*
**14:00** Menningarkaffi opnar í Lista og menningarverstöðinni.
**14:00 - 18:00** Valgerður Þóra opnar Mósaík vinnustofuna *Aðgangur ókeypis*
**14:00 - 18:00** Elfar Guðni opnar vinnustofu sína Svartaklett *Aðgangur ókeypis*
**15.00** Fótbóltsdystur Føroyar-Ísland. Fótboltaleikur án landsliðsmanna *Aðgangur ókeypis*
**16:00** Listaverkið Brennið þið vitar kynnt í Lista og menningarverstöðinni *Aðgangur ókeypis*
**17:00 - 18:00** Diskótek fyrir yngri kynslóðina í Lista og Menningarverstöðinni *Aðgangur ókeypis*
**18:00 - 19:00** Létt kennsla í færeyskum dönsum *Aðgangur ókeypis*

***Kvöldskemmtun fram á nótt verð 1900 kr.***
**19.00** "Heygar og Dreygar" ANGELIKA NIELSEN & KRISTIAN BLAK
**20.00** "Simme" SIMME 50-ára hald fyri hansara fyrstu konsertferð í Íslandi 1959
**21.00** "Álvastakkur" ANGELIKA, KRISTIAN & HILMAR
**22.30** "Ólavur Riddararós" FØROYSKUR DANSUR
**23.00** DANSUR v/ EYÐUN & TERJI Dansleikur og styttri innsløg : FØROYSKUR DANSUR - SIMME - HARMONIKU DANSUR



## Sunnudagur 2. ágúst

**09:00 – 21:00** Kajakaferðir. Róbinson Krúsó "kannið vatnasvæðið á eigin vegum´´.
**10:00** Shell-skálinn. Ljósmyndasýning á útisvæði. *Aðgangur ókeypis*
**10:00 - 17:00** Sundlaug Stokkseyrar opin.
**11:00** Töfragarðurinn opnar Tommi bangsi lætur sjá sig, leiktæki og risa hoppupúði.
**11:00 - 18:00** Veiðisafnið opið.
**11.30** Matiné (kirkjan) ANGELIKA NIELSEN & KRISTIAN BLAK *Aðgangur ókeypis*
**12:00** Veitingahúsið Við Fjöruborðið opnar. Humar, humarsúpa og lambakjöt
**12.00 - 21.00** Sýningarsalur ER. Tombóla og tréútsala á stétt bryggjumegin.
**13:00 - 18:00** Draugasetrið. *Tilboð ef farið er á bæði söfnin*
**13:00 - 18:00** Álfa-, trölla- og norðurljósasafnið*Tilboð ef farið er á bæði söfnin*
**14:00** Menningarkaffi opnar. Listsýningar og fl.
**14:00 - 18:00** Valgerður Þóra opnar Mósaík vinnustofuna *Aðgangur ókeypis*
**14:00 - 18:00** Elfar Guðni opnar vinnustofu sína Svartaklett *Aðgangur ókeypis*
**15.00** "Syngið við" SIMME, JENS MARNI, TERJI, EYÐUN, KIM *Aðgangur ókeypis*
**16.00** "Dvørgamøy" FØROYSKUR DANSUR *Aðgangur ókeypis*
**22.00** Bryggjusöngur með Labba í Glóru og Simme við varðeld *Aðgangur ókeypis*
**23.00** Glæsileg flugeldasýning í boði **Guðmundar Tyrfingssonar ehf** *Aðgangur ókeypis*

***Kvöldskemmtun fram á nótt verð 1000 kr.***
**23.30** DANSUR v/ KIM HANSEN og styttri innsløg :FØROYSKUR DANSUR - SIMME - HARMONIKU DANSUR



## Mánudagur 3. ágúst

**09:00 – 21:00** Kajakaferðir.
**09:00** Shell-skálinn. Ljósmyndasýning á útisvæði. *Aðgangur ókeypis*
**11:00 - 18:00** Töfragarðurinn fjölskyldu- og skemmtigarður
**13:00 - 18:00** Draugasetrið. *Tilboð ef farið er á bæði söfnin*
**13:00 - 18.00** Álfa-, trölla- og norðurljósasafnið. *Tilboð ef farið er á bæði söfnin*

*Lista og menningarverstöðin*

Menningarráð Suðurlands

KAJAKAFERÐIR STOKKSEYRI

Guðmundur Tyrfingsson ehf.

**50% afsláttur af kvöldskemmtun fyrir 18 ára og yngri frítt fyrir 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.**

**Stærri tjaldstæði og úrval af gisti-möguleikum á Stokkseyri og Selfossi**
**Sjá nánar á: www.stokkseyri.is**

Tjaldstæði Stokkseyrar

VÍKING

ICELANDIC WONDERS

Draugasetrið STOKKSEYRI

Töfragarðurinn Stokkseyri

# Vildu ekki bindindi

Verslunarmenn hófu árið 1881 að gera sér glaðan dag eitt kvöld á ári að vetri til en 1894 fékk Verzlunarmannafélag Reykjavíkur sinn fyrsta almenna frídag og efndi þá til útiskemmtunar 13. september.

Árið 1897 hvatti Stúdentafélagið í Reykjavík öll félög í bænum til að gangast saman fyrir hátíð 2. ágúst. Hún var haldin á Rauðarártúni og tók Verzlunamannafélagið þátt í henni. Tímasetninguna má rekja til þess að 2. ágúst 1874 var haldin þjóðhátíð til að minnast þúsund ára afmælis þjóðarinnar og fram til 1909 var þjóðhátíð Reykvíkinga yfirleitt haldin þann dag. Árið 1902 drógu verslunarmenn sig út úr henni, ástæðan var sú að bindindismenn höfðu komist þar í meirihluta og vildu engar vínveitingar á hátíðinni.

Fyrstu árin á eftir héldu verslunarmenn sumarskemmtanir í nágrenni Reykjavíkur hina ýmsu daga. Árið 1918 héldu þeir hana í Vatnaskógi 2. ágúst enda var sá dagur úr sögunni hjá öðrum. Veturinn 1933-4 var ákveðið að frídagur verslunarmanna skyldi vera fyrsti mánudagur í ágúst. Þannig hefur það verið síðan og af þeim degi dregur verslunarmannahelgin nafn. *- gun*

*Heimild: Saga daganna*



MYND/ÚR SAFNI

**Frídagur verslunarmanna hefur verið fyrsti mánudagur í ágúst frá 1934.**

**Fjölskylduhátíð SÁÁ**
**Hlöðum Hvalfjarðarströnd**
um Verslunarmannahelgina

**DAGSKRÁ**

**Föstudaginn 31. júlí**
20:00 Þórarinn Tyrfingsson setur hátíðina.
21:00 Diskó unga fólksins
22:00 Hljómsveitin Nögl
00:00 Dj Óskar

**Laugardagur 1. ágúst**
10:00 Listasmiðja barna
13:30 Útileikir
18:00 Bingó
20:00 KK
21:00 Diskó unga fólksins
22:00 Klassík leikur fyrir dansi

**Sunnudagur 2. ágúst**
11:00 Helgistund
13:00 Sögustund barnana
14:00 Útileikir
20:00 Gylfi Ægisson
22:00 Varðeldur
Klassík leikur fyrir dansi
Geir Ólafsson
Kalli trúbador

**STANSLAUST FJÖR ALLA HELGINA !**
Dagskráin er með fyrirvara um breytingar

Sætaferðir frá Von, Efstaleiti alla daga. Þarf að panta fyrirfram í síma 824 7646 eða með pósti á hilmar@saa.is Aðgangseyrir er kr. 3.000, en frítt inn fyrir börn 14 ára og yngri. Fjölbreytt skemmtiatriði verða alla helgina.



**Þau Eldar Ástþórsson, Diljá Ámundadóttir og Björn Kristjánsson skipuleggja Innipúkahátíðina í ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Þétt dagskrá í borginni

**Þeir sem kjósa að dvelja í miðborg Reykjavíkur um verslunarmannahelgina hafa úr þéttri tónleikadagskrá að velja en Innipúkinn og Jack Live Musicfestival eru á meðal helstu viðburða.**

„Innipúkinn er hátíð sem hefur flakkað svolítið um höfuðborgina og farið víða síðan hún var fyrst haldin árið 2002,“ segir Eldar Ástþórsson, einn af skipuleggjendum hátíðarinnar, en í ár verður hún í fyrsta skipti haldin á tveimur stöðum sem standa hlið við hlið í Tryggvagötunni.

„Þetta eru staðirnir Sódóma og Batteríið sem báðir henta vel til tónleikahalds. Batteríið er reyndar gamalt heimili Innipúkans því hann var haldinn á staðnum, sem þá hét Organ, fyrir tveimur árum og eru menn sammála um að það hafi verið einhver skemmtilegasta Innipúkahátíð sem haldin hefur verið. Það ríkir því mikil ánægja með að vera komin þangað aftur,“ segir Eldar.

Portið á milli staðanna verður einnig nýtt en þar verður útipartý milli 17 og 20 á laugardag og jafnvel oftar ef veður leyfir. „Þar verður grill, „pub-quiz“ og fleira skemmtilegt og ef það fer að rigna erum við búin að græja okkur upp með tjaldi. Það gæti því skapast örlítil útihátíðarstemning en þó verða öll þægindi innan handar.“ Fjöldi listamanna og hljómsveita mun troða upp og verður eitthvað á boðstólum fyrir alla. „Við verðum með allt frá Megasi og Gylfa Ægissyni yfir í rokk og teknó,“ segir Eldar.

Útihátíðin Jack Live Summerfestival er haldin í annað skipti í garðinum fyrir aftan Dillon á Laugavegi en þar munu átján hljómsveitir og listamenn troða upp. Við verðum með tónleika, grill, lukkuhjól og fleira skemmtilegt, allt á einum stað og er ekki veikur hlekkur í dagskránni,“ segir Vilhjálmur Sanne, annar eigandi Dillons, en hljómsveitir á borð við Dr. Spock, Agent Fresco, Brain Police og Deep purple (coverband) með Eyþóri Inga Gunnlaugsson í fararbroddi munu stíga á svið.

Verði á báðar hátíðarnar er stillt í hóf en armbandið á Innipúkann kostar 2.900 krónur og 2.500 á Jack Live Summerfestival en auk þess er hægt að kaupa miða á einstaka viðburði. Nánari upplýsingar er að finna á www.midi.is. *- ve*



**Vilhjálmur Sanne og Markús Hauksson, eigendur Dillons, standa nú fyrir tónlistarhátíð aðra verslunarmannahelgina í röð.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Metfjöldi í mýrarboltanum

Þátttaka í Evrópumeistaramótinu í mýrarbolta er helmingi meiri heldur en hún var í fyrra. Mótið, sem fer fram í Tungudal á Ísafirði, er nú haldið í sjötta sinn. Á hádegi í gær höfuð sex hundruð manns skráð sig til leiks en í fyrra tóku tæplega 300 manns þátt.

Mótshaldarinn Jóhann Bæring Gunnarsson, sem hefur hlotið nafnbótina drullusokkur ársins 2009, segir skýringuna þá að þeir sem komi einu sinni komi ávallt aftur og að margir hafi náð að safna í lið á milli ára. „Fólki finnst þetta bara svo gaman.“ Nú þegar eru um fimmtíu lið skráð til leiks, þrjátíu karlalið og tæplega tuttugu kvennalið en hámarksfjöldi í liði eru fimmtán manns. Eitt lið er eingöngu skipað erlendum leikmönnum sem eru meðal annars frá Suður-Kóreu, Bandaríkjunum og Frakklandi. „Þá erum við með Kanadamenn í einu liði og Pólverja í öðru.“ Meðal nýjunga í ár eru svo sápubandý og konuburðarkeppni en í henni er keppendum gert að komast yfir drullusvað með konu á bakinu. „Það er alveg nógu erfitt að hlaupa einn síns liðs í drullunni svo þetta verður fróðlegt að sjá,“ segir Jóhann. *- ve*



MYND/BIRGIR ÖRN

**Um sex hundruð manns eru nú þegar skráðir í mýrarboltamótið á Ísafirði en auk þess er von á nokkur þúsund áhorfendum.**


ÞÚ ÞARFT EKKI LÁN
FYRIR VEIÐIGRÆJUNUM
HJÁ OKKUR..
VEIÐIPORTIÐ
Mán. - föst. 9 -18
laugard. 9 - 16
sunnudag. 10 - 14
Veiðiportið • Grandagarði 3 • Sími 552 9940
JAXON
IMPRESS RD hjól
Frábært kasthjól, 8 legur,
1 auka spóla
5.950 kr
Vöðlur
PVC Vöðlur 42 - 46
6.900kr.
Nærfatnaður
Láttu þér ekki verða kallt
með haustinu !! Gott nær-
fata sett undir veiðigallann.
Peysa og buxur aðeins.
5.900 kr
einnig fáanleg þykk flís nærföt á
5.990kr
JAXON
GALANT kasthjól
Gott kasthjól, 4 legur
1 auka spóla
2.950 kr
Opið kasthjól
Með 1 legu
1.990 kr
Adventure kaststangir
6 - 8 -9 og 10 feta
verð 1.990kr - 3990.kr
Jaxon eternium laxastöng
10 feta Laxa stöng 10-40 gr.
verð 12.950 - tilboð 7.950 kr
Já ég veit að það er
kominn timi á klippingu
Vöðlujakki
2 laga vöðlujakki með
útöndun og fjölda vasa
verð 14.950kr.
Tilboð 10.950 kr.
Hvítmaðkur
Hvitmaðkurinn
er ein öflugasta
beitan í silung
Trilla
Frábær trilla sem gott er að hafa með í túrnum
þegar að veiðifélaginn hefur fengið sér aðeins of
mikið í aðra tánna.
Verð 9.950kr (sér pantað)
ÓDÝRAST
Í BÆNUM
STANGARHALDARAR
original Vac rac made in UK.
SEGULL 10.950 kr
I.G SEGULHALDARAR 6.950 kr
TOPY spúnar & spinnerar
Ódýrustu flugurnar í 6 ár!
Laxa þríkrækjur 350 kr
Straumflugur 295 kr
Púpur 220 kr
Brasstúbur 395 kr



SIGLUFJÖRÐUR

# Síldarævintýrið 2009

**Hátíðin í ár verður sérlega glæsileg**
og getur öll fjölskyldan fundið dagskrárliði við sitt hæfi

## Fimmtudagur 30. júlí

### Ráðhúsið kl. 16:00
Myndlistamaðurinn Bergþór Morthens sýnir verk í Ráðhúsi Fjallabyggðar á Siglufirði

### Siglufjarðarkirkja 20:00
Kertamessa
-Þorvaldur Halldórsson og Sigurður Ægisson

## Föstudagur 31. júlí

### Blöndaslóð Kl. 13.00
*Sprell leiktæki opið fram á kvöld

### Ráðhúsið kl. 13:00
Myndlistamaðurinn Bergþór Morthens sýnir verk í Ráðhúsi Fjallabyggðar á Siglufirði

### Ráðhústorg Kl. 16:30
Hljómsveitin Heldri menn

### Ráðhústorg Kl. 22.00
Hljómsveitin Buff
Lifandi tónlist

### Allinn
*Dansleikur með Hljómsveitinni Buff
(Tóti og Danni hita upp)

### Veitingastaðurinn Torgið
Opið fram eftir kvöldi

Á Siglufirði eru frábær tjaldstæði í hjarta bæjarins og við Stóra-Bola, gistingu er einnig hægt að fá innan dyra á gistiheimilinu Hvanneyri. Sundlaugin verður opin frá morgni til kvölds og verslanir hafa rúman opnunartíma. Góður golfvöllur er til staðar og skemmtilegar gönguleiðir við allra hæfi í næsta nágrenni og hægt verður að aka yfir hið stórfenglega Siglufjarðarskarð.



## Laugardagur 1. ágúst

### Golfvöllurinn að Hóli kl. 11:00
Opna SPS golfmótið

### Blöndaslóð kl. 13:00
*Sprell leiktæki opið fram á kvöld

### Ráðhúsið kl. 13:00
Samsýning myndlistamanna í Ráðhúsi Fjallabyggðar á Siglufirði.
Listamenn sem taka þátt í sýningunni hafa undanfarin ár verið að byggja upp myndlistarstefnu sína og hafa verið dugleg við að sýna, bæði á einka og samsýningum hérlendis og erlendis.

### Ráðhústorg kl. 13.30
Söltunargengið kemur á svið og tekur lagið.
Raggi Bjarna og Þorgeir Ástvalds taka lagið.

### Síldarminjasafnið kl. 15:00 og 16:00
*Söltunarsýning

### Bátahúsið kl. 17:30 og 21:00
*Meira salt - söngvar síldaráranna
-Óskalagaþáttur sjómanna: (Lesnar verða kveðjur til sjómanna "á hafi úti")
-Umsjónarmaður Steinunn María Sveinsdóttir
-Söngvarar: Björn Sveinsson, Birgir Ingimarsson, Friðfinnur Hauksson, Mundína Bjarnadóttir, Þorgeir Ástvaldsson og Þórarinn Hannesson.
-Sérstakir gestir: Ragnar Bjarnason og Þorvaldur Halldórsson.

### Ráðhústorg kl. 21.30
Papar
Max
Evanger

### Austan við Síldaminjasafnið kl. 24:00
Varðeldur og flugeldasýning í höndum björgunarsveitarinnar Stráka

### Allinn kl 23:30
*Dansleikur með Pöpunum

### Veitingastaðurinn Torgið
Opið fram eftir kvöldi

## Sunnudagur 2. ágúst

### Hvanneyrarskál kl. 11:00
Helgistund í Hvanneyrarskál

### Golfvöllurinn að Hóli kl. 13:00
Opna SR golfmótið

### Blöndaslóð kl. 13:00
*Sprell leiktæki opið fram á kvöld

### Ráðhúsið kl. 13:00
Samsýning myndlistamanna í Ráðhúsi Fjallabyggðar á Siglufirði.
Listamenn sem taka þátt í sýningunni hafa undanfarin ár verið að byggja upp myndlistarstefnu sína og hafa verið dugleg við að sýna, bæði á einka og samsýningum hérlendis og erlendis.

### Ráðhústorg kl. 14.00
Fjölskylduleikverkið Pína pokastelpa

### Bryggjan við Síldarminjasafnið kl. 15:00 og 17:00
*Sögusigling Síldarminjasafnsins á bátnum Húna II. Lagt af stað kl. 15:00 og 17:00.

### Óskarsbryggja kl. 15.00
Dorgveiðikeppni barna

### Allinn kl. 16.00
*Tónleikar með Hara systrum

### Ráðhústorg kl. 17.00
Söngkeppni barna
Atriði frá Tónlistarskóla Siglufjarðar
Verðlaunaafhending fyrir dorgveiði- og söngkeppni

### Síldarminjasafnið kl. 16:30
Söltunarsýning

### Ráðhústorg kl. 21.00
Stúlli og Dúi - Rúnar og Gísli - Tóti og Danni

### Allinn
*Dansleikur með Stúlla og Dúa

### Veitingastaðurinn Torgið
opið fram eftir kvöldi

Inn á stjörnumerkta* atburði er aðgangseyrir.

Við bjóðum alla landsmenn hjartanlega velkomna til Siglufjarðar

Í húsi **Einingar Iðju við Túngötu**
verða haldnir AA fundir
(á móti gamla malarvellinum)

| | |
|---|---|
| Fimmtudagur | kl. 20:30 |
| Föstudagur | kl. 23:00 |
| Laugardagur | kl. 18:00 |
| Sunnudagur | kl. 10:30 |

http://sildaraevintyri.fjallabyggd.is/




SpaceBags lofttæmingarpokarnir eru komnir! www.vt24.is s. 517 3030.

ROTÞRÓ TIL SÖLU. Ný og ónotuð, með stútum. 2.600 lítra. Verð 85.000 Uppl. í s 772 0323.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**

**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**

**Leitið til fagmanns. Upplýsingar á demantar.is**

**í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,**

**Verið velkomin**

Vantar 150-250 L hitákút og/eða rafmagnsofna fyrir sumarbústað. Uppl. í s. 896 6271.

Vantar utanborðsmótor, kajaka og kanó. Vinsamlegast hafið samband í gsm 898 6566 Jón

**Ísvél-Taylor**
Óska eftir að kaupa nýja eða gamla Taylor ísvél ásamt fylgihlutum. Stgr. Uppl. í s. 896 3420 / 847 1625.

VANTAR ÞÉR PENING? Ertu með gullskartgrip, gullpening eða annað úr gulli sem þú vilt selja? Komdu til okkar á Laugarvegur 76 og þáðu gott staðgreiðsluverð.Uppl.695-2804

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 34.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 69.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.

## Tölvur

**Er tölvan biluð?**
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695 2095.

## Bækur

ROKKARAR. Nýtt Ludwig trommusett til sölu, Besta sett norðan Alpafjalla. Verð kr. 250.000.- 892 0667.

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 840-7273 og ulfurinn.is

## Verslun

amor
Egg í miklu úrvali frá kr. 790.-
Tilboð á DVD Frábært úrval af nýjum titlum.
WET
Full búð af nýjum vörum
• INTIMO •
Öruggleg besta rakgelið!
Tökum að okkur heimakynningar.
ATH !
VSK af þegar pantað er á netinu !
Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is

extrakaup
EXTRA GÓÐ KAUP

**HEFUR OPNAÐ aftur að Suðurlandsbraut 8.**
**Verslunarmannahelgar tilboð**
**4m. tjald og svefnpoki 5.900**
**2m. tjald og svefnpoki 4.900.**
**Einangrunnar dýnur í tjöld 990.**
**Regngallar á 990 kr.**
**Mikið úrval af leikföngum og gjafavörum, ódýr og góð kaup.**
**Opið 11 til 18 virka daga.**
**Simi 869 1522.**

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Mér finnst Herbalife vera best. Ótrúlegur árangur, Hjálpumst að. Sólrún Ósk s: 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**Tantric Massage of Sacred touch**
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

SJÚKRANUDD Einar Snorri Magnússon, löggiltur sjúkranuddari. Nýjaland Eiðistorgi. Sjúkranudd, slökunarnudd, bandvefsnudd, acupressure, periost meðferð, ofl.. Upplýsingar og tímapantanir í síma 6946790

**ALNUDD - TILBOÐ KR. 3.500.-**
Heilsunudd 45 mín. Kr. 3.500.-

slökunarnudd,Svæðanudd, sjúkranudd, Ayur Veda, hunangsnudd, heitsteina- og jurtanudd, sogskálanudd, allskyns snyrting og fleira. Pantanir í S. 445 5000.

## Snyrting

Hárlengingar • Fléttur • Varanleg förðun •
Sími 551 2042 / 694 1275
www.hairandbodyart.net
Lynette Jones

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Gott rúm m/ dýnu, 135br. og 3sæta sófi. Sanngjarnt verð. Uppl. í S. 553 6592.

## Húsgagnaviðgerðir

**Leysum málningu og bæs af gömlum húsgögnum, hurðum o. fl www.afsyring.is S. 897 5484 & 897 3327.**

## Dýrahald



Til sölu labradorhvolpar upplýsingar í síma 820 5670 og á bjarg@internet.is.

dyrabaer.is
Ný vefverslun

10 vikna fallegur, gæfur og kassavanur fress fæst gefins á gott heimli. Upplýsingar í síma 844 4699

**Hundaganga/pössun**
Lítinn sætan hvolp í Þingholtinu vantar dýravin til að fara með sig út að ganga í hádeginu flesta virka daga. Nánari uppl. veittar í S. 698 6590 e. kl. 17.

## Ýmislegt

Til sölu 5 álþakgluggar opnanlegir „ nýir „ st. 70x90. Seljist saman eða sitt í hvoru lagi. Listaverð 73,000 kr st. Tilboð óskast. uppl. í síma: 6626008

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Barcelona Sagrada familla hverfi. Einnig ódýrar íbúðir. Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws.

## Fyrir veiðimenn




ATH !!! Pantið maðkana í tíma Þið gerið það í síma 695-2572 & 615-3500 Milli 10-12 og 17-19.

**Sjóbleikja**
Til sölu veiðileyfi í Fellsá, Kollafirði, Strandabyggð. Upplýsingar veitir Barbara Ósk í síma: 451 3343 og GSM 663 4628.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Við Hlemm**
**18 fm stúdíóherbergi. wc, sturta, lítil eldhúsinnrétting, örbylgjuofn og dyrasími.**
**Sérinngangur frá stigagangi.**
**Uppl. í s. 899 9948**
**og a eilin@simnet.is**

**www.leiguherbergi.is**

**Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

Íbúð til leigu m. öllu á Egilstöðum. Leigist út í sólahring eða lengur. Uppl. í S. 697 3084 - geymið auglýsinguna.

10 fm. herbergi 29 þús. og 15 fm 35 þús. til leigu í Hfj. Internet, allt innifalið. Uppl. í s. 770 5451.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi til leigu í Seljahverfi. Aðgangur að WC og sturtu. Húsgögn geta fylgt. Laus, upplýsingar í síma 824 3205.

15 fm. herb. til leigu í 109. Aðgangur að wc og sturtu, sérinng. 35þús. Uppl. í S. 861 0334.

**Stúdíóíbúð**
Nýuppgerð 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Laus 1. ágúst. S. 824 6692.

Laus. Gott herbergi til leigu í seljahverfi. Aðg. að baðh., eldaðst., þvottav., neti og fl. S.698 2263.

Til leigu 13,2 ferm herbergi í 110 frá 1 ágúst. Sameiginlegt wc. Leiga 25.000 Uppl. elin88@btnet.is

Herb. til leigu, með öllu. Innifalið, rúm, fataskápur, adsl, ískápur. S. 693 4545, 693 4848.

## Húsnæði óskast

Reglusöm fjölskylda óskar eftir húsi/íbúð í Hafnarfirði. Þarf að afhendast í ágúst og vera með a.m.k 4.svefniherbergjum. Vinsamlegast hafið samband í síma 664 5661 eða á netfang sph@hafnarfjordur.is.

Siglfirðingur óskar eftir einstaklingsíbúð nálægt HÍ frá 15. ágúst. Er reyklaus og reglusöm S.847 1042.

Reglusöm/reykl hjón(tölvunarfr) + hund, óska eftir 3-4 herb íbúð/raðhús, langtíma Uppl. 856 7204.

Óska eftir stúdíó íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Greiðslugeta 45þús. Uppl. s. 891 7660.

Erum ungt reglusamt par sem óskar eftir íbúð. Greiðslugeta 50-70þ. S. 663 9046.

## Sumarbústaðir

Sumarbústaður - Frábært verð! Ásett aðeins 6,9 milljónir. Gott staðgreiðsluverð. 86 fm sumarbústaður í Heklubyggð á steyptri plötu. Fullbúinn að utan. Að innan er bústaðurinn einangraður og byrjað er að setja upp veggi. Uppl. um svæðið á Heklubyggd.is. S: 896 2312, 820 6022 & 897 8266.

## Atvinnuhúsnæði



Frábær staðset. Til leigu 60m2 pláss á Malarhöfða hátt til lofts. S 896 6621

Menntaskólastúlka utan af landi óskar eftir herbergi á leigu hjá góðu fólki frá 20. ágúst nk. Helst sem næst miðbæ Rvk. Gæti hugsanlega tekið að sér einhverja heimilisaðstoð. Upplýsingar á frostastadir@simnet.is eða í síma 4538247.

Til leigu skrifstofuherbergi við höfnina í hafnarfirði 30 fm upp 8946633

Skrifstofu- og/eða lagerhúsnæði til leigu í Ármúla, gámaaðgengi. armuli@visir.is

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

## Gisting

Akureyri Íbúð eða herbergi til leigu á Akureyri. Upplýsingar í síma 695-7045 / 570-7045.

Akureyri Herbergi eða ibúð til leigu í miðbæ Akureyrar fram yfir verslunarmannahelgina. Uppl. í síma 695-7045 / 570-7045.

Vikugisting í glæsilegum hótelíbúðum í Hafnarfirði. Allur húsbúnaður, nettenging, sjónvarp, eldunar- og þvottaaðstaða, 2- 6 í íbúð, verð: 45-90 þús. á viku. Uppl. í síma 899 7004.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Pósthúsið

Pósthúsið er dreifingarfyrirtæki á landsvísu. Við leitum eftir aðilum til samstarfs í ýmsum dreifingarverkefnum 1-2 í viku á eftirfarandi svæðum : Keflavík - Grindavík - Garður - Akranes - Sauðárkrókur - Hvammstangi. Áhugasamir hafa samband við Siggu Birtu í s.585-8330 eða í gegnum tölvupóst siggabirta@posthusid.is

STAY GUESTHOUSES

Stay ehf. vantar duglegar stelpur í þrif á tveimur gistiheimilum í miðbænum. Þarf að geta hafið störf strax. Uppl. í stay@stay.is

Matvælafyrirtæki óskar eftir vélfræðingi eða manni með góða þekkingu á vélum. Viðkomandi á að sjá um viðhald véla og önnur tilfallandi störf, þarf að geta unnið sjálfstætt og hafa ensku kunnáttu. Umsóknum skal skila f. 10.ágúst inná gottstarf@visir.is.

Verslanir The Pier óska eftir Lagermanni í 60% starf. Vinnutími frá 9-15. Áhugasamir sendi póst á Katrínu, katrin@pier.is

**Spjalldömur á Sexychat**
Finnst þér gaman að daðra við karlmenn á netinu? Viltu afla þér tekna með áhugamálinu? Kynntu þér málið á Sexychat.is.

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 6666 & 908 2000.**
**Opið þegar þér hentar**

**Frábær ný upptaka**
Ung kona fer í nudd til annarrar konu. Frásögnin er ákaflega næm og persónuleg og seinasti hluti upptökunnar er svo „innilegur“ að það er unun á að hlýða. Sögur Rauða Torgsins, s. 905-2002 og 535-9930, upptökunr. 8530.

**Djörf samskipti**
Sexychat.is er djarfur samskiptavefur fyrir fólk sem leitar náinna kynna. Kynntu þér málið á Sexychat.is

**Spjalldömur á Sexychat**
Nú geta heitar og skemmtilegar konur hagnast á djörfum net-samskipum við hvern sem er. Kynntu þér málið á Sexychat.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

TAL
Getraunaleikur Tals og Vísis
Drögum vikulega út veglega vinninga
Taktu þátt á Vísir.is
PEPSI DEILDIN
vísir.is

LEIKARINN STEPHEN DORFF FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1973.

„Frægðin virðist spennandi en hún getur líka verið algjör martröð.“

*Stephen er bandarískur kvikmyndaleikari. Meðal mynda sem hann hefur leikið í eru Backbeat og Blade.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 29. JÚLÍ 1907**

## *Danakonungur heimsækir Ísland*

Friðrik VIII. Danakonungur sté á land á Íslandi þennan dag árið 1907 ásamt Haraldi prins og fríðu föruneyti. Konunginn og fylgdarlið hans dvaldi til 15. ágúst á landinu og ferðaðist víða. Eftir móttökuathöfn og viðdvöl í Reykjavík var farið ríðandi frá borginni á Þingvöll og þaðan að Gullfossi og Geysi, sem þá eins og nú þóttu meðal okkar skærustu náttúruperlna. Í bakaleiðinni var komið við í Þjórsártúni og á Selfossi. Eftir það var stigið aftur á skipsfjöl og siglt norður til Ísafjarðar, Akureyrar og austur til Seyðisfjarðar.

Alls staðar voru haldnar veislur kóngafólkinu til heiðurs og háfleygar ræður fluttar enda ekki algengt að svo tignir gestir væru á ferð.



Starfsfólk Árbæjarsafns minntist konungskomunnar árið 2007.

KOTMÓT HVÍTASUNNUMANNA: HALDIÐ Í SEXTUGASTA SKIPTI

# Heilbrigð skemmtun fyrir alla

Kotmót Hvítasunnumanna er nú haldið í sextugasta skipti að Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð en upphaf mótanna má rekja til þess að hvítasunnumenn í Vestmannaeyjum vildu komast burt á meðan Þjóðhátíðin stóð yfir. Þeir höfðu samband við Guðna Markússon, bónda í Kirkjulækjarkoti, sumarið 1949 og báðu um leyfi til að efna til móts í Kirkjulækjarkoti um verslunarmannahelgina. Um tuttugu Eyjamenn komu þarna saman og var ákveðið að endurtaka leikinn að ári. Það mót sóttu um 70 manns og síðan hafa mótin orðið að árlegum viðburði sem sífellt fleiri sækja.

„Aðstaðan var í upphafi fábrotin og sátu menn á plönkum á milli olíubrúsa og sváfu í hlöðunni en í dag eru þarna heljarinnar mannvirki,“ segir mótsstjórinn Stefán Garðarsson. „Þarna er fjögur þúsund fermetra samkomuhús sem áður hýsti hluta af tívolíinu í Hveragerði, gistiskáli með rúmstæðum fyrir 120 manns, 200 manna matsal og hreinlætisaðstöðu og tjaldsvæði.“

Í dag sækja á fjórða þúsund manns hátíðina á hverju ári en þar af eru um 1.000 hvítasunnumenn. „Hátíðin er öllum opin og hentar þeim sem sækjast eftir heilbrigðri skemmtun án áfengis. Þetta er útihátíð með kristilegu ívafi en fólki er í sjálfsvald sett hvort það mætir á samkomur.“ Stefán segir fjölskyldufólk sækja hátíðina í miklum mæli enda er þéttskipuð dagskrá fyrir börn og unglinga. „Á barnamótinu styðjumst við meðal annars við minningarvers úr Biblíunni sem fjalla um að við eigum að vera góð hvert við annað og önnur undirstöðuatriði. Þá verða útisamverur, kvöldvökur, karnival og fleira skemmtilegt í boði fyrir börnin og fjölskyldur þeirra en á staðnum er auk þess sjoppa, hamborgarastaður og önnur þjónusta.

Í tilefni af sextíu ára mótsafmælinu mun bandaríski gospel-söngvarinn André Crouch heiðra hátíðargesti með nærveru sinni en Stefán segir mikla stemningu jafnan myndast í samkomuhúsinu enda sé öllu tjaldað til hvað varðar flytjendur, ljósabúnað og hljómgæði.

vera@frettabladid.is



**GÓÐ STEMNING** Stefán segir mikla stemningu skapast á Kotmótunum enda sé öllu tjaldað til. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Júlíus Jónsson bóndi**

Norðurhjáleigu Álftaveri,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Klausturhólum laugardaginn 25. júlí sl. Útförin fer fram frá Þykkvabæjarklausturskirkju föstudaginn 7. ágúst nk. kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeir sem vilja minnast hans er bent á velunnarasjóð Klausturhóla, reikningsnúmer 0317-13-771176, kt. 700399-2739.

**Arndís Salvarsdóttir**
**Salvar Júlíusson**
**Jón Júlíusson** **Helga Gunnarsdóttir**
**Gísli Þórörn Júlíusson** **Rakel Þórisdóttir**
**Ragnheiður Guðrún Júlíusdóttir** **Kári Gunnarsson**
**Ólafur Elvar Júlíusson** **Ingibjörg Einarsdóttir**
**Jóhanna Sólveig Júlíusdóttir** **Birgir Arnar Steingrímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Yndislegi eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur, bróðir og afi,*

**Karl Gíslason**

Bessastöðum, Norðurhúsi, Álftanesi,

lést mánudaginn 20. júlí á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ í dag, 29. júlí, kl. 13.00.

**Sigurbjörg Sigurbjörnsdóttir**
**Sigríður Líndal Karlsdóttir** **Veturliði Þór Stefánsson**
**Heiðrún Líndal Karlsdóttir** **Jón Arnar Jónsson**
**Unnur Líndal Karlsdóttir**
**Guðmunda Eiríksdóttir**
**Súsanna Gísladóttir** **Einar Gunnarsson**
**Sigríður Gísladóttir**
**og barnabörn.**



*Elskuleg móðir, tengdamóðir og amma,*

**Alda Þórðardóttir**

áður til heimilis að Reynilundi 15, Garðabæ,

lést á líknardeild Landspítala í Kópavogi sunnudaginn 26. júlí. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ miðvikudaginn 5. ágúst kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeildina í Kópavogi.

**Helen Ingibjörg Agnarsdóttir** **Magnús Haukur Norðdahl**
**Sigurlaug Hrönn Agnarsdóttir** **Magnús Magnússon**
**Þórður Bragason** **Ragnhildur Sophusdóttir**
**og barnabörn.**



*Þökkum auðsýnda samúð við missi hjartkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Stellu Stefánsdóttur**

Engihjalla 19, Kópavogi,

sem lést fimmtudaginn 2. júlí. Sérstakar þakkir eru til þeirra sem önnuðust hana á gjörgæslu Landspítalans við Hringbraut.

**Jóna Karlsdóttir**
**Stefanía Karlsdóttir** **Jóhannes G. Pétursson**
**Stefán Þ. Karlsson** **Þóra Vilhjálmsdóttir**
**Guðbjörg Edda Karlsdóttir** **Gunnar Sigurðsson**
**Sólveig Gyða Guðmundsdóttir** **Gunnar Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar ástkæri*

**Haukur Júlíusson**

Klapparhlíð 1, Mosfellsbæ,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans sunnudaginn 26. júlí sl. Útförin verður gerð frá Dómkirkjunni föstudaginn 31. júlí kl. 13.00.

**Lára I. Ágústsdóttir**
**Ingibjörg Hauksdóttir** **Sverrir Ólafsson**
**Þór Hauksson** **Guðný María Jónsdóttir**
**Ásgerður Hauksdóttir** **Þorsteinn Bjarnason**
**barnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Finnbogadóttir**

lést mánudaginn 27. júlí að Hrafnistu Hafnarfirði. Útförin verður auglýst síðar.

**Helgi Elíasson**
**Finnbogi Helgason** **Elísabeth Snorradóttir**
**Guðbjörg Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Karl Bóasson**

fyrrverandi lögreglumaður, Rjúpnasölum 14, Kópavogi,

lést á líknardeild Landakotsspítala 25. júlí sl. Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 14. ágúst nk. kl. 13.00.

**Halldóra Jóna Stefánsdóttir**
**Emil Brynjar Karlsson** **Sigrún Sigtryggsdóttir**
**Anna Sigríður Karlsdóttir** **Bjarni Rúnar Þórðarson**
**Örn Karlsson** **Siriworraluck Boonsart**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Hekla Gestsdóttir**

Garðabraut 45, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness sunnudaginn 26. júlí. Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 30. júlí kl. 15.00.

**Hörður Júlíusson**
**Sigurlaug Jensey Skúladóttir** **Guðmundur Sigurdórsson**
**Sigurbjörg Helga Skúladóttir** **Kjartan Aðalsteinsson**
**Skúli Kristinn Skúlason** **Dagbjört Hannesdóttir**
**Ásgrímur Harðarson**
**Trausti Harðarson** **Elva Hrund Þórisdóttir**
**og barnabörn.**



*Ástkær fósturmóðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Halldóra Ingimundardóttir**

Hornbrekku, Ólafsfirði,

lést föstudaginn 24. júlí. Jarðarför fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 8. ágúst kl. 14.00.

**Marý Baldursdóttir** **Jón Sæmundsson**
**Gunnar Þorvaldsson** **Halldóra Bjarnadóttir**
**og barnabörn.**




Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.


# Náttúruhamfarablæti þjóðarinnar



NOKKUR ORÐ

Kolbrún Björt Sigfúsdóttir

Ég er mikið gefin fyrir ævintýri og hvers lags töfra. Ég, líkt og Íslendingar margir, sé ekkert að pínulítilli hjátrú um nokkra góða steina sem ekki má færa eða jafnvel drauga, óskir eftir að hafa velt sér upp úr dögginni og annað slíkt. Það fegrar lífið að mínu viti og særir engan.

Skiptar skoðanir eru um hvort spámiðlar eins og Þórhallur miðill eða sjáandinn Lára Ólafsdóttir séu álíka meinlaus og okkar ágæta þjóðarhjátrú. Jú, jú, ef draugar eru til, af hverju ekki að hafa samband við hina látnu, fá þá til að hringja heim eins og ET forðum? Spádómar hafa fylgt mannkyninu frá örófi alda. Hver er munurinn á litlum skjálfta-spádómi og heimsendaspá sem dregin er af dagatali Maja? Spádómur er spádómur. Inn í framtíðina hefur verið séð.



Flestir eru þó ekki með hjartað í buxunum vegna yfirvofandi heimsenda í desember 2012, en einhverra hluta vegna náðu orð fyrrnefndrar Láru að skjóta rótum í huga fólks og ekki var laust við að spenna fyndist í loftinu um það leyti sem spádómurinn átti að rætast. Persónulega leit ég til himins og upplifði mig sem í einhverri fantasíunni þar sem aðalpersónan finnur á eigin skinni að stormurinn er aðvífandi.

Íslendingar eru með hálfgert náttúruhamfarablæti. Ekkert er betra en gott gos í Grímsvötnum til að fá blóðið til að renna. Best væri að sjálfsögðu ef við gætum fylgst með snjóflóðum eða staðsett okkur með prýðisútsýni yfir Heklugos. Eyðileggingin er vissulega hræðileg en tilfinningin stórkostleg meðan jörðin skelfur undan fótum okkar. Því var þessi spádómur fullkominn. Hann sagði nákvæmlega það sem við vildum heyra.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Systralagið



## Vilt þú verða UNIFEM-systir?

UNIFEM á Íslandi kynnir til sögunnar nýtt átak, **Systralagið**, sem miðar að því að hvetja Íslendinga til að standa með systrum sínum víðsvegar um heim og uppræta ofbeldi, fátækt og óréttlæti.

Með því að ganga í **Systralagið** ákveður þú að greiða mánaðarlega upphæð og styrkja þannig konur og fjölskyldur þeirra til betra lífs.

Gakktu í Systralagið á **www.unifem.is** eða hringdu núna í síma **552 6200**.

Kvennasjóður Sameinuðu þjóðanna
UNIFEM
á Íslandi



PIPAR • SÍA • 91069




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE PROPOSAL | kl. 3:15D - 5:30D - 8D - 10:30D | L |
| THE PROPOSAL | kl. 3:15 - 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| HARRY POTTER 6 | kl. 4 - 5 - 7 - 8 - 10:10 | 10 |
| BRUNO | kl. 8 - 10:30 | 14 |
| THE HANGOVER | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30 | 12 |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 5 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE PROPOSAL | kl. 3:20D - 5:40D - 8D - 10:20D | L |
| HARRY POTTER 6 | kl. 5:30D - 8:30D | 10 |
| BRUNO | kl. 8 - 10:10 | 14 |
| THE HANGOVER | kl. 4 - 6 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE PROPOSAL | kl. 8 - 10 | L |
| HARRY POTTER 6 | kl. 7 - 10 | 7 |

KYNNTU ÞÉR SÝNINGARTÍMA Á SELFOSSI OG Í KEFLAVÍK Á WWW.SAMBIO.IS

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| EXTREME MOVIE | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 14 |
| EXTREME MOVIE LÚXUS | kl. 4 - 6 | 14 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5 - 8 - 10.50 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR LÚX | kl. 8 - 10.50 | 16 |
| BALLS OUT | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 D | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 8 - 10.50 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 7.30 - 9 - 10.30 | 16 |
| B13 - ULTIMATUM | kl. 8 - 10.10 | 14 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 5.50 | L |
| BJÖRK: VOLTAIC | kl. 6 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 9 | 16 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | L |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 8 | 12 |
| LESBIAN VAMPIRE KILLERS | kl. 10 | 16 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5.30 - 7 - 8.30 - 10 | 16 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 5.40 - 8 | 12 |
| THE HURT LOCKER | kl. 10.20 | 16 |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 5.50 - 8 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 10.10 | 14 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EXTREME MOVIE | kl. 6, 8 og 10 | 14 |
| FIGHTING | kl. 8 og 10.10 | 14 |
| HARRY POTTER | kl. 4, 7 og 10 | 10 |
| ÍSÖLD 3 - Íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |
| ÍSÖLD 3 - 3D - Íslenskt tal | kl. 4 | L |


# Jeff Who? á Innipúkanum

Hljómsveitin Jeff Who? hefur bæst við dagskrá Innipúkans um verslunarmannahelgina í ár, en dagskráin er sífellt að taka á sig nýja mynd. Þá hefur Amiina ásamt Kippa Kanínus og Magnúsi Trygvasyni Eliassen, Swords of Chaos og For a Minor Reflection einnig staðfest að þau muni spila á hátíðinni.

Eins og áður hefur komið fram skiptist dagskráin niður á tvo staði, Batteríið og Sódómu. Sing for me Sandra opnar hátíðina á Batteríinu á föstudagskvöld en þeim fylgja Morðingjarnir, Me, the Slumbering Napoleon ásamt Svanhvíti, Sin Fang Bous og Sudden Weather Change. Dagskrá Batterísins endar á Jeff Who?



**LÍKA INNIPÚKAR** Jeff Who? rífur þakið af Batteríinu á föstudagskvöldið.

Á Sódómu sama dag spila Bárujárn, Bróðir Svartúlfs, Benni Hemm Hemm, Sykur og Agent Fresco lýkur kvöldinu með tónleikum klukkan hálf tvö.

Á laugardeginum fylla Dikta, Seabear, Gylfi Ægis og Jóhanna og Stórsveit Nix Noltes Sódómu. Á Batteríinu sama kvöld eru hins vegar K-Tríó, Swords of Chaos, Borko, Singapore Sling, Retron og loks FM Belfast. Kvöldin enda því með miklum dansi, hvorum megin sem dvalið er.

Á sunnudag er því svo tekið rólega, Amiina og félagar hefja kvöldið á Sódómu. Sigríður Thorlacius & Heiðurspiltar taka svo við en Megas & Ólöf Arnalds slá botninn í dagskrána. Á Batteríinu er stemningin ekki alveg eins lágstemmd, Pascal Pinon, For a Minor Reflection, Hjaltalín og loks hip-hop-sveitin dularfulla, Fallegir menn, sjá um skemmtunina þar. Dagskrá hátíðarinnar er birt með fyrirvara um breytingar. - kbs

# DÝRASTA LAG JÓA G.

**Þau stórtíðindi berast að Jóhann G. Jóhannsson, lifandi þjóðsögn í íslenskri dægurtónlist, ætli loksins að senda frá sér sólóplötu. Útgáfa er fyrirhuguð á hausti komanda.**

„Það er skrítið að halda á svona grip. Dýrasta hljóðfæri sem ég hef komist í snertingu við. Eða notað í mína tónlist. Sem þýðir þá væntanlega að þetta er dýrasta lagið á ferlinum. Dýrasta sólóið," segir tónlistarmaðurinn Jóhann G. Jóhannsson í léttum dúr. Hann er að tala um fiðluna sem Hjörleifur Valsson leikur alla jafna á. Hún kemur við sögu á væntanlegri sólóplötu Jóhanns. Fiðlan, sem er Stradivarius frá 1732, var keypt árið 2006 af Ingunni Wernersdóttur fyrir Hjörleif að spila á og var þá talað um að hún væri metin á 210 milljónir íslenskra króna. Sú tala er nú komin upp í 378 milljónir á núvirði og má tala um óðaverðbólgu á þeim bænum. „Við Pétur [Hjaltested] vorum að grínast með það að við gætum keypt upp alla götuna fyrir þennan grip," segir Jóhann. En þetta er útúrdúr. Jóhann hefur komið sér fyrir í stúdíói Péturs í Hveragerði. Og þar eru þeir félagar að taka upp efni á plötuna. „Ég er ánægður með þá leið sem við erum að feta. Gerum „blueprint" af lögunum, prófum hin og þessi hljóðfæri, mótum hugmyndina og þá hóum við í músíkanta og handspilum þetta inn."



**JÓHANN OG HJÖRLEIFUR MEÐ STRADIVARIUSINN** Ferill Jóhanns er orðinn langur, hæggengur á stundum sem Jóhanni líkar vel, og nú er að hrökkva eða stökkva.

Jóhann G. Jóhannsson vakti fyrst verulega athygli með hljómsveitinni Óðmönnum á hippatímabilinu. Sjálfur miðar hann upphafið við það þegar hann gekk til liðs við skólahljómsveitina á Bifröst á sínum tíma. „Ég hef lengi ætlað að fara af stað með gerð sólóplötu. Árið 2004 stóð það til, í tilefni af fjörutíu ára tónlistarferli. Þá stóðu Sölvi Blöndal og Kári Sturluson fyrir því að safna saman helstu „hitturunum", nítján lög voru gefin út í samvinnu við Skífuna og kölluð Gullkorn. Þá þótti mér við hæfi að koma með nýtt efni. Í tilefni af sextugsafmælinu ætlaði ég að gera plötu en þetta er áhættusamt og dýrt. Og fann ekki grundvöll til að gera þetta fyrr en núna. Orðinn þetta gamall og ekki er óendanlegur tími. Eins gott að stökkva frekar en hrökkva." Jóhann er ótrúlega frjósamur lagahöfundur og á hundruð laga til að velja úr. Hann segir lög í raun ný þar til þau komi út. Einn lagbútur er frá árinu 1969, þegar hann var í Óðmönnum, en svo var það ekki fyrr en árið 2002 sem hann samdi restina. „Ég kemst náttúrulega aldrei yfir að gefa nema hluta út af þessu efni. Ég hef gert, það sem ýmsir aðrir hafa ekki gert, tekið niður ýmsar klikkaðar hugmyndir, prógressívar, og ekki fyrr en nú að ég ræð við að vinna sumt af þessu efni. Sem mótast þá af tíðarandanum." Og eitt lag er tilbúið, sem reyndar er ekki eftir Jóhann heldur bróður hans Guðmund Reynisson. Gamalt lag sem heitir „Taktu þér tíma" – heldur betur viðeigandi titill.

„Við fengum okkur oft aðeins úr pela fyrir tónleika í Glaumbæ og settum niður hugmyndir. Hann samdi þetta lag og bað mig að senda demó út til Bandaríkjanna í stóra söngvakeppni þar: American Song Festival. Þetta var þegar ég var í Póker. Og þetta náði að komast í úrslit. Lagið hefur alltaf verið að hringla í hausnum á mér síðan. Samdi texta við það fyrir fjórtán árum. Hæggengur og langur „prósess" sem ég er sáttur við," segir Jóhann G. Jóhannsson.

jakob@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 29. júlí 2009**

### Tónleikar

**12.00 Kammerkór Hallgrímskirkju,** Schola cantorum, flytur íslenskar og erlendar kórperlur á hádegistónleikum í Hallgrímskirkju við Skólavörðuholt.

**20.00 Hljómsveitirnar Seabear og Amiina** ásamt Kippa Kanínus og Magga, verða með tónleika í Bæjarbíói við Strandgötu í Hafnarfirði.

**21.00 Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona** og Elísabet Waage hörpuleikari flytja íslensk þjóðlög ásamt sönglögum eftir m.a. Árna Thorsteinsson og Sigvalda S. Kaldalóns á tónleikum í Reykjahlíðarkirkju í Mývatnssveit.



**21.00 The Foghorns** halda útgáfutónleika á Grand Rokk við Smiðjustíg. Einnig kemur fram á tónleikunum Benni Hemm Hemm.

### Síðustu Forvöð

**Á Café Rót** við Hafnarstræti 17 eru til sýnis myndverk eftir Wolfram. Sýningu lýkur á föstudag. Opið kl. 12-23.30.

**Arna Óttarsdóttir og Erla Silfá Hordvik Þorgrímsdóttir** sýna verk í Gallerí Sykri í Molanum, menningar- og tómstundamiðstöð ungs fólks í Kópavogi. Sýningu lýkur 31. júlí. Opið virka daga kl. 9 til 17.

**Sýningu Jón Balvinssonar** í Perlunni við Öskjuhlíð, lýkur 31. júlí. Opið alla daga kl. 10-21.

### Leikrit

**18.00 Leikhópurinn Lotta** sýnir Rauðhettu, nýtt íslenskt leikrit með söngvum þar sem blandast saman ævintýrin Rauðhetta, Grísirnir þrír og Hans og Gréta. Sýningin fer fram í dag í Elliðaárdal í Indíánagili.

### Leiðsögn

**15.30 Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir** safnstjóri verður með leiðsögn um Nesstofu þar sem hún segir frá húsinu og fyrirhugaðri uppbyggingu safnasvæðis í Nesi. Nesstofa er opin alla daga í sumar kl. 13-17 og aðgangur er ókeypis.

# Nískupúkar um helgina

Nískupúkinn verður haldinn hátíðlegur á ölhúsinu Bakkusi nú um verslunarmannahelgina. Jón Pálmar Sigurðsson, einn eigenda skemmtistaðarins, segir Nískupúkann vera fyrir alla þá sem ekki fara út á land um helgina. „Það er ekki beint föst dagskrá hjá okkur en hljómsveitin DLX ATX mun leika og einnig mun Krakkbot taka nokkur lög," segir Jón Pálmar og bætir við að enn eigi fleiri hljómsveitir eftir að bætast við. „Það verður ókeypis inn og ódýrar veigar í boði fyrir gesti. Annars vona ég bara að sem flestir láti sjá sig og að stemningin verði góð," segir Jón Pálmar. - sm



**JÓN PÁLMAR SIGURÐSSON.**


STENDUR ÞÚ SKIL Á ÞÍNU?
Samfélagið er svikið um 40 milljarða vegna svartrar atvinnustarfsemi
Talið er að tekjutap hins opinbera vegna skattsvika nemi nálægt 40 milljörðum á hverju einasta ári. Fyrir þá fjárhæð væri hægt að reka Landspítalann í eitt ár, reka alla almenna heilsugæslu í tvö ár eða byggja nýtt hátæknisjúkrahús.
Hættum að kaupa og selja svarta vinnu!
SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is

### > Komast strákarnir í úrslitaleikinn?

Íslenska 19 ára landsliðið í handbolta stendur sig frábærlega á HM í Túnis en liðið er komið alla leið í undanúrslitin þar sem liðið mætir heimamönnum í dag. „Þetta er búið að vera flott mót og við erum búnir að bæta okkur í hverjum leik,“ sagði Einar Andri Einarsson, annar þjálfara 19 ára landsliðsins. „Liðið hefur fína breidd og þetta er rosalega þéttur og samstilltur hópur,“ segir Einar en leikurinn á móti Túnis hefst klukkan 19.00 á morgun að íslenskum tíma. „Þetta er bara jafn og spennandi leikur sem getur farið hvernig sem er. Við þurfum á öllu okkar að halda til þess að klára það,“ sagði Einar.



**sport**
sport@frettabladid.is

**EINAR HÓLMGEIRSSON:** ER VONGÓÐUR EFTIR AÐ HAFA GENGIST UNDIR AÐRA HNÉAÐGERÐINA Á SKÖMMUM TÍMA

# *Fyrri læknirinn hefur greinilega gert tóma vitleysu*

Handknattleikskappinn Einar Hólmgeirsson hjá Grosswallstadt í Þýskalandi hefur undanfarið verið frá vegna meiðsla á hné en hann fór fyrir skömmu í sína aðra aðgerð á tólf vikum og í þetta skiptið hjá öðrum lækni en þeim sem fyrr skar. Einar er vongóður um að fá nú loks bót meina sinna eftir að fyrri aðgerðin skilaði litlum bata.

„Þetta gekk bara ágætlega núna, vona ég. Það eru tólf vikur síðan ég var skorinn upp síðast og endurhæfingin gekk erfiðlega eftir þá aðgerð og því var ég skorinn upp aftur núna. Ég var ekki ánægður með síðasta lækninn og fór því á annan spítala í þetta skiptið og þeir opnuðu hnéð á mér þar. Þetta leit víst ekkert alltof vel út og hnéð var illa bólgið og frekar djúpar brjóskskemmdir í því og allt bendir til þess að sá sem skar mig fyrst upp hafi gert tóma vitleysu bara. Hinir læknarnir hreinsuðu hins vegar vel til í hnéskelinni og lærleggnum og reyndu að ná bólgunum úr þessu. Ég var líka búinn að fá mikið af sprautum í hnéð og hafði spilað aðeins á þessu og það hefur eflaust ekki hjálpað til. Þeir gáfu mér annars vonir um góðan bata,“ segir Einar vongóður.



Einar gat vegna hnémeiðslanna ekki gefið kost á sér í síðustu landsleiki Íslands í undankeppni EM og segir að sama skapi ómögulegt að sjá í spilunum hvort hann verði kominn aftur í sitt besta stand fyrir lokakeppnina í Austurríki í byrjun næsta árs.

„Nú tekur við tólf vikna pása að nýju á meðan hnéð er að ná sér og síðan kemst ég vonandi á fullt í endurhæfingunni. Ef allt gengur að óskum þá ætti ég að geta byrjað að spila eftir fjórtán vikur. Ég verð hins vegar að vera rólegur og gefa hnénu tíma þar sem þetta var orðið svo illa farið. Það væri gott ef ég gæti byrjað að spila í nóvember og væri þá kominn á fulla ferð í desember eða janúar. Ég þarf annars að einbeita mér að því að spila vel með Grosswallstadt áður en ég spái í íslenska landsliðið og EM. Það er enn langur tími til stefnu og maður verður að vera jákvæður í þessu og duglegur í endurhæfingunni.“



**AFTUR Í KEFLAVÍK** Haraldur í leik með Keflavík 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Haraldur Freyr til Keflavíkur:

## Heima er best

**FÓTBOLTI** Haraldur Freyr Guðmundsson mun leika með Keflavík út tímabilið en hann skrifaði undir samning við félagið í gær. Hann er enn einn Keflvíkingurinn sem snýr heim. Hólmar Örn Rúnarsson, Hörður Sveinsson og Jóhann Birnir Guðmundsson komu aftur í fyrra og þeir Hauk-ur Ingi Guðnason og Guðmundur Steinarsson á þessu tímabili.

Haraldur hefur æft með Keflavík síðan samningi hans við Apollon Limassol á Kýpur var rift. Haraldur lék síðast með Keflavík 2004 en hélt síðan til Noregs í atvinnumennsku áður en hann hélt til Kýpur.

Það er klásúla í samningi Haraldar við Keflavík þess að finni hann ekki erlent lið eftir sumarið muni hann leika áfram með félaginu á næsta ári.

- egm

# Ætlar bara að fara á HM í staðinn

**„Ég veit ekki hvort ég grét meira út af sársauka eða tímasetningu,“ sagði Blikinn Harpa Þorsteinsdóttir sem missir af EM í Finnlandi eftir að hún fótbrotnaði í bikarleik á móti Fylki á sunnudaginn.**

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið er á leiðinni á EM í Finnlandi í næsta mánuði og allar bestu knattspyrnukonur landsins hafa lagt mikið á sig við að undirbúa sig sem best fyrir fyrsta stórmót hjá A-landsliði Íslands í fótbolta. Ein af þeim var Harpa Þorsteinsdóttir hjá Breiðabliki en EM-draumurinn hennar dó snöggtega á sunnudaginn þegar hún varð fyrir því að fótbrotna í undanúrslitaleik VISA-bikars kvenna á móti Fylki.

„Ég veit ekki hvort ég grét meira út af sársauka eða tímasetningu. Ég var búin að stefna á þetta mót lengi. Ég held að ég hafi sjaldan verið í betra formi þannig að þetta er mjög svekkjandi,“ segir Harpa.

„Ég er á undan í boltann og hún tekur fótinn. Þetta var algjört slys að sjálfsögðu því það ætlar sér enginn að fótbrjóta neinn. Þetta er bara boltinn,“ sagði Harpa en Fylkisstelpan sem varð fyrir því að fótbrjóta hana hefur þó ekki haft samband við hana eftir atvikið.

„Ég er búin að tala við landsliðsþjálfarann og einhverja aðila hjá KSÍ. Margar af stelpunum hafa líka talað við mig þannig að ég er búin að fá flottan stuðning,“ segir Harpa sem meiddist strax á



**GÓÐ HEIMSÓKN** Félagar Hörpu í Breiðabliki heimsóttu hana í gær og veittu henni stuðning. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

4. mínútu leiksins og var í kjölfarið flutt á sjúkrahús.

„Ég fór upp á slysadeild og þar kom í ljós að minni súlan í leggnum var brotin. Ökklinn var líka gliðnaður þannig að ég þurfti að fara í aðgerð. Ég fór í aðgerðina um leið og ég gat og það gekk allt mjög vel fyrir sig. Næsta skref er að vera með löppina upp í loft næstu sex vikurnar. Ég á að fara aftur í röntgen og endurmat í september,“ segir Harpa og bætir við:

„Ég veit voðalega lítið en ég fékk upplýsingar frá Reyni Björnssyni landsliðslækni um að það væru að minnsta kosti fjórir til sex mánuðir þangað til ég get farið að beita fætinum eitthvað aftur,“ segir Harpa.

Harpa játar að hún hafi sjaldan verið jafnörugg með sæti sitt í landsliðshópnum og nú enda hefur hún spilað mjög vel með Blikum í sumar. „Þetta eru eiginlega fyrstu meiðslin sem ég lendi í. Tímasetningin er líka enn grátlegri í því ljósi. Maður verður bara að hugsa þannig að það komi annað stórmót eftir þetta. Ég fer bara á HM í staðinn,“ segir Harpa með sannfæringarkrafti og vonandi rætist draumur hennar eitthvert annað ár.

Erna Björk Sigurðardóttir, fyrirliði Breiðabliks, og félagar hennar og Hörpu úr Breiðabliksliðinu heimsóttu hana í gærkvöldi. „Þetta er fyrst og fremst ömurlegt fyrir hana sjálfa að missa af endinum á tímabilinu með Breiðabliki og svo að missa af EM með landsliðinu. Þetta er líka mjög leiðinlegt fyrir Breiðablik því við erum ekki með það breiðan hóp. Þetta er mikill missir fyrir okkur,“ segir Erna og hún segir að Harpa hafi lagt mikið á sig við að undirbúa sig sem best fyrir EM.

Harpa er viss um að Blikastelpurnar spjari sig án hennar. „Ég mun sýna þeim andlegan stuðning og ég hef engar áhyggjur því ég veit að þær klára þetta fyrir mig,“ segir Harpa að lokum.

ooj@frettabladid.is




Golfferðir

Ódýrar golfferðir til Spánar
með Express ferðum

Hotel Villaitana
Lúxushótel
137.300 kr.
7 nætur með hálfu fæði
7 hringir

Oliva Nova
Lúxushótel
119.800 kr.
7 nætur
Ótakmarkað golf

Nánari upplýsingar á www.expressferdir.is, í símum 550 0692 og 664 0631 eða í tölvupósti, info@expressferdir.is

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express




**ÆFÐU Á VALBJARNARVELLINUM** Gunnar Oddsson stýrði æfingu hjá Þrótti en líkur eru á því að þetta hafi hugsanlega verið síðasta æfingin hans með liðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Enn óvissa í kringum þjálframálin hjá Þrótturum:

## Síðasta æfingin í gær?

**FÓTBOLTI** Gunnar Oddsson stýrði æfingu hjá Þrótti í gær en það gæti svo farið að það hafi verið hans síðasta æfing með liðið.

„Það er óbreytt ástand,“ sagði Gunnar Oddsson, þjálfari Þróttar, þegar Vísir náði í hann í gær. „Næsta skref hjá mér er bara æfing. Það er hefðbundin æfing daginn eftir leik,“ sagði Gunnar sem sagði að tíminn þyrfti að leiða í ljós hvort staða mála myndi breytast.

Þróttur er á botni Pepsi-deildarinnar og hefur tapað síðustu tveimur leikjum sínum með markatölunni 1-5. Gunnar sagðist vera að íhuga sína framtíð hjá félaginu eftir tapleikinn á móti KR.

Stjórn Þróttar fundaði um framtíð Gunnars í gær en Gunnar sjálfur tók ekki þátt í þeim fundi. Ekki náðist í forráðamenn Þróttar í gær til þess að fá að vita niðurstöðu fundarins.

Næsti leikur Þróttar er miðvikudaginn 5. ágúst gegn Fjölni en næstu tveir leikir liðsins eru einmitt á móti liðunum sem eru næst þeim í töflunni, Fjölni og Grindavík. Þróttur er fjórum stigum á eftir þessum liðum.

- óój / egm

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Pepsi-deild kvenna*

KR-Afturelding/Fjölnir 3-0
1-0 Lilja Dögg Valþórsd.(9.), 2-0 Sonja Björk Jóhannsd. (35.), 3-0 Dagmar M. Gunnarsd. (88.)

### *1. deild karla*

ÍR-Þór 1-0
1-0 Árni Freyr Guðnason (25).
KA-Leiknir R. 0-2
0-1 Helgi Pjetur Jóhannsson (41.), 0-2 Kristján Páll Jónsson (55.)..
Haukar-Afturelding 3-0
Víkingur R.-Selfoss 1-2
0-1 Jón Guðbrandsson (54.), 1-1 Daníel Hjaltason (79.), 1-2 Agnar Bragi Magnússon (86.).
ÍA-Fjarðabyggð 3-1

**STAÐA EFSTU LIÐA Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Selfoss** | **14** | **10** | **2** | **2** | **27-15** | **32** |
| Haukar | 14 | 7 | 4 | 3 | 27-17 | 25 |
| **HK** | **14** | **7** | **2** | **5** | **25-20** | **23** |
| Fjarðabyggð | 14 | 7 | 2 | 5 | 25-22 | 23 |
| **Víkingur** | **14** | **6** | **3** | **5** | **26-21** | **21** |
| KA | 14 | 5 | 5 | 4 | 18-14 | 20 |
| **ÍR** | **14** | **6** | **1** | **7** | **26-32** | **19** |



**SJÖ STIGA FORSKOT** Guðmundur Þórarinsson og félagar eru í góðri stöðu á toppi 1. deild karla. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



FYRIR ALLA SEM HAFA VERIÐ ...ERU ...VILJA VERA ...EÐA NEITA AÐ VERA Í SAMBANDI
JÓHANNES HAUKUR ER
HELLISBÚINN
EFTIR ROB BECKER
VINSÆLASTI EINLEIKUR ALLRA TÍMA!
FRUMSÝNDUR 3. SEPTEMBER Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI
„Brjálæðislega fyndinn!
Allir sem vilja skilja hitt kynið ættu að sjá Hellisbúann“
– John Gray, Karlmenn eru frá Mars, konur eru frá Venus
LEIKSTJÓRI: RÚNAR FREYR GÍSLASON
AÐALHLUTVERK: JÓHANNES HAUKUR JÓHANNESSON
ÞÝÐING: SIGURJÓN KJARTANSSON
WWW.HELLISBUINN.IS
Miðasala hefst 6. ágúst á midi.is og í síma 540 9800
Vertu í sambandi vid Hellisbúann á FACEBOOK
THEATER MOGUL
bravó!



> **Hugh Grant**

„Ég fæ send mörg rómantísk handrit. Ég hafna um 99% af þeim því oftast eru þau grafalvarleg og ég sækist frekar eftir gamansömum hlutverkum.“

***Hugh Grant fer með hlutverk tónlistarmannsins Alex Fisher í myndinni Music and Lyrics sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ALMA GUÐMUNDSDÓTTIR **FYLGIST MEÐ FJÁRFESTUM TAKA ÁHÆTTUR**

## *Fjárfest í misgóðum hugmyndum*

Ég festist fyrir framan sjónvarpið þegar ég sá Dragon's Den í fyrsta sinn fyrir tilviljun á BBC 2. Þátturinn fór fyrst í loftið í ársbyrjun 2005, en hefur notið vaxandi vinsælda síðan og er sjöunda þáttaröðin nú í gangi, þar sem fjárfestarnir, eða „drekarnir“ Duncan Bannatyne, James Caan, Deborah Meaden, Peter Jones og Theo Paphitis hafa heitið því að fjárfesta fyrir 5,5 milljónir punda. Það er ekki furða að þátturinn sé svona vinsæll því þarna fær venjulegt fólk að kynna uppfinningar sínar í von um að drekarnir vilji fjárfesta í hugmyndinni, en allir hafa þeir efnast gífurlega á eigin viðskiptum. Þrátt fyrir að vera moldríkir vilja þeir að sjálfsögðu fjárfesta skynsamlega og kalla ekki allt ömmu sína þegar kemur að hugmyndum fólks sem oft eru vægast sagt stórfurðulegar. Svo sem hanski sem minnir mann á það á hvaða akrein skuli aka og gervineglur fyrir ketti.



**DRAGON'S DEN** „Drekarnir“ í Dragon's den munu fjárfesta fyrir 5,5 milljónir punda í nýrri þáttaröð.

Fólk þarf að vera með allt sitt á hreinu þegar það kemur fram fyrir drekana og kynnir hugmynd sína. Til dæmis eftir hve miklu fé það leitar og hvað það er tilbúið að gefa eftir stóran hlut í staðinn, en ef drekarnir bjóða fram minna fé en fólk biður um fær það ekki neitt. Drekarnir spyrja út í allar mögulegar staðreyndir, hugsanlegan hagnað, kostnað við framleiðslu og fleira. Eitt rangt svar eða óöryggi getur kostað neitun og lítillækkun frá drekunum, en sniðug framsetning, sjálfsöryggi og sannfæringarkraftur getur selt þeim ótrúlegustu hluti. Til dæmis fékk reggae-tónlistarmaður að nafni Levi Roots fjármagn til að koma á markað grillsósu sem hann kallar „Reggae reggae sauce“ og er orðinn milljónamæringur í kjölfarið.

Dragon's Den hefur nú verið útfærður í tæplega tuttugu löndum og ég er viss um að íslensk útgáfa af þættinum yrði ekki síður vinsæl. Það er bara spurning hvaða Íslendingar gætu verið í hlutverki drekanna í dag og fjárfest óspart?

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **16.25** Man. Utd. - Boca Juniors, beint STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **17.40** X-Files STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.35** Ljóta Betty SJÓNVARPIÐ



▶ **20.55** The Closer STÖÐ 2



▶ **21.50** How to Look Good Naked SKJÁREINN

### SJÓNVARPIÐ

**16.05 Út og suður** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Púkka** (18:26)

**17.55 Gurra grís** (97:104)

**18.00 Disneystundin** Gló magnaða, Sígildar teiknimyndir og Nýi skólinn keisaranns.

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

▶**19.35 Ljóta Betty** (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York.

**20.20 Fréttir aldarinnar** Ómar Ragnarsson fjallar um helstu fréttir síðustu aldar.

**20.25 Fréttir aldarinnar**

**20.40 Kingdom lögmaður** (Kingdom II) (2:6) Breskur gamanmyndaflokkur um lögmanninn Peter Kingdom sem býr og starfar í smábæ í sveitasælunni í Norfolk.

**21.30 Trúður** (Klovn II) (e)

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Á landamærum ljóðs og dauða** (Learning Gravity) Bresk heimildamynd um útfararstjórann Thomas Lynch sem yrkir sér til hugarhægðar.

**23.20 Íslenska golfmótaröðin** (4:6) Þáttaröð um Íslandsmótið í golfi. (e)

**23.50 Mótókross** (e)

**00.20 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.05 Throw Momma from the Train**

**10.00 Cats & Dogs**

**12.00 Music and Lyrics**

**14.00 Annie**

**16.05 Throw Momma from the Train**

**18.00 Cats & Dogs**

**20.00 Music and Lyrics** Rómantísk gamanmynd um Alex Fisher, útbrunninn tónlistarmann sem býðst að semja lag fyrir skæra poppstjörnu.

**22.00 Cake. A Wedding Story**

**00.00 Marines**

**02.00 Mean Creek**

**04.00 Cake. A Wedding Story**

**06.00 Coming to America**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Könnuðurinn Dóra, Stóra teiknimyndastundin og Bratz.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (21:26)

**10.00 Doctors** (22:26)

**10.30 Tekinn 2** (4:14)

**11.00 Gilmore Girls**

**11.50 Gossip Girl** (15:25)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (243:260)

**13.25 E.R.** (1:22)

**14.25 Creature Comforts** (4:7)

**14.50 The O.C. 2** (6:24)

**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ben 10, Dynkur smáeðla og Stóra teiknimyndastundin.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (14:25)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons**

**19.45 Two and a Half Men** (16:19)

**20.10 Gossip Girl** (25:25)

▶**20.55 The Closer** (14:15) Brenda Leigh Johnson leiðir sérstaka morðrannsóknadeild innan lögreglunnar í Los Angeles.

**21.40 Monarch Cove** (7:14) Rómantískir og spennandi dramaþættir um konu sem snýr aftur til heimabæjar síns, Monarch Cove, eftir að hafa afplánað sex ára fangelsisdóm fyrir morð á föður sínum.

**22.25 Love You to Death** (7:13) Þættir þar sem sögð er dagsönn saga af sakamálum sem tengjast hjónum og ástríðuglæpum.

**22.50 Sex and the City** (17:18)

**23.15 In Treatment** (11:43)

**23.45 The Mentalist** (23:23)

**00.30 Eleventh Hour** (2:18)

**01.15 E.R.** (1:22)

**02.00 Sjáðu**

**02.30 Box 507**

**04.15 The Closer** (14:15)

**05.00 Love You to Death** (7:13)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**18.00 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.

**18.30 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

**19.25 Meistaradeildin í golfi 2009** Skemmtiþáttur um golf. Fylgst með Meistaradeildinni í golfi, kylfingar teknir tali, golfkennsla skoðuð og einnig verða íslenskir golfvellir skoðaðir.

**19.55 Pepsímörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

**20.55 Chelsea - Liverpool** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

**22.35 10 Bestu - Ásgeir Sigurvinsson** Áttundi þátturinn af tíu í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.

**23.25 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem. Doyle Bronson, Chris Moneymaker, Daniel Negreanu, Gus Hansen, Chris „Jesus“ Ferguson, Johnny Chan og fleiri magnaðir spilarar sýna áhorfendum hvernig atvinnumenn spila póker.

### SPORT 2 *enski boltinn*

▶**16.25 Man. Utd. - Boca Juniors** Bein útsending frá leik í Audi Cup.

**18.40 Bayern Munich - AC Milan** Bein útsending frá leik í Audi Cup.

**20.40 PL Classic Matches** Liverpool - Man Utd, 99/00. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.10 PL Classic Matches** Chelsea - Man Utd, 1999. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.40 Man. Utd. - Boca Juniors** Útsending frá leik Man. Utd og Boca Juniors.

**23.20 Bayern Munich - AC Milan** Útsending frá leik í Audi Cup.

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.30 Matarklúbburinn** (6:8) (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Matarklúbburinn** (6:8) (e)

**12.30 Pepsi MAX tónlist**

**17.35 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.20 Style Her Famous** (13:20) (e)

**18.50 Design Star** (1:9) (e)

**19.40 Psych** (6:16) Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. (e)

**20.30 Monitor** (6:8) Skemmtiþáttur fyrir ungt fólk. Kynnir þáttarins er Erna Bergmann.

**21.00 Britain's Next Top Model** (5:10) Bresk raunveruleikasería þar sem leitað er að nýrri ofurfyrirsætu. Stúlkurnar fá kurteiskennslu og þeim er sýnt hvernig hefðardömur eiga að haga sér.

▶**21.50 How to Look Good Naked** (5:8) Núna hjálpar Carson konu sem ætlar er að snúa aftur til vinnu eftir barneignarfrí en er orðinn hlédræg og óörugg með sjálfa sig.

**22.40 Penn & Teller. Bullshit** (31:59) Skemmtilegur þáttur þar sem háðfuglarnir Penn & Teller leita sannleikans. Takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lygalaupa með öllum tiltækum ráðum.

**23.10 CSI** (11:24) (e)

**00.00 The Dudesons** (3:8) (e)

**00.30 Pepsi MAX tónlist**

### ÍNN

**20.00 Neytendavaktin** Þáttur um málefni neytenda í umsjón Ragnhildar Guðjónsdóttur.

**20.30 Óli á Hrauni** Þáttur um stjórnmál í umsjón Ólafs Hannessonar.

**21.00 Reykjavík – Vestmannaeyjar – Reykjavík** Opinber heimsókn ÍNN til Vestmannaeyja. Umsjón Árni Árnason og Snorri Bjarnvin Jónsson.

**21.30 Eldum íslenskt** Matreiðsluþáttur með íslenskar búvörur í öndvegi.

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

### Gossip Girl

Það er komið að lokaþætti þessara vinsælu framhaldsþátta sem byggðir eru á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Hver verða örlög Serenu, Dans, Jenny og krakkanna? Ná Blair og Chuck loksins saman? Dramatískur lokaþáttur með óvæntum uppákomum.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Monitor

### Skjáreinn kl. 20.30

Skemmtiþáttur fyrir ungt fólk sem unninn er af tímaritinu Monitor. Í þættinum í kvöld verður m.a. litið á uppistand á Prikinu, Atli tekur viðtal við Árna Johnsen og Lambi tekur púlsinn á túristum. Kynnir þáttarins er sem fyrr Erna Bergmann.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunfrúin
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með Ellen Kristjánsdóttur
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Á sumarvegi
**14.03** Söngvamál
**15.03** Útvarpssagan: Ljósið í vatninu
**15.25** Með flugu í höfðinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Á sumarvegi
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Fólk og fræði
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Syndin er lævís og lipur
**22.45** Kvöldtónar
**23.10** Vistaskipti
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (242:260)

**17.15 Hollyoaks** (243:260)

▶**17.40 X-Files** (22:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.

**18.25 Seinfeld** (13:24)

**18.45 Hollyoaks** (242:260)

**19.15 Hollyoaks** (243:260)

**19.40 X-Files** (22:24)

**20.25 Seinfeld** (13:24)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.20 Ísland í dag**

**21.40 The Loop** (10:10) Sam er yngsti stjórnandinn hjá stóru flugfélagi og er með yfirmann sem gerir óeðlilegar kröfur til hans. Heimilisaðstæðurnar eru einnig nokkuð skrautlegar þar sem hann býr með bróður sínum og tveimur vinkonum þeirra sem vilja þau stunda samkvæmislífið aðeins meira en Sam ræður við.

**22.05 Bones** (21:26) Dr. Temperance „Bones“ Brennan réttarmeinafræðingur er til ráðgjafar í allra flóknum morðmálum.

**22.50 Little Britain** (6:6) Stöð 2 rifjar upp þættina sem slógu svo rækilega í gegn með þeim félögunum Matt Lucas og David Williams.

**23.20 My Name Is Earl** (18:22) Jason Lee er í hlutverk i Earls, sem rembist áfram við að bæta fyrir misgjörðir sínar með æði misjöfnum árangri.

**23.45 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum.

**00.15 The Loop** (10:10)

**00.40 Fréttir Stöðvar 2**

**01.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.05** Only Fools and Horses **10.35** Absolutely Fabulous **11.05** Only Fools and Horses **11.35** Absolutely Fabulous **12.05** My Hero **12.35** After You've Gone **13.05** Only Fools and Horses **13.35** Absolutely Fabulous **14.05** The Weakest Link **14.50** My Hero **15.20** After You've Gone **15.50** Only Fools and Horses **16.20** Absolutely Fabulous **16.50** EastEnders **17.20** The Weakest Link **18.05** My Hero **18.35** After You've Gone **19.05** Coupling **19.30** Little Britain **20.00** Dalziel and Pascoe **20.50** Coupling **21.20** Little Britain **21.50** EastEnders **22.20** The Weakest Link **23.05** Dalziel and Pascoe **23.55** Coupling

## DR 1

**11.00** Onskehaven **11.30** Så for sommer **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** Flight 29 savnes! **13.20** Grusom tosomhed **13.30** SommerSummarum **13.35** Svampebob Firkant **13.55** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** PLING BING **16.00** Supernabo **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** En Kongelig Familie **18.00** Kender du typen? **18.30** Politiskolen **19.00** TV Avisen **19.25** SommerVejret **19.35** Post Danmark Rundt 2009 **20.00** Killer Net **21.40** Onsdags Lotto **21.45** Höök **22.45** Seinfeld

## NRK 1

**10.30** Norge rundt jukeboks **11.30** Sport Jukeboks **12.30** Svisj gull jukeboks **13.55** Da jeg traff Jesus ... med sprettert! **15.20** Litt som deg **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Olivia **16.10** Didrik og Dorte **16.20** Postmann Pat - Spesialpakkeservice **16.35** Leon **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Millionær i forkledning **18.20** Hege & Holmen **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Sporlost forsvunnet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Empire Falls **23.00** Skilt! **23.30** Du skal hore mye jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Färöponnyn - den färöiska hästen **10.35** Med kådade händer **12.20** Vänd dem inte ryggen **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Hedebyborna **15.55** Anslagstavlan **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Simning **17.30** Rapport **17.50** Regionala nyheter **18.00** Uppdrag granskning - sommarspecial **19.00** Hunter **20.00** Mördare okänd **21.40** Himmelblå **22.25** Sommarkväll med Anne Lundberg **23.25** Sändningar från SVT24


# BYLGJAN

## VERÐUR SPRELLLIFANDI OG SPRÆK ALLA VERSLUNARMANNAHELGINA

Bylgjufólkið verður í ferðagírnum: Hemmi og Svansí verða í spánnýjum stuttbuxum. Heimir, Kolla og Gulli ætla að vera enn hressari en Simmi og Jói sem verða þó hressari en nokkru sinni fyrr. Þorgeir, Bragi og Ásgeir Páll verða í vöðlunum og Siggi Ragg, Rúnar Róberts og Ívar Halldórs verða með opinn flugmiða. Sigurjón M. Egilsson verður með útigrillið sitt á Sprengisandi. Vertu með Bylgjunni alla verslunarmannahelgina og þú missir ekki af neinu.










## VERSLUNARMANNAHELGIN 2009 Á BYLGJUNNI

**Föstudagur:**
06.50 – 09.00 Í bítið - Heimir og Gulli
09.00 – 13.00 Sigurður Ragnarsson
13.00 – 16.00 Rúnar Róbertsson
16.00 – 18.30 Reykjavík síðdegis - Þorgeir, Bragi og Ásgeir Páll
18.30 – 19.00 Fréttir
19.00 – 22.00 Hemmi, Svansý og Bragi
22.00 – 03.00 Partývaktin - Ásgeir Páll

**Laugardagur:**
09.00 – 12.00 Simmi og Jói
12.00 – 16.00 Hemmi, Svansí og Bragi
16.00 – 18.30 Veistu hver ég var? – Gulli Helga
18.30 – 19.00 Kvöldfréttir
19.00 – 22.00 Bragi Guðmundsson
22.00 – 03.00 Partývaktin – Ásgeir Páll

**Sunnudagur:**
08.00 – 10.00 Bestu bitar vikunnar
10.00 – 12.00 Sprengisandur – Sigurjón M. Egilsson
12.00 – 16.00 Heimir, Kolla og Bragi
16.00 – 18.30 Veistu hver ég var? – Gulli Helga
18.30 – 19.00 Kvöldfréttir
19.00 – 22.00 Bragi Guðmundsson
22.00 – 03.00 Partývaktin – Ásgeir Páll

**Mánudagur:**
09.00 – 12.00 Ívar Halldórsson
12.00 - 16.00 Heimir, Kolla og Bragi
16.00 – 18.30 Bragi Guðmundsson
18.30 – 19.00 Kvöldfréttir
19.00 – 23.00 Ívar Halldórsson

**REYKJAVÍK OG SUÐVESTURHORNIÐ:**
Reykjavík - 98,9
Mosfellsbær - 91,4
Grindavík - 96,0

**NORÐURLAND:**
Hrútafjarðarháls - 99,5
Blönduós - 98,9
Skagafjörður - 97,9
Siglufjörður - 102,3
Ólafsfjörður - 100,6
Dalvík - 97,9
Akureyri og nágrenni - 92,7
Húsavík - 100,9
Raufarhöfn og Þórshöfn - 100,5

**VESTFIRÐIR:**
Patreksfjörður - 101,3
Bolungarvík - 94,9
Ísafjörður og nágrenni - 97,9
Tálknafjörður - 104,1

**VESTURLAND:**
Borgarnes - 91,7
Borgarfjörður - 96,4
Borgarfjörður, Skorradalur - 101,9
Ólafsvík - 92,1
Grundarfjörður - 104,1
Stykkishólmur - 100,9
Búðardalur - 97,9

**AUSTURLAND:**
Vopnafjörður - 104,1
Egilsstaðir - 98,9
Seyðisfjörður - 89,7
Neskaupstaður - 98,9
Eskifjörður - 97,9
Reyðarfjörður - 94,8
Fáskrúðsfjörður - 103,0
Hornafjörður - 100,9
Djúpivogur - 104,1
Stöðvarfjörður - 98,9

**SUÐURLAND:**
Kirkjubæjarklaustur - 97,9
Mýrdalssandur og Skeiðarársandur - 94,5
Vík í Mýrdal - 100,9 og 94,5
Vestmannaeyjar - 100,9
Laugarvatn og Flúðir - 91,8
Selfoss, Hveragerði og Þorlákshöfn - 97,9

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Mér finnst besti bitinn vera kjúklingaborgarinn á veitingastaðnum Saffran.*

Sigríður Torfadóttir Tulinius listanemi.

# Blíða í Eyjum um verslunarmannahelgi

„Norðaustanátt býður upp á himneska blíðu í Eyjum,“ segir Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur um veðrið um verslunarmannahelgina. Ekkert í kortunum gefur tilefni til að túlka veðrið á margvíslegan máta. „Venjulegt veður sem fylgir hægri vindátt milli norðurs og austurs. Blæs úr þeim geiranum. Þessi vindátt er heppileg fyrir Vestmannaeyjar. Þá er skjól af Mýrdals- og Eyjafjallajökli.“ Einhver lægðartrunta er að vesenast fyrir sunnan og suðaustan land en virðist ætla að strauja fram hjá landinu. Má litlu muna að hún sendi úrkomusvæði inn á landið en það gæti sloppið. Einar treystir sér ekki til að spá fyrir um veður næstu helgar að þriðjudegi – hvað þá fyrir einstaka landshluta og svæði.

Áhættusæknari veðurfræðingur er Sigurður Þ. Ragnarsson – Siggi stormur – enda hópur á Facebook sem skorar á hann að hafa gott veður um verslunarmannahelgi. Siggi segir veðurhorfur hagstæðar og vind í lágmarki á meginhluta landsins. Helst að blási norðvestanlands. „Á norðurhluta landsins verður fremur skýjað en þegar líður á helgina vaxa úrkomulíkur á öllum norðurhluta landsins. Suðurlandið verður sólríkt, ýmist hálfskýjað eða léttskýjað meginhluta helgarinnar og hitinn þar 12-16 stig að deginum. Rétt er að nefna að fallið geta síðdegisskúrir sunnanlands á föstudag.“

- jbg



**EINAR SVEIN-BJÖRNSSON** Norðaustan átt er hagstæð fyrir Vesta-



**SIGGI STORMUR** Veðurhorfur hagstæðar fyrir landið allt.



**LÁRÉTT**
2. mælieining, 6. komast, 8. framkoma, 9. espa, 11. átt, 12. tími, 14. skýli, 16. tveir eins, 17. sakka, 18. hamfletta, 20. tvíhljóði, 21. óskerta.

**LÓÐRÉTT**
1. hvæs, 3. hvort, 4. fugl, 5. kæla, 7. vinsæll, 10. umfram, 13. til sauma, 15. innyfli, 16. þjálfa, 19. málmur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. desí, 6. ná, 8. fas, 9. æsa, 11. na, 12. stund, 14. skáli, 16. ææ, 17. lóð, 18. flá, 20. au, 21. alla.

**LÓÐRÉTT:** 1. fnæs, 3. ef, 4. sandlóa, 5. ísa, 7. ástsæll, 10. auk, 13. nál, 15. iður, 16. æfa, 19. ál.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Jón Gnarr og Sigurjón Kjartansson.
2. Paul Krugman.
3. Á Spáni, 18,7 prósent.

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið

HEIMIR SVERRISSON: MYNDBAND GUSGUS OF GRÓFT FYRIR ÞÝSKALAND

# Typpið á Daníel Ágústi fer fyrir brjóstið á Þjóðverjum

„Það var eitt nektaratriði í myndbandinu þar sem sést óljóst í liminn á Daníel Ágústi og það fór eitthvað fyrir brjóstið á þýsku sjónvarpsstöðvunum,“ segir Heimir Sverrisson kvikmyndagerðarmaður. Heimir leikstýrir nýju myndbandi hljómsveitarinnar Gusgus ásamt Jóni Atla Helgasyni. Þjóðverjar hafa verið þekktir fyrir margt annað en tepruskap en þrátt fyrir það þótti þýskum sjónvarpsstöðvum myndbandið of gróft fyrir áhorfendur sína. „Mér finnst það mjög skrítið því ég hef oft heimsótt Þýskaland og horft á þýskt sjónvarpsefni sem er mun grófara en myndbandið okkar,“ segir Heimir undrandi.

Umrætt myndband er við lagið Ad this song, sem er jafnframt fyrsta smáskífan af væntanlegri plötu Gusgus. Heimir Sverrisson segir útgáfufyrirtæki hljómsveitarinnar hafa verið mjög ánægt með myndbandið en þegar verið var að kynna það fyrir yfirmönnum þýsku sjónvarpsstöðvanna þótti þeim myndbandið of gróft og neituðu að taka það til sýningar. Vandinn hefur þó verið leystur, því Heimir lét klippa atriðið úr myndbandinu og hefur nú þegar sent nýja og barnvænni útgáfu til Þýskalands.

„Við ætlum að setja upprunalegu útgáfuna á netið, þannig að fólk getur nálgast hana á heimasíðu hljómsveitarinnar eða á youtube.com. Ég vona bara að myndbandið fái að vera í friði þar.“

Heimir segist nú vera að undirbúa tökur á myndbandi fyrir aðra smáskífu Gusgus. „Það er engin nekt í því myndbandi þannig að það ætti ekki að valda okkur of miklum vandræðum,“ segir Heimir að lokum. Myndbandið við Ad this song verður frumsýnt 31. ágúst.

sara@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**SVEKKTIR LEIKSTJÓRAR** Viðbrögð Þjóðverja komu leikstjórum myndbandsins, þeim Heimi Sverrissyni og Jóni Atla Helgasyni, mjög á óvart.





**OF GRÓFIR** Nýtt tónlistarmyndband hljómsveitarinnar Gusgus þótti of gróft fyrir þýskar sjónvarpsstöðvar.



## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Árni Páll Árnason** félagsmálaráðherra hefur verið óvenjulega óheppinn með dýr sín að undanförnu. Þannig fengu hross hans illyrmislega pest og drápust eins og frá var greint í fréttum. Þá veiktist ástkær heimilishundur hans, labradortík til sex ára, af krabbameini. Og svo pirruð varð hún á veikindunum að hún, þessi vinalega tík sem hún annars alltaf var, glefsaði í vin sinn, nágrannakonu, og var aflífuð í kjölfarið.

**Baltasar Kormákur** dvelur nú um stundir á sveitasetri sínu norður í landi og safnar kröftum fyrir stórátökin sem fram undan eru – þau að hefja tökur á stórmyndinni Víkingr. Hann gaf sér þó tíma til að taka á móti tónlistarstjóra myndar sinnar Inhale sem býður frumsýningar. James Newton Howard hefur verið staddur á Íslandi undanfarna daga, dvaldi á 101 hóteli og skoðaði sig um á Íslandi – en flaug af landi brott í gær. Howard þessi er enginn aukvisi, hefur hlotið ótal verðlaun fyrir kvikmyndatónlist sína við myndir svo sem My Best Friends Wedding, The Village, Interpreter og Batman Begins svo dæmi séu nefnd auk tónlistar við ER-sjónvarpsþættina. Þá hefur Howard átta sinnum verið tilnefndur til Óskarsverðlauna.



- jbg




# Fleiri útlendingar á Gay Pride

„Hinsegin-hátíðin er önnur stærsta hátíðin í Reykjavík. Fyrst er menningarnótt og svo er Gay Pride, en 17. júní er í þriðja sæti,“ segir Ásdís Þórhallsdóttir, sviðsstjóri Hinsegindaga. Hátíðin fer fram í ellefta sinn í Reykjavík dagana 6.-9. ágúst með fjölbreyttu úrvali atburða og gleðigöngu laugardaginn 8. ágúst.

Aðspurður segir Heimir Már Pétursson, framkvæmdastjóri Hinsegin daga, útlit vera fyrir að fleiri útlendingar muni sækja hátíðina nú en undanfarin ár. „Fyrirspurnum að utan sem okkur berast í gegnum heimasíðuna hefur fjölgað og fólk virðist vera að koma alls staðar að, svo sem frá Ástralíu, Bretlandi, Bandaríkjunum og Norðurlöndunum. Sumir hafa lengi viljað heimsækja Ísland en margir koma sérstaklega útaf hátíðinni,“ segir Heimir sem býst við mikilli aðsókn. „Í fyrra voru alls um 70 til 80 þúsund manns á Hinsegin dögum. Það hafa aldrei verið fleiri en þá og við verðum ánægð ef við höldum sama fjölda í ár,“ segir hann.

Lítil búð hefur verið opnuð í kjallaranum á Laugavegi 28 þar sem seldir eru aðgangsmiðar og ýmis varningur í tengslum við hátíðina. „Nokkrir ráðherrar ætla svo að selja svokölluð húlabönd í gleðigöngunni, en sala á þeim er aðal fjáröflunin til að standa undir þessu,“ segir Ásdís. „Þótt það sé kreppa er engin kreppa í gleðinni og við hvetjum sem flesta til að koma niður í bæ og vera „gay for a day“.

- ag



**GLEÐI Á GAY PRIDE** Heimir Már Pétursson og félagar kynna Gay Pride í fyrrasumar. Í ár er búist við fleiri útlendingum en áður. 70-80 þúsund gestir sækja hátíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Landsins stærsta

# Skósprengja

SKECHERS LLOYD RBK ara
ecco PETER KAISER adidas PUMA

Lágmark 50% afsláttur

MIKIÐ ÚRVAL

## Hefst í dag kl 11

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco Laugarvegi - Kringlunni Smáralind

Kaupfélagið Kringlunni - Smáralind

skór.is KRINGLAN • SMÁRALIND

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**










**BAKÞANKAR**
Kolbeins Óttarssonar Proppé


## *Orð eru dýr*

Í þann tíð er þunglyndi var bara orð sem rímaði við pungbindi og fólk eyddi dögum sínum í annað en tal um efnahagshrun og ábyrgð og enginn, utan nokkrir hagfræðingar, hafði hugmynd um hvað verg landsframleiðsla var; þá var þó stundum rætt um stjórnmál á skeri einu í Atlantshafi. Líf áhugamannsins um þjóðmál var tiltölulega einfalt; hann var annaðhvort til vinstri eða hægri og eftir því skilgreindust lífsgildi hans.

**ÞÁ GERÐIST** það dag einn að nútíminn bankaði á dyrnar og reyndist aufúsugestur, enda hafði enginn séð hvað hann geymdi í skjatta sínum. Nútíminn kenndi mönnum að vinstri og hægri væru úrelt, að það væri gamaldags að vilja ekki markaðnum allt, að félagsleg gildi jöfnuðar, réttlætis og bræðralags væru hallærisleg og ekki sæmandi hinum nýja hugsunarhætti.

**OG NÝJUM** tímum fylgdu ný slagorð (af hverju einhver þarf ný slagorð eftir afrek Páls Vilhjálmssonar: Lakkrís lækki, lýsið hækki, er reyndar óskiljanlegt) og ný hugtök. Einkavæðing varð útvistun eða einkarekstur og þeir sem minntu á að samfélagsgerð okkar hefði orðið til í sveita andlits genginna forfeðra okkar voru ekki húsum hæfir. Nei, nú skyldi út með það gamla og inn með hið nýja.

**HÉR** skal á engan hátt amast við hinu nýja, þótt pistillinn hafi hingað til hljómað eins og höfundi þyki síðasta notadrjúga nýjungin hafa verið gúmmístígvél. Nei, hér skal ekki nöldrað yfir nútímanum, enda nóg komið af nöldri og naggi. Hér skal heldur lagt til að menn nýti sér það úr reynslu síðustu áratuga sem kemur þeim áfram til manns. Jafnt hinu nýja sem því gamla.

**KANNSKI** lærum við af þessu öllu að tala skýrt um meiningar okkar en fela þær ekki í framandi orðum. Kannski lærum við að heimta það að þeir sem við veljum til að fara með okkar mál tali enn skýrar. Og kannski, en bara kannski, við lærum að hafna þeim sem annaðhvort tala ekki skýrt eða standa ekki við orð sín, skýr eða óskýr. Og það er ekkert erfitt að tala skýrt. Til þess þurfum við bara að vera sammála um að hvítt þýði hvítt og svart svart.

**ORÐ** eru dýr og geta læknað marga undina. Orðagjálfur er hins vegar aðeins til ama.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 29. júlí 2009, 210. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.25 | 13.34 | 22.41 |
| Akureyri | 3.51 | 13.19 | 22.44 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


